

Ellen G. White Estate



VEGURINN TIL KRISTS

ELLEN G. WHITE

Vegurinn til Krists

Ellen G. White

1962

**Copyright © 2012
Ellen G. White Estate, Inc.**

Information about this Book

Overview

This eBook is provided by the [Ellen G. White Estate](#). It is included in the larger free [Online Books](#) collection on the Ellen G. White Estate Web site.

About the Author

Ellen G. White (1827-1915) is considered the most widely translated American author, her works having been published in more than 160 languages. She wrote more than 100,000 pages on a wide variety of spiritual and practical topics. Guided by the Holy Spirit, she exalted Jesus and pointed to the Scriptures as the basis of one's faith.

Further Links

[A Brief Biography of Ellen G. White](#)
[About the Ellen G. White Estate](#)

End User License Agreement

The viewing, printing or downloading of this book grants you only a limited, nonexclusive and nontransferable license for use solely by you for your own personal use. This license does not permit republication, distribution, assignment, sublicense, sale, preparation of derivative works, or other use. Any unauthorized use of this book terminates the license granted hereby.

Further Information

For more information about the author, publishers, or how you can support this service, please contact the Ellen G. White Estate at mail@whiteestate.org. We are thankful for your interest and feedback and wish you God's blessing as you read.

Efnisyfirlit

| | |
|---------------------------------------|----|
| Information about this Book | i |
| Formáli | 4 |
| Kærleikur Guðs til manna | 5 |
| Syndarinn þarfnast Krists | 10 |
| Iðrun | 14 |
| Játning | 24 |
| Helgun | 28 |
| Að trúá og taka á móti | 32 |
| Prófraun trúarinnar | 37 |
| Að ná Kristsfyllingu | 43 |
| Starfið og lífið | 49 |
| Þekking á Guði | 54 |
| Blessun bænarinna | 59 |
| Hversu snúast ber við efasemdum | 68 |
| Fögnuður í Drottni | 74 |

Formáli

HEITI bókarinnar skýrir hlutverk hennar. Hún leið-ir okkur til Jesú, hins eina, er veitt getur sál okkar frið og leitt okkur reikula og efablandna á “friðarins veg”. Hún leiðir þann, sem réttlætis leitar, fet fyrir fet að vegi hins kristna lífs, til þeirrar blessunar, er þeir njóta, sem gefast í fullkomnu trausti á vald þeirrar náðar, sem vinur syndaranna veitir þeim, er hans leita. Fræðslan, sem er að finna á þessum síðum, hefur fært margri mæddri sál hughreystingu og von og gert mörgum liðsmönnum Meistarans kleift að feta af meira trúnaðartrausti og ríkari fögnuði í fótspor síns guðlega leiðtoga. Þess er að vænta að hún megi færa hinn sama boðskap til ennþá fleiri manna, sem þarfnast sams konar hjálpar.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut,
upp í þitt eilífa
alföður skaut.

- [12] Þannig fór Jakobi, þegar hann lagðist til hvíldar, þjáður af óttanum við að synd hefði varpað honum frá Guði; og þá dreymdi hann: “Honum þótti stigi standa á jörðu og efri endi hans ná til himins.” Þannig opinberaðist honum sambandið milli himins og jarðar, og sá, sem stóð efst í stiganum dularfulla, mælti orð huggunar og vonar til ferðamannsins. Megi himnesk opinberun verða endurtekin fyrir sem flestum, er þeir lesa þessa frásögn af veginum til Krists.

ÚTGEFENDUR.

[13]

Kærleikur Guðs til manna

Bæði náttúran og guðleg opinberun vitna um kær-leika Guðs. Faðir okkar á himnum er uppspretta lífsins, vizkunnar og gleðinnar. Virð þú fyrir þér dá-sendir og fegurð náttúrunnar. Huggleiddu, hversu allt er aðdánlega lagað til þess að fullnægja þörfum og hamingjuþrá manna og allrar skepnunnar. Sól-skinið og regnið, sem lífga og endurnæra jörðina, há-lendið, vötnin og undirlendið, allt vitnar þetta um kær-leika skaparans. Það er Guð, sem daglega sér öllum skepnum sínum fyrir þörfum þeirra, eins og höfundur sálmanna orðar svo fagurlega:

“Allra augu vona á þig
og þú gefur þeim fæðu þeirra á réttum tíma,
þú lýkur upp hendi þinni
og seður allt, sem lifir, með blessun.”

Guð skapaði manninn fullkomlega heilagan og ham-ingjusaman, og þegar foldin fagra kom frá hendi skaparans, var hún laus við gróm hrönnunarinnar og skugga bölvunarinnar. Það eru brot Guðs boða, sem

[14]

hafa haft í för með sér eymdina og dauðann. Engu að síður opinberast kærleikur Guðs meira að segja mitt í þeim þjáningum, sem eru afleiðing syndarinnar. Skrifað stendur, að Guð hafi formælt jörðinni vegna mannsins. En þynnar og þistlar, torfærur þær og erfiðleikar, sem baka mönnum áhyggjur og fyrirhöfn á lífsleiðinni, voru ætluð þeim sjálfum til ávinnings. Hér er um að ræða þátt í áformi Guðs að hefja menn-ina úr feni þeirrar spillingar og niðurlægingar, sem syndin hefur teymt þá út í. Ekki ríkir alls staðar eymd og sorg, þótt mannkynið sé fallið. Náttúran sjálf flytur okkur boðskap vonar og huggunar. Þistl-arnir bera blóm og þynarnir eru þaktir rósum.

“Guð er kærleikur”, gefur að lesa á hverjum blómknappi, sem út springur, hverju grasstrái, sem úr jörð sprettur. Fuglarnir fögru, sem fylla loftið gleðisöngvum sínum, fagurlit blómin, sem ylminn

leggur frá í allar áttir, tíguleg skógartrén með grænu og lífvænu laufskrúðinu, allt vitnar þetta um nær-færna og föðurlega umhyggju Guðs og þrá hans til að gera börn sín hamingjusöm.

[15] Orð Guðs opinbera eðli hans. Sjálfur hefur hann borið vitni um takmarkalausan kærleika sinn og miskunnsemi. Þegar Móse bað: “Lát mig þá sjá dýrð þína”, svaraði Drottinn: “Eg vil láta allan minn ljóma liða fram hjá þér”. Drottinn gekk fram fyrir augsyn Móse og kallaði: “Drottinn, Drottinn, misk-unnsamur og líknsamur Guð, bolinmóður, gæzku-ríkur og harla trúfastur, sem auðsýnir gæzku þús undum og fyrirgefur misgerðir, afbrot og syndir”. Hann er “líknsamur og miskunnsamur”, því að hann “hefur unun af að vera miskunnsamur”.

Guð hefur tengzt hjörtum okkar með óteljandi táknum á himni og jörð. Hann hefur leitast við að opinberast okkur í undrum náttúrunnar og með hinum traustustu og innilegustu jarðneskum böndum, sem mannleg hjörtu fá kynnt. Samt er þetta einungis ófullkominn vottur kærleika hans. Þrátt fyrir allar þessar sannanir, hefur óvinur hins góða blindað sálir mannanna svo mjög, að þeir óttuðust Guð, álitu hann strangan og ósveigjanlegan. Satan blekkti mennina til að ímynda sér Guð þannig, að eiginleikar hans væru öðru fremur dómharka og smásmygli í skuldheimtum. Hann útmálaði skaparann sem veru, er án afláts veki með öfundsjúkum augum yfir ávirðingum og yfirsjónum mannanna svo að hann geti reitt yfir þeim refsivöndinn. Til þess að léttu af þessum dapra skugga og opinbera heiminum hinn óendanlega kærleika Guðs kom Jesús og settist að meðal mannanna.

Sonur Guðs kom frá himnum til þess að sanna til-vist Guðs. “Enginn hefur nokkurn tíma séð Guð. Sonurinn eingetni, sem hallast að brjósti föðurins, hann hefur veitt oss þekking á honum”.

“Og eigi heldur gerþekkir nokkur föðurinn nema sonurinn, og sá er sonurinn vill opinbera hann”.

[16] Þegar einn lærisveinanna bar fram tilmælin: “Sýn þú oss föðurinn”, svaraði Jesús: “Svo langa stund hef ég með yður verið, og þú, Filippus, þekkir mig ekki? Sá, sem hefur séð mig, hefur séð föðurinn. Hvernig segir þú: Sýn þú oss föðurinn?”.

Jarðnesku hlutverki sínu lýsti Jesús á þessa leið: “Andi drottins er yfir mér, af því að hann hefur smurt mig til að flytja fátækum

gleðilegan boðskap. Hann hefur sent mig til að boða bandingjum lausn og blindum, að þeir skuli aftur fá sýn, til að láta þjáða lausa”.

Þetta var starf Jesú. Hann fór um meðal mann-anna og gerði gott, og læknaði þá, sem þjakaðir voru af Satan. Til voru heil þorp, þar sem hvergi gaf að heyra stunu eða sársaukahljóð, af því að hann hafði farið þar um og læknað alla þá, sem sjúkir voru. Verk hans staðfestu, að hann var drottins smurði. Kærleikur, náð og miskunnsemi birtast í öllum verk-um hans. Innileg hluttekning í kjörum mannanna barna bjó í brjósti hans. Hann bjóst mannlegu gervi til þess að mæta þörfum mannanna. Hinir fátækustu og umkomuminnstu hikuðu ekki við að nálgast hann. Meira að segja litlu börnin löðuðust að honum. Þau þráðu að mega setjast á kné hans og horfa á íhugul-an svip hans, ljómandi af ástúð.

Jesús dró ekki fjöður yfir neitt sannleiksorð, en sannleiksorð hans voru ævinlega þrungin kærleika. Hann auðsýndi fyllstu háttvísi, aðgát og nærfærni í samskiptum sínum við fólkið. Hann var aldrei óhefl-aður, viðhafði aldrei hörð ummæli að þarflausu, særði aldrei viðkvæma sál án þess að nauðsyn byði.

[17]

Hann álasaði engum fyrir mannlegan ófullkomleika. Hann for-dæmdi hræsni, vantrú og rangsleitni, en hann mælti ekki áfellisorð sín án þess að vikna. Hann grét yfir Jerusalem, borginni, sem hann elskaði, en neitaði að veita honum viðtöku, honum sem var vegur-inn, sannleikurinn og lífið. Þeir höfðu afneitað hon-um, frelsaranum, en hann horfði á þá fullur með-aumkunar. Líf hans var samfelld sjálfsafneitun og óbugandi umhyggja fyrir öðrum. Í hans augum var sérhver sál dýrmæt. Jafnframt því sem hann kom í hvívetna fram með guðdómlegri reisu, auðsýndi hann allri Guðs skepnu viðkvæma tillitssemi. Í hverj-um manni sá hann fallna sál, og hans hlutverk var að frelsa þá.

Á þennan hátt opinberast skapgerð Krists í ævi-ferli hans. Slík er skapgerð Guðs. Frá hjarta föður-ins streymir sú guðlega miskunnsemi, sem opinber-aðist í Kristi, út á meðal mannanna barna. Jesús, hinn ástríki, líknsami frelsari, var Guð, “sem opin-beraðist í holdi”.

Jesús lifði, leið og dó til þess að frelsa okkur. Hann lagði á sig þungar raunir til þess að við mættum öðlast hlutdeild í eilífum fögnuði. Guð leyfði elskuðum syni sínum, fullum náðar og sannleika, að fara úr heimi, sem fullur var af ólýsanlegri dýrð, til verald-ar, er

[18] saurguð var og þjökuð af synd og myrkvuð af skugga dauðans og bölvunarinnar. Hann heimilaði honum að yfirgefa skaut kærleika síns og tilbeiðslu englanna til þess að hreppa í staðinn svívirðingu, spott, auðmýkingu, hatur og dauða. “Hegningin, sem vér höfum til unnið, kom niður á honum, og fyrir hans benjar urðum vér heilbrigðir.” Sjáið hann í eyðimörkinni, í Getsemane, á krossinum. Hinn flekklaus sonur Guðs tók syndabyrðina á sínar herð-ar. Hann sem verið hafði eitt með Guði, fann í sálu sinni til hins skelfilega djúps, sem syndin hefur stað-fest milli Guðs og manna. Þetta knúði af vörum hans neyðarópið: “Guð minn, Guð minn, hví hefur þú yfirgefið mig?” Syndabyrðin, tilfinningin um hið ógnarlega djúp, sem staðfest var milli sálnanna og Guðs, — af þessum sökum var það, að hjarta Guðs sonar brast.

En þessi mikla fórn var ekki færð til þess að vekja kæreika til mannanna í hjarta föðurins eða fá hann til að frelsa þá. Öðru nær. “Því að svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn eingetinn”. Það er ekki vegna hinnar miklu fórnar, sem faðirinn elskar okkur, heldur færði hann fórnina vegna þess, að hann elskar okkur. Fyrir meðalgöngu Krists auðnaðist föðurnum að úthella kærleika sínum yfir hinn fallna heim. “Því að það var Guð, sem í Kristi sætti heiminn við sig”. Guð þjáðist með syni sínum. Hinn eilífi kærleikur greiddi endurlausnargjaldið fyrir okkur með dauða-angist hans í Getsemane og dauða hans á Golgata.

[19] Jesús sagði: “Fyrir því elskar faðirinn mig, að ég legg líf mitt í sölurnar til þess að taka það aftur”. Það er með öðrum orðum: “Svo mjög hefur faðir minn elskað yður, að hann elskar mig jafnvel meira fyrir það, að ég læt líf mitt til þess að endurleysa yður. Með því að koma í yðar stað og gerast ábyrgðarmaður yðar, framselja líf mitt og taka á mínar herðar afbrot yðar og lögmálsbrot, verð ég föðurnum enn kærari. Því að fyrir fórn mína getur Guð verið réttlátur og þó réttlætt þann, sem trúir á Jesúm.”

Enginn gat endurleyst okkur annar en sonur Guðs, því að enginn gat opinberað föðurinn nema sá, sem var í skauti hans. Þeim einum, sem þekkti kærleika Guðs til hlítar, mátti auðnast að gera hann lýðum ljósan. Minna hrökk ekki til að sýna ást föðurins á hinu glataða mannkyni en hin ómetanlega fórn, sem Kristur færði fyrir hinn fallna heim.

“Því að svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn eingetinn.” Hann gaf hann ekki til þess eins, að hann skyldi lifa meðal mannanna, bera syndir þeirra og fórna lífi sínu fyrir þá, heldur gaf hann hinu fallna mannkyni hann sjálfan. Kristur átti að kynnast af eigin raun hagsmunum mannkynsins og þörfum. Hann sem var í föðurnum, hefur tengzt mannanna börnum böndum, sem aldrei eiga að rofna. Jesús telur “sér eigi vanvirðu að kalla þá bræður.” Hann er fórn vor, talsmaður og bróðir, íklæddur vorri mannlegu mynd frammi fyrir háseti föðurins og um alla eilífð sameinaður því kyni, sem hann endurleysti.

hann er mannsins sonur. Allt þetta hefur hann gert til þess, að mennirnir mættu hefjast úr spilling-ar-og niðurlægingarfeni syndarinnar og veitast færi á að hugleiða kærleika Guðs og öðlast hlutdeild í fögnuði hins heilaga. [20]

Það sem goldið var fyrir endurlausn okkar, hin ómetanlega fórn, sem okkar himneski faðir færði, er hann gaf son sinn, að hann mætti deyja fyrir okkur, ætti að vekja okkur háleitar hugmyndir um, hvað við gætum orðið fyrir tilstilli Krists. Þegar hinum innblásna postula, Jóhannesi, opnaðist sýn yfir óend-anleika þess kærleika, sem Guð ber í brjósti til hinna dauðlegu manna, fylltist hann aðdáun og lotningu. Og er hann brast orð til að tjá mikilleika og við-kvæmni þessa kærleika, brýndi hann mennina til þess að virða hann fyrir sér. “Sjáið, hvílíkan kærleika faðirinn hefur auðsýnt oss, að vér skulum kallast Guðs börn.” Svo mikils metur Guð mennina. Með afbrotum verða mennirnir þegar Satans. Með trúnni á frið-þægingarfórn Krists geta synir Adams orðið synir Guðs. Þegar Kristur tók sér mannlegt gervi, veitti hann mannkyninu aukna göfgi og tign. Fallið mann-kyn er nú þannig sett, að fyrir tengslin við Krist getur það unnið sér verðleika til þess að kallast “börn Guðs.”

Engu verður jafnað við þennan kærleika. Börn hins himneska konungs. Hvílíkt fyrirheit. Efni til djúptækustu hugleiðinga. Óvið-jafnanlegur er kærleik-ur Guðs í garð þessa heims, sem elskaði hann ekki á móti. Tilhugsunin bugar sálirnar og beygir þær undir vilja Guðs. Því lengur sem við athugum eðli Guðs í ljósi krossins, því skýrar greinum við náð, ástúð og fyrirgefningu samofið sanngirni og réttlæti, og því betur blasa við okkur ótölulegir vitnisburðir um hinn óendanlega kærleika og þá viðkvæmu meðaumkun, sem tekur fram ástríðustu umhyggju móður fyrir villuráfandi barni sínu. [21] [22]

Syndarinn þarfnast Krists

Í upphafi var maðurinn gæddur háleitum hæfileik-um og heilbrigðri sál. Hann var fullkominn og í samræmi við vilja Guðs. Hugurfar hans var hreint, markmið hans heilagt. En fyrir óhlýðni slævðist mátt-ur hans, og eigingirninn steypti kærleika hans af stóli. Eðli hans veiklaðist svo við afbrotin, að honum varð ókleift að standast mátt hins illa af eigin ramleik. Hann varð ánaudugur Satan og hefði orðið að verða á valdi hans um alla eilífð, ef Guð hefði ekki skorizt í leikinn. Fyrir freistaranum vakti að eyðileggja hinn guðlega tilgang sköpunarinnar og fylla veröldina eynd og eyðingu. Að svo búnu hefði hann getað bent á allt þetta böll sem afleiðingu þess, að Guð skóp manninn.

[23] Í sakleysi sínu var maðurinn í hamingjusamlegu samfélagi við hann, sem “allir fjársjóðir spekinnar og þekkingarinnar” eru fólg्नir í. En eftir syndafallið gat hann ekki lengur fundið gleði í heilagleikanum og leitaðist við að felast fyrir augliti Guðs. Þannig er því ennþá farið um þá, sem ekki hafa snúizt til aftur-hvarfs. Þeir eru ekki í samhljóman við Guð og finna ekki fögnuð í samfélaginu við hann. Syndari gæti ekki fundið hamingju í návist Guðs. Hann mundi hörfa frá félagsskap allra heilagra.. Á himnum fengi hann engr-ar gleði notið, þótt honum yrði heimilað að koma þangað. Andi hins óeigingjarna kæiieika, sem þar rík-ir, — þar sem hvert hjarta endurómar hinn óendan lega kærleika,— mundi engan streng snerta í sál hans. Hugrenningar hans, áhugamál og hvatir, mundu verða allar aðrar en þær, sem hinir syndlausu íbúar þar láta hrærast af. Hann yrði sem hjáróma tónn í hinni himnesku hljómkviðu. Himinninn yrði honum kvalastaður. Hann mundi þrá að dyljast þar, sem er ljós himinsins og uppspretta fagnaðar hans. Það er ekki gerræðisfullt bann af hálfu Guðs, sem útilokar hina óguðlegu frá himnaríki. Þeir dæma sig sjálfa úr leik, því að þeim hæfir betur annað samneyti. Fyrir þá yrði dýrð Guðs eyðandi eldur. Þeir mundu þrá eyði-leggingu, svo að þeir mættu dyljast fyrir augliti hans, sem dó til þess að endurleysa þá.

Af eigin ramleik er okkur ókleift að brjótast upp úr því syndafeni, sem við erum sokkin í. Hjörtu okkar eru spillt.og við megnum ekki að breyta þeim. “Hvern-ig ætti hreinn að koma af óhreinum. Ekki einn.” “Því að hyggja holdsins er fjandskapur gegn Guði, með því að hún lýtur ekki lögmáli Guðs, enda getur hún það ekki.” Menntun, siðfágun, viljastyrkur, mannleg viðleitni, allt eru þetta góðir eiginleikar, svo langt sem þeir ná, en hér megnar slíkt ekkert. Það getur komið til leiðar ytri háttvísi, en megnar ekki

[24]

að breyta innrætinu, fær ekki hreinsað uppsprettur lífsins. Til þarf að koma kraftur að innan, nýtt líf að ofan, áður en maðurinn getur horfið frá synd til heilagleika. Þessi kraftur er Kristur. Náð hans fær ein lífgað hina dauðu eiginleika sálarinnar og laðað hana að Guði og heilagleikanum. Frelsarinn sagði: “Enginn getur séð guðsríki nema hann endurfæðist (Eða: nema hann sé getinn að ofan)” Þ. e. nema því aðeins, að hann öðlist nýtt hjarta, nýjar þrár, mark og mið, sem leiða til nýs líferniss. Það er banvæn blekk-ing, að ekki þurfi annað en þroska hið góða, sem mannum er gefið í vöggugjöf. “En náttúrlegur mað-ur veitir ekki viðtöku því, sem Guðs anda er, því að honum er það heimska, og hann getur ekki skilið það, af því að það dæmist ar.dlega.” “Undrast þú ekki, að ég sagði þér: Yður ber að endurfæðast.” Um Krist er skrifað: “í því var líf, og lífið var ljós mannanna..” “Og ekki er hjálpræðið í neinum öðrum, því að eigi er heldur annað nafn undir himninum, er menn kunna að nefna, er oss sé ætlað fyrir hólpnum að verða.”

Ekki er nóg að skynja ástargæði Guðs, sjá velvilja hans og föðurlega umhyggju. Það er ekki nóg að greina vizku og réttlæti lögmála hans og sjá, að þau eru reist á hinum óförgengilegu undirstöðum kær-leikans. Allt var þetta Páli postula ljóst, er hann hrópaði: “Þá samsinnti ég lögmálinu, að það sé gott.” “Þannig er þá lögmálið heilagt og boðorðið heilagt og réttlátt og gott.” En hann bætti við, fullur beiskju

[25]

og örvæntingar í sálarkvölum sínum: “En ég er hold-legur, seldur undir syndina.” Hann þráði ákaft hrein-leikann og réttlætið, sem hann megnaði ekki að öðl-ast af sjálfsdáðum, og hann hrópaði: “Ég aumur mað-ur. Hver mun frelsa mig frá þessum dauðans líkama?” Þvílíkt neyðaróp hefur stigið upp frá krömdum hjört-um allra landa og allra tíma. Fyrir alla gildir eitt svar: “Sjá guðslambið, er ber synd heimsins.”

Andi Guðs hefur með margs konar líkingum leit-azt við að útskýra þessi sannindi fyrir þeim sálum, sem þráð hafa lausn undan syndabyrðinni. Þegar Jakob flúði úr föðurhúsum eftir að hafa syndgað gegn Esaú og blekkt hann, þjakaði sektarkenndin hann. Þegar hann var þannig einmana og útskúfaður, svift-ur öllu, sem honum hafði verið hjartfólgið, grúfði ein hugsun öðrum fremur þungt yfir honum, — óttinn við, að syndin hefði skilið hann frá Guði, að hann væri fordæmdur. Harmþrunginn lagðist hann til hvíldar á bera jörðina; umhverfis harm voru naktar auðnir, yfir honum hvelfdist stjörnuþjartur himinn-inn. Í svefninum birtist honum furðulegt ljós. Og sjá: Á sléttunni, sem hann hvíldi, virtist honum standa geysistór stigi, sem sýndist ná alla leið til himnaríkis, og englar Guðs gengu upp og ofan stigann, en rödd Guðs barst úr hinni himnesku dýrð og flutti boðskap huggunar og vonar. Þannig var Jakobi birt það, sem sál hans þarfnaðist og þráði — frelsari. Með hrifningu og fögnuð í hjarta sá hann sér opinberaða leið, sem honum, syndaranum, gat opnast til þess að komast á

[26]

ný í samfélagið við Guð. Stiginn leyndardómsfulli í draumi hans táknaði Jesúm, eina meðalgöngumann Guðs og manna.

Við þennan atburð átti Kristur í samtali sínu við Natanael, þegar hann sagði: “Þér munuð sjá himin-inn opinn og engla Guðs stíga upp og stíga niður yfir manns-soninn.” Við syndafallið gerðist mannkynið Guði fráhverft, jörðin var skilin frá himnunum, og það djúp, sem þá var staðfest þar á milli, fyrirbyggði allt samband. En fyrir milligöngu Krists tengdist jörð-in himnunum á ný. Kristur hefur fyrir sína eigin verð-leika brúað djúpið, sem syndin hafði skapað, svo að þjónustuenglarnir geta haft samneyti við mennina. Kristur tengir fallna menn, sem veikir eru og van-máttugir, við uppsprettu almættisins.

En fánýtir eru allir draumar mannanna um fram-farir, og árangurslausar verða allar tilraunir þeirra til að göfga mannkynið, ef þeir forsmá einu upp-sprettu vonar og hjálpræðis, sem hinu fallna mannkyni stendur til boða. “Sérhver góð gjöf og sérhver fullkomin gáfa” er frá Guði. Enginn, sem ekki er tengdur honum, getur haft trútt og gott hugarfar. Kristur er eini vegurinn til Guðs. Hann segir: “Ég er vegurinn og sannleikurinn og lífið; enginn kemur til föðurins nema fyrir mig.”

Guð berí brjósti sínu ást til barna sinna, sem er máttugri en dauðinn. Þegar hann gaf okkur son sinn, fylgdi himinninn þeirri gjöf. Líf og dauði frelsarans og meðalganga hans, þjónusta englanna, fyrirbænar

[27]

heilags anda, faðirinn, sem er í öllu og yfir öllu, þrot-laus áhugi himneskra vera, — öll vinna þessi öfl að endurlausn mannanna.

Leiðum hugann að hinni stórkostlegu fórn, sem fyrir okkur hefur verið færð. Reynum að meta það erfiði og þá orku, sem himnarnir hafa lagt fram til að endurheimta hina glötuðu og leiða þá aftur til föðurhúsanna. Óhugsandi hefði verið, að til hefðu getað komið öflugri hvatir eða styrkari máttarvöld. Hin miklu laun réttlætisins, fögnuður himnanna, sam-félag englanna, samneyti og ást Guðs og sonar hans, upphafning og efling allrar okkar orku, — er þetta ekki ærin hvöt fyrir okkur til þess að þjóna skapara okkar og endurlausnara og elska hann með óskiptu hjarta.

Til varnaðar gegn þjónustunni við hið illa opin-berast okkur á hinn bóginn dómur Guðs yfir syndinni, hin óumflýjanlega refsing, spilling hugarfarsins og endanleg glötun.

Eigum við að daufheyra við náð Guðs? Hvað gat hann gert frekara? Við skulum kosta kapps um að komast í rétt samband við hann, sem hefur elskað okkur af óviðjafnanlegum kærleika. Við skulum not-færa okkur leiðir þær, sem okkur eru opnar, svo að við megum umskapast eftir hans mynd og komast á ný í samfélag þjónustuenglanna og í samræmi og samfélag við föðurinn og soninn.

[28]

Iðrun

Hvernig á maðurinn að réttlæta sig fyrir Guði? Hvernig getur syndari orðið réttlátur? Það er aðeins fyrir Krist, að við komumst í samræmi við vilja Guðs og heilagleikann. En hvernig eigum við að kom-ast til Krists? Enn í dag spyrja margir sömu spurn-ingarinnar og mannfjöldinn forðum á hvítasunnu-daginn, þegar hann hafði sannfærzt um synd sína og hrópaði: “Hvað eigum vér að gera,” Og svar Péturs hófst með orðunum: “Gerið iðrun.” Og skömmu síðar sagði hann við annað tækifæri: “Gerið því iðrun og snúið yður, að syndlr yðar verði afmáðar.”

Í iðruninni er sorg yfir syndinni og fráhrarf frá henni. Við hverfum ekki frá syndinni, fyrr en okkur er orðið ljóst, hversu viðurstyggi-leg hún er, og engin veruleg breyting getur orðið á lífern okkar, fyrr en við hverfum frá henni af öllu hjarta.

Þeir eru margir, sem ekki skilja hið sanna eðli iðr-unarinnar. Fjölmargin hryggjast yfir því, að þeir hafa syndgað og bæta jafnvel ytri breytni sína, af því að þeir óttast, að illvirki þeirra færi þeim sjálfum þjáningu. En slíkt er ekki iðrun að skilningi Biblí-unnar, [29] því að þessir menn harma þjáninguna, en ekki syndina. Þannig var því farið um hryggð Esaús, þeg-ar hann sá fram á, að hann hafði fyrirgert frumburð-arréttinum að fullu og öllu. Bileam skelfdist og gekkst við afbroti sínu, til þess að fá lífi haldið, þegar eng-illinn gekk í veg fyrir hann með brugðnu sverði. En þar var alls ekki til að dreifa neinni iðrun vegna synd-ar, meðvituðu afturhvarfi né andstyggð á hinu illa. Þegar Júdas Ískariót hafði svikið herra sinn, hrópaði hann: “Ég hef drýgt synd, er ég sveik saklaust blóð.”

Það var hræðileg meðvitund um fyrirhugaða for-dæmingu og óttaslegið hugboð um dóminn, sem knúði hina sakbitnu sál hans til þessarar játningar. Afleið-ingar gerða hans, sem við honum blöstu, fylltu hann skelfingu, en í sál hans fannst engin djúp, nístandi sorg yfir því, að hann hafði svikið hinn flekklausa son Guðs og afneitað hinum heilaga í Ísrael. Þegar dómur Guðs þjökuðu Faraó, viður-kenndi hann synd sína til þess að komast hjá frekari refsingu, en

bauð himnunum birginn, jafnskjótt og plágunum var af-létt. Allir þessir menn hörmuðu afleiðingar syndar-innar, en ekki vegna syndarinnar sjálfar.

En þegar andi Guðs nær valdi á hjarta mannsins, þá vaknar samvizkan, og syndarinn greinir að nokkru leyti víðfeðmi og helgi Guðs laga, sem eru grundvöll-ur stjórnar hans á himni og jörðu. “Hið sanna ljós, sem upplýsir hvern mann” uppljómar leyndustu kima sálarinnar og leiðir það fram, sem í myrkrunum leyn-ist. Sannfæring altekur hugann og hjartað. Syndar-inn gerir sér grein fyrir réttlæti Jehóva og finnur til

[30]

skelfingarinnar við að birtast í synd sinni og óhrein-leika frammi fyrir Honum, sem rannsakar hjörtun. Honum birtist kærleikur Guðs, fegurð heilagleikans, fögnuður hreinleikans. Hann þráir að verða hreinn og komast í samfélag himnanna.

Bæn Davíðs eftir hrösun hans, sýnir ljóslega sanna hryggð vegna syndar. Iðrun hans var mikil og einlæg. Hann bar ekki við að bera í bætifláka fyrir afbrot sitt, bæn hans var ekki borin uppi af ósk um að komast hjá yfirvofandi refsingu. Davíð sá, hversu skelfilegt brot hans var. Honum skildist saurgun sálar sinnar, og honum hraus hugur við synd sinni. Hann bað ekki einvörðungu um fyrirgefningu, heldur og um hrein-leika hjartans. Hann þráði fögnuð heilagleikans, svo að hann mætti á ný komast í samfélagið við Guð. Þessi voru orð sálar hans:

“Sæll er sá, er afbrotin eru fyrirgefín,
synd hans hulin.

Sæll er sá maður, er Drottinn tilreiknar eigi misgerð,
sá er eigi geymir svik í anda.”

“Guð, vertu mér náðugur sakir elsku þinnar,
afmá brot mín sakir þinnar miklu miskunnsemi.

Þvo vandlega af mér misgerð mína
og hreinsa mig af synd minni,
því að ég þekki sjálfur afbrot mín
og synd mín stendur mér stöðugt fyrir hugskotssjónum.

Gegn þér einum hef ég syndgað
og gert það, sem illt er í augum þínum,
til þess að þú sért réttlátur, er þú talar,

[32]

sért hreinn, er þú dæmir.
 Sjá, í misgerð er ég fæddur
 og í synd gat mig móðir mín.
 Sjá, þú hefur þóknun á hreinskilni hið innra
 og í fylgsnum hjartans kennir þú mér vizku.
 Hreinsa mig með ísóp, svo að ég verði hreinn,
 þvo mig, svo að ég verði hvítari en mjöll.
 Lát mig heyra fögnuð og gleði,
 lát kætast beinin, sem þú hefur sundurmarið.
 Byrg auglit þitt fyrir syndum mínum
 og afmá allar misgerðir mínar.
 Skapa í mér hreint hjarta, ó Guð,
 og veit mér af nýju stöðugan anda.
 Varpa mér ekki burt frá augliti þínu
 og tak ekki þinn heilaga anda frá mér.
 Veit mér aftur fögnuð þíns hjálpræðis
 og styð mig með fúsleiks anda,
 að ég megi kenna afbrotamönnum vegu þína
 og syndarar megi hverfa aftur til þín.
 Frelsa mig frá blóðsúthellingu, Drottinn, Guð hjálpræðis míns,
 lát tungu mína fagna yfir réttlæti þínu.”

Iðrun sem þessi er okkar eigin ramleik um megn. Hún fæst ekki nema fyrir Krist, sem steig upp til himna og hefur gefið mönnunum gjafir.

Hér er einmitt um að ræða atriði, sem mörgum skjátlást um, og af þeim sökum fara þeir á mis við þá hjálp, sem Kristur vill veita þeim. Þeir halda, að þeir geti ekki komið til Krists, fyrr en þeir hafa iðr-azt, og iðrunin færi þeim fyrirgefningu syndanna. Satt er það að vísu, að iðrunin er nauðsynlegur und-anfari fyrirgefningar syndanna,

[32]

því að þau hjörtu ein,

sem eru iðrandi og kramin, finna þörfina á frelsaran-um. En þarf syndarinn að bíða, unz hann hefur iðrast, áður en hann getur komið til Jesú? Á iðrunin að vera þröskuldur milli syndarans og frelsarans?

Biblian kennir ekki að syndarinn verði að iðrast, áður en hann getur þegið boð Krists: “Komið til mín, allir þér, sem erfiðið og þunga eruð hlaðnir, og eg mun veita yður hvíld.” Það er krafturinn, sem stafar frá Kristi, er leiðir til sannrar iðrunar. Á þetta varp-aði

Pétur skýru ljósi í yfirlýsingu sinni til Ísraels-manna, er hann sagði: “Þennan hefur Guð upp hafið að foringja og frelsara með hægri hendi sinni til að veita Israel afturhvarf og synda-fyrirgefning.” Við getum engu fremur iðrazt, án þess að til komi andi Krists að vekja samvizkuna, en öðlazzt fyrirgefningu án Krists.

Kristur er uppspretta allra jákvæðra tilhneinginga. Hann einn megnar að vekja í hjartanu óbeit á synd-inni. Sérhver þrá eftir sannleika og hreinleika, hver sannfæringarvottur okkar um eigin syndarástand, er vitni þess, að hans heilagi andi hrærir hjörtu okkar.

Jesús hefur sagt: “En er eg verð hafinn frá jörðu, mun eg draga alla til mín.” Kristur verður að opin-berast syndaranum sem sá frelsari, er lét lífið vegna synda heimsins. Og þegar við sjáum lamb Guðs á krossinum á Golgata, tekur leyndardómur endur-lausnarinnar að opnast fyrir hugarsjónum okkar, og gæzka Guðs leiðir okkur til iðrunar. Með því að deyja fyrir syndarana, auðsýndi Kristur okkur kærleika, sem er ofar skilningi okkar; og þegar syndurunum birtist þessi ást, þá mýkist hjarta þeirra og sál þeirra hrærist, og hjá þeim vaknar iðrun. [33]

Vist er um það, að stundum fyrirverða menn sig fyrir syndugt lífernir sitt og leggja niður sumar af ljótum venjum sínum, áður en þeir eru sér þess með-vitandi. að þeir eru að laðast að Kristi. En hvenær sem þeir gera tilraun til siðbótar af einlægum vilja til að gera það, sem rétt er, þá er það máttur frá Kristi, sem knýr þá. Áhrif, sem eru þeim ómeðvituð, leika um sál þeirra, samvizkan vaknar og ytri breytni þeirra batnar. Þegar Kristur síðan knýr þá til að líta til krossins og virða fyrir sér hann, sem kvalinn var fyrir þeirra syndir, hitta boð hans samvizku þeirra. Augu þeirra opnast fyrir spillingu þeirra og hversu djúpar rætur syndin hefur fest í sálum þeirra. Þeim byrjar að skiljast að nokkru réttlæti Krists og hrópa: “Hvílík er syndin, að hún skyldi útheimta slíka fórn til að frelsa fórnarlömb hennar? Var allur þessi kærleikur, öll þessi þjáning, öll þessi niðurlægning nauðsynleg til þess, að við skyldum ekki glatast, heldur hljóta eilíft líf?”

Syndarinn kann að veita þessum kærleika mót-spyrnu, þverskallast við boðinu um að koma til Krists. En ef hann spyrnir ekki við fótum, þá mun hann lað-ast að Jesú. Vitneskjan um tilgang frelsunarinnar mun leiða hann að krossinum, iðrandi vegna synda sinna, sem hafa valdið þjáningum hins elskaða sonar Guðs. [34]

Sami guðdómsandinn, sem er að verki í náttúrunni, talar einnig til mannhjartans og vekur ólýsanlega þrá eftir einhverju, sem það vantar. Veraldlegir hlutir fá ekki fullnægt þessari þrá. Andi Guðs leggur fast að þeim að leita þeirra hluta, sem einir fá veitt frið og hvíld: náðar Krists og fagnaðar heilagleikans. Frelsari okkar er sístarfandi, ljóst og leynt, að því að draga hjörtu mannanna burt frá hinni fullnægjulausu nautn syndarinnar og að hinni óendanlegu blessun, sem þau geta eignast í honum. Hinn guð-dómlegi boðskapur: “Og sá sem þyrstur er, hann komi. Hver sem vill, hann taki ókeypis lífsvatnið”, hljómar til allra þeirra sálna, sem árangurslaust leitast við að svala þorsta sínum í gruggugum brunnum þessa heims.

Þið, sem í hjarta ykkar þráið eitthvað betra en það, sem þessi heimur fær boðið, athugið, að þessi þrá er rödd Guðs í sálu ykkar. Biðjið hann um að veita ykkur náð til að iðrast og opinbera ykkur Krist í óendanlegum kærleika hans og fullkomnum hreinleika. Uppistaðan í lögmáli Guðs, kærleikurinn til Guðs og manna, birtist fullkomlega í lífi frelsarans. Velvild og óeigingjörn ást var honum fyrir öllu. Þegar frelsarinn birtist okkur og ljós hans lýsir okkur þá sjáum við, hversu syndugt hjarta okkar er.

[35] Við kunnum, eins og Nikódemus, að hafa blekkst okkur með því, að við höfum verið hrein og bein og siðgæði okkar óaðfinnanlegt, og því álitid, að við þurfum ekki að auðmýkja hjarta okkar fyrir Guði eins og ótíndir syndarar. En þegar ljós Krists lýsir upp sál okkar, mun okkur verða ljóst, hversu óhrein við erum. Okkur mun skiljast eigingirni hvata okkar og fjandskapurinn við Guð, sem hafa saurgað sér-hverja athöfn okkar. Þá fáum við að vita, að réttlæti okkar er engu betra en ötuð flík, og að blóð Krists er hið eina, sem getur hreinsað af okkur saurgun syndarinnar og endurnýjað hjörtu okkar í hans mynd.

Einn geisli Guðs dýrðar, bjarmavottur frá hrein-íleika Krists, sem brýzt inn í sálina, leiðir greinilega í ljós sérhvern syndarvott og afhjúpar afskræmingu og bresti mannglegrar skapgerðar. Í ljós koma hinar óhelgu hvatir, vantrú hjartans og óhreinleiki varanna. Þau verk, sem hinn ótrúi syndari hefur unnið og hafa brotið í bága við lögmál Guðs, eru leidd honum fyrir sjónir, og önd hans engist undir rannsakandi áhrifum Guðs anda. Hann fær óbeit á sjálfum sér, er hann sér hina hreinu og flekklausu skapgerð Krists.

Þegar Daníel spámaður leit dýrðina, sem ljómaði um hinn himneska boðbera, sem til hans var sendur, varð hann gagntekinn meðvitund um eigin veikleika og ófullkomleika. Hann lýsir áhrifum þessarar dá-samlegu vitrunar á þessa leið: “En hjá mér var eng-inn máttur eftir orðinn, og yfirlitur minn var til lýta umbreyttur, og ég hélt engum styrk eftir.” Þegar sálin hefur verið þannig snortin, fær hún óbeit á eigingirni sinni og sjálfsást og leitar réttlætis fyrir Krist til þess að öðlast þann hreinleika hjartans, sem samræmist lögmáli Guðs og skapgerð Krists.

[36]

Páll segir, að að því er tók til ytri hegðunar hafi hann verið “óásakanlegur” “ef litið er á réttlætið, sem fæst með lögmálinu.” En þegar augu hans opn-uðust fyrir anda lögmálsins, gerði hann sér grein fyrir, að hann var syndari. Hann hafði sneitt hjá syndinni eftir bókstaf lögmálsins að dómi þeirra manna, sem heimfæra það einungis til ytra líferniss. En þegar hann skyggndist undir yfirborð hinna heil-ögu boða og sá sjálfan sig í sama ljósi og Guð sá hann, þá laut hann í auðmýkt og játaði sekt sína. Hann segir: “Ég lifði einu sinni án lögmáls; en er boðorðið kom, lifnaði syndin við, en ég dó.” Þegar honum hafði skilizt hið andlega eðli lögmálsins, sá hann syndina í allri sinni viðurstygð og sjálfsálit hans hvarf eins og dög fyrir sólu.

Ekki eru allar syndir jafnalvarlegar fyrir augliti Guðs. Þær eru misalvarlegar að hans dómi sem mann-anna. En hversu smávægi-legar sem ýmsar misgerðir kunna að virðast fyrir augum manna, er engin synd smá fyrir augliti Guðs. Dómar manna eru hlutdrægir og ófullkomnir, en Guð metur hluti eftir raunveru-legu gildi þeirra. Ofdrykkjumaðurinn er fyrirlitinn og honum sagt, að synd hans úti-loki hann frá himna-ríki, en dramb, eigingirni og ágirnd láta menn of oft óátalið. En slíkar syndir eru öðrum fremur viður-styggilegar fyrir augliti Guðs, því að þær brjóta í bága við gæzku hans og óeig-ingjarna ást, sem kalla má hið sanna lífsloft í hinum syndlausa heimi. Sá sem fellur í einhverja af hinum meiri háttar syndum, kann að

[37]

Tollheimtumaðurinn, sem bað með orðunum: “Guð, vertu mér syndugum líknsamur”, leit á sjálfan sig sem syndum spilltan mann,

og samur var annarra dómur um hann. En hann kenndi þarfar sinnar, og hann laut Guði, hlaðinn byrði sektar og blygðunar og það um náð. Hjarta hans var opið fyrir anda Guðs og náð hans og levsti hann þannig undan valdi syndar-innar. Hrokafull og sjálfumglöð bæn faríseans sýndi, að hjarta hans var lokað fyrir áhrifum heilags anda. Vegna fjarlægðar sinnar frá Guði, skorti hann allt skyn á eigin saurugleika, andstætt fullkomleika guð-legrar helgi. Hann kenndi engrar innri þarfar, og þess vegna hlotnaðist honum ekkert.

Ef þú sérð, hversu syndugur þú ert, þá bíddu ekki eftir að þú verðir betri. Þeir eru óneitanlega margir, sem álíta sig ekki nógu góða til að koma til Krists. Hyggur þú þig geta barizt af eigin ramleik? “Getur blámaður breytt hörundslit sínum eða pardusdýrið flekkjum sínum? Þá munduð þér og megna að breyta vel, þér sem vanizt hafið að gera illt.” Við getum engrar hjálpar vænt nema frá Guði. Við megum eng-an veginn biða eftir öflugri fortölum, betri tækifær-um [38] eða háleitara hugarfari. Við getum ekkert gert

á eigin spýtur. Við verðum að koma til Krists eins og við stönd-um.

En enginn skyldi blekkja sjálfan sig með því að ætla, að Guð muni af sinni miklu ást og miskunn-semi frelsa jafnvel þá, sem hafna náð hans. Ljótleiki syndarinnar verður ekki á annan hátt metinn en í ljósi krossins. Þegar menn halda því fram, að Guð sé of góður til að útskúfa syndaranum, þá skyldu þeir líta til Golgata. Kristur tók á sínar herðar sök hinna óhlýðnu og þjáðist í stað syndaranna, af því að engin önnur leið var til þess að frelsa mennina, og án þessarar fórnar Krists var mannkyninu ekki unnt að umflýja vanheilagt ofurveldi syndarinnar og kom-ast á ný í samfélag heilagra, — verða aftur þátttak-endur andlegs lífs. Kærleikur, þjáningar og dauði Guðs sonar, allt vitnar þetta um viðurstyggð syndar-innar og sýnir, að engrar undankomu er að vænta undan mætti hennar né vonir um æðra líf, nema sálin beygi sig fyrir Kristi.

Hinir þverúðarfullu afsaka sig stundum með því að segja um þá, sem játa kristni: “Ég er alveg eins góður og þeir. Ekki sýna þeir meiri sjálfsafneitun, hófsemi eða hógværð í breytni sinni en ég.” Þannig nota þeir annarra yfirsjónir sem skálka-skjól fyrir eigin vanrækslu skyldu sinnar. En syndir og ávirðingar annarra fá ekki talizt neinum

til máls-bóta, því að Drottinn hefur ekki fengið okkur til eftirbreytni hrösula og mannlega fyrirmynd. Til

[39]

fordæmis hefur okkur verið gefinn hinn flekklaus son-ur Guðs, og þeir sem mögla yfir rangri breytni krist-inna manna, ættu einmitt að breyta betur og gefa veglegra dæmi til eftirbreytni. Ef þeir gera sér svona háar hugmyndir um, hvernig kristnum mönnum ber að breyta, er þeirra eigin synd þá ekki að því skapi meiri? Þeir vita hvað rétt er, en breyta samt ekki eftir því.

Varizt hik. Frestið því ekki að snúa frá syndum ykkar og leita hreinleika hjartans í Kristi. Í þessu efni hefur þúsundum manna yfirsézt sér til ævarandi glötunar. Hér vil ég ekki fjölyrða um, hversu stutt og fallvalt lífið er. En það stofnar okkur í geigvæn-lega hættu, — hættu, sem við metum ógjarnan rétti-lega, — að skjóta því á frest að sinna áminningar-rödd heilags anda og kjósa heldur að lifa áfram í syndinni, því að af þeim sökum er það einmitt, að við frestum afturhvarfinu. Hversu smávægileg sem synd kann að vera metin, þá er ekki hægt að ofur-selja sig henni án þess að stofna sér í hina mestu hættu. Það sem við sigrum ekki, mun vinna sigur á okkur og leiða okkur í glötun.

Adam og Eva töldu sér trú um, að smámunir eins og að eta af forboðna ávextinum, gæti ekki haft í för með sér svo skelfilegar afleiðingar sem Guð hafði lýst. En þessir smámunir voru brot á óbreytanlegu og heilögu lögmáli Guðs, og það skildi manninn frá Guði, opnaði flóðgáttir dauðans og leiddi ólýsanlegar hörm-ungar yfir heiminn okkar. Öld eftir öld hafa stöðug

[40]

neyðaróp stigið upp frá jörðinni, og öll skepnan hef-ur stunið og engzt í kvöl, sem leitt hefur af óhlýðni mannanna. Jafnvel á himnum hefur gætt afleiðinga uppreisnar þeirra gegn Guði. Golgata er minnisvarði hinnar stórkostlegu fórnar, sem útheimtist til að bæta fyrir brotin á lögmáli Guðs. Við skulum því ekki líta syndina smáum augum.

Sérhvert afbrot, sérhver vanræksla eða höfnun á náð Krists, bitnar á okkur sjálfum. Það forherðir hjartað, dregur úr viljaprekinu, sljóvgar skynsem-ina og gerir menn bæði tregari og óhæfari til að hlýða kallinu frá heilögum anda.

Margir friða slæma samvizku með því að telja sér trú um, að þeir geti séð að sér, þegar þá lystir. Þeir geti daufheyrzt við náðarboð-uninni, og þó æ ofan í æ orðið snortnir. Þeir ætla sig geta snúið af

syndaferli sínum, þegar að þeim kreppir, þó að þeir hafi for-smáð anda náðarinnar og lagt lóð sín á vogarskál Satans. En þetta er langt frá svo einfalt. Lífsreynslan og menntunin á ævibrautinni hafa mótað skapgerðina svo mjög, að fáir kjósa þá að laga sig að dæmi Jesú.

Þótt ekki komi til meira en einn skapgerðarbrestur, ein syndsamleg hvöt, sem menn halda fast við, þá mun það um síðir hrökkva til að byggja út mætti fagnaðarerindisins. Sérhver holdleg nautn eflir and-stöðu sálarinnar gegn Guði. Sá sem auðsýnir þrjúzku trúleysisins eða sljóleika kæruleysisins gagnvart guð-legum sannindum, uppsker einungis eftir því, sem hann hefur til sáð. Í allri ritningunni gefur ekki að

[41]

finna hræðilegri viðvörun við því að daðra við hið illa, en orð spekingsins um, að syndarinn “verður veiddur í snöru synda sinna.”

Kristur er reiðubúinn að frelsa okkur frá syndinni, en hann þvingar engan. Og sc vilji okkar staðráðinn í áframhaldandi afbrotum og ástundun hins illa, og við óskum ekki eftir frelsi og viljum ekki þekkjast náð hans, hvað getur hann þá frekar að gert? Við höfum sjálf leitt okkur í glötun með því að vísa kær-leika hans algerlega á bug. “Sjá, nú er mjög hag-kvæm tíð, sjá, nú er hjálpræðisdagur.” “Í dag, ef þér heyrið raust hans, þá forherðið ekki hjörtu yðar.” “Mennirnir líta á útlitið, en Drottinn litur á hjart-að”, hið mannlega hjarta, þar sem togast á geðs-hræringar gleði og harma, hið reikula og óstöðug-lynda hjarta, sem er aðsetur svo mikils óhreinleika og tals. Hann þekkir hvatir þess, hugrenningar og áform. Farðu til hans, hversu saurug sem sál þín er. Opna leyndustu fylgsni hennar fyrir auganu alltsjá-andi að dæmi sálmaskáldsins, sem hrópaði: “Prófa mig, Guð, og þekktu hjarta mitt; rannsaka mig og þekktu hugsanir mínar; og sjá þú, hvort ég geng á glötunarvegi, og leið mig hinn eilífa veg.”

Margir aðhyllast skynsemistrú, ytri mynd guð-hræðslu, þó að hjartað hafi ekki verið hreinsað. Þeir ættu að biðja: “Skapa í mér hreint hjarta, ó Guð, og veit mér af nýju stöðugan anda.” Vertu hreinskilinn við þína eigin sál. Vertu eins alvörugefinn og þrautseigur og þú mundir vera, ef líkamlegt líf þitt væri í

[42]

veði. Þetta er mál, sem Guð og sál þín verða að út-kljá fyrir eilífðina. Tálvonirnar einar munu leiða til tortímingar.

Hugleiddu orð Guðs samfara bæn. Það mun leiða í Ijós fyrir þig lögmál Guðs og líf Krists, hin mikils-verðu grundvallaratriði

heilagleikans, “því að án hennar fær enginn Drottin litið.” Þau færa mönn-um heim sanninn um syndina og opinbera ljóslega veg sálhjálparrinnar. Gefðu gaum að þeim, því að í þeim talar rödd Guðs við sál þína.

Ekki skalt þú örvænta, þegar augu þín opnast fyrir því, hversu skelfileg syndin er, og þú sérð sjálfan þig í réttu ljósi. Kristur kom einmitt til þess að frelsa syndara. Við þurfum ekki að setta Guð við okkur, athugaðu hinn undursamlega kærleika, — “með því að það var Guð, sem í Kristi sætti heiminn við sig.” Hann býður af nærfærnem kærleika villuráf-andi börnum sínum að koma til sín. Engir jarðneskir foreldrar gætu umborið bresti barna sinna af slíkri Dolinmæði sem Guð auðsýnir þeim, er hann leitast við að frelsa. Enginn gæti áminnt hina brotlegu blíð-legar. Engar mannlegar varir hafa nokkru sinni flutt hinum villuráfandi þýðari boðskap en hann. Fyrirheit hans öll og áminningar eru eingöngu vottur um ólýsanlegan kærleika.

Þegar Satan tjáir ykkur, að þið séuð stórsyndarar, þá skuluð þið líta til frelsara ykkar og svara með verðleikum hans. Það mun bjarga ykkur, ef þið lítið til ljóss hans. Gangið við syndum ykkar, en segið

[43]

óvininum, “að Kristur Jesús kom í heiminn til að frelsa synduga menn”, og þú getur frelsast fyrir óum-ræðilegan kærleika hans. Jesús lagði fyrir Símon spurningu um tvo skuldunauta. Annar skuldaði lánar-drottni sínum smávægilega upphæð, en hinn verulega. En hann fyrirgef báðum, og Kristur spurði Símon, hvor skuldunauturinn mundi elska lánardrottin sinn meira. Símon svaraði: “Ég hygg sá, sem hann gaf meira upp.” Við höfum syndgað gróflega, en Kristur dó, svo að okkur mætti hlotnast fyrirgefning. Verð-skuldun fórnar hans er föðurnum nægileg fyrir okkur. Þeir, sem hann hefur fyrirgefið mest, munu elska hann heitast og standa næstir hástóli hans til að lofsyngja hann, hinn mikla kærleika hans og ómetanlega fórn. Þegar okkur skilst til fulls kærleikur Guðs, þá opnast augu okkar fyrir virðurstyggð syndarinnar. Þegar við sjáum, hversu löng sú festi er, sem okkur hefur verið rétt til frelsunar og skiljum að nokkru hina ómetanlegu fórn, sem Kristur færði fyrir okkur, hlýtur hjarta okkar að verða gagntekið af viðkvæmni og iðrun.

[44]

Játning

“Sá, sem dylur yfirsjónir sínar, verður ekki lán-gefinn, en sá, sem játar þær og lætur af þeim, mun miskunn hljóta.”

Skilyrðin fyrir að hljóta náð Guðs eru einföld, rétt-lát og sanngjörn. Drottinn heimtar ekki af okkur að leysa neinar þungar þrautir til þess að öðlast fyrir-gefningu syndanna. Við þurfum ekki að takast á hendur langar og lýjandi pílagrímsgöngur né þjá okkur með meinlætelifnaði til þess að fela sál okkar Guði á himnum eða afplána afbrot okkar. En sá, sem játar synd sína og lætur af henni, skal miskunn hljóta.

Postulinn segir: “Játið því hver fyrir öðrum syndir yðar og biðjið hver fyrir öðrum, til þess að þér verðið heilbrigðir.” Játaðu syndir þínar fyrir Guði, sem einn getur fyrirgefið þær, og yfirsjónir þínar fyrir öðrum mönnum, hafir þú brotið gegn þeim. Ef þú hefur brotið af þér gagnvart vini þínum eða granna, ber þér að játa yfirsjónina, og þá ber honum skylda til að fyrirgefa þér fúslega. Síðan ber þér að leita fyrirgefningar Guðs, því að bróðirinn, sem þú hefur sært, er barn Guðs, og með því að gera á hluta hans, hefur þú syndgað móti skapara hans og endurlausn-ara. Málið gengur fyrir hinn eina sanna meðalgöngu-mann, okkar mikla æðstaprest, “sem freistað var á allan hátt eins og vor, án syndar”, og getur séð aumur á veikleika vorum og afmáð hvern flekk ranglætis.

Þeir, sem hafa ekki beygt anda sinn fyrir Guði, hafa ekki enn fullnægt fyrsta skilyrðinu fyrir því, að Guð veiti þeim viðtöku. Ef við höfum ekki sannreynt þá iðrun, sem enginn sér eftir, og höfum ekki játað syndir okkar af sannri auðmýkt og kramin á hjarta, full óbeitar á ranglæti okkar, þá höfum við aldrei af heilum huga leitað fyrirgefningar syndanna. Og frið Guðs höfum við aldrei fundið, ef við höfum aldrei leitað hans. Eina ástæðan til þess, að við höfum ekki hlotið fyrirgefningu fyrir drýgðar syndir, er sú, að við viljum ekki auðmýkja hjörtu okkar og beygja okkur undir skilyrðin í orðum sannleikans. Greinileg fyrirmæli er að finna um þessi efni. Syndajátningin á að vera ósvikin og afdráttarlaus, hvort sem hún

er gerð opinberlega eða í einrúmi. Ekki á að þvinga synd-arann til hennar. Ekki á hún að vera gerð af mælgí eða skeytingarleysi, og ekki á að knýja þá til synda-játningar, sem hafa ekki gert sér ljósa grein fyrir viðurstyggð syndarinnar. Játning, sem kemur frá innstu hjartarótum, ratar til Guðs hinnar óendanlegu miskunnar. Eins og sálmaskáldið segir: “Drottinn er nálægur þeim, er hafa sundurmarið hjarta, þeim, er hafa sundurkraminn anda, hjálpar hann.”

[46]

Sönn syndajátning er ævinlega einstaklingsbundin og viðurkennir einstakar syndir. Þeim kann að vera þannig farið, að þær verði aðeins meðgengnar fyrir Guði einum. Þær geta verið fólgnar í yfirsjónum, sem játa ber fyrir þeim, sem beðið hafa tjón vegna þeirra. Loks geta þær varðað almenning, og þá ber að gangast við þeim opinberlega. En öll játning á að vera afdráttarlaus og án undanbragða, þér ber að gangast við þeim syndum einum, sem þú hefur drýgt.

Á dögum Samuels viku Ísraelsmenn af vegum Guðs. Þeir þjáðust vegna synda sinna, því að þeir höfðu misst trúna á Guði, misst sjónar á mætti hans og vizku í handleiðslu þjóðarinnar, glatað trausti sínu á getu hans til að verjast og berjast fyrir málstað sínum. Þeir gerðust fráhverfir hinum mikla stjórn-anda alheimsins og æsktu sams konar stjórnar og þjóðirnar umhverfis þá bjuggu við. Áður en þeir fundu frið, gerðu þeir þessa eindregnu játningu: “... vér höfum bætt þeirri misgerð ofan á allar syndir vorar, að vér höfum beiðzt konungs.” Þeir urðu að játa sömu syndina og þeir höfðu verið sakað-ir um. Vanþakklæti þeirra þjakaði sálir þeirra og skildi þá frá Guði.

Guð getur ekki tekið játningu gilda, nema henni sé samfara einlæg iðrun og siðbót. Líferníð verður að taka stakkaskiptum og allt að leggjast á hilluna, sem Guði er vanþóknanlegt. Slíkt mun og leiða af sannri iðrun. Það sem okkur ber að gera, hefur verið ljóslega fram sett: “Þvoið yður, hreinsið yður, takið

[47]

illskubreytni yðar í burt frá augum mínum; látið af að gera illt. Lærið gott að gera, leitið þess, sem rétt er; hjálpið þeim, sem fyrir ofríki verða, rekið réttar hins munaðarlausu og verjið málefni ekkjunnar.” “Og þegar ég segi við hinn óguðlega: Þú skalt vissu-lega deyja, og hann lætur af synd sinni og iðkar rétt og réttlæti, skilar aftur veði, endurgreiðir það, er hann hefur rænt, breytir eftir þeim boðorðum, er leiða til lífsins, svo að hann fremur engan glæp, þá skal hann lífi halda og ekki deyja.” Þegar Páll talar um iðrunina, segir hann: “Því að sjá, einmitt þetta, að þér hryggðust Guði að skapi,

hvílíkum áhuga kom það til leiðar hjá yður, já, hvílíkri vörn, hvílíkri gremju, hvílíkum ótta, hvílíkri eftirþrá, hvílíkri vand-lætingu, hvílíkri refsingu. í öllu hafið þér nú sannað, að þér voruð vítalausir um þetta.”

Þegar syndin hefur slævt siðgæðisvitundina, fær syndarinn ekki lengur greint brestina í skapgerð sinni né gert sér grein fyrir, hversu alvarleg sú synd er, sem hann hefur drýgt. Og láti hann ekki segjast fyrir sannfæringarkraft heilags anda, þá verður hann áfram að meira eða minna leyti blindur í sjálfs sín sök. Játningar hans eru hvorki einlægar né í al-vöru gerðar. Við hverja syndaviðurkenningu sína hnýtir hann afsökun til að réttlæta gerðir sínar, og segir, að hafi ekki svo staðið á, sem raun bar vitni, hefði hann ekki aðhafzt þetta eða hitt, sem hann er sakaður um.

[48] Þegar þau Adam og Eva höfðu etið af forboðna ávextinum, voru þau gagntekin blygðun og skelfingu. Það eina, sem í fyrstu flögraði að þeim, var hvernig þau mættu afsaka synd sína og koma sér hjá hinni óttalegu dauðarefsingu. Þegar Drottinn innti þau eftir synd þeirra, leitaðist Adam við að skella skuldinni að nokkru leyti á Guð, en að nokkru leyti á maka sinn. Hann svaraði: “Konan, sem þú gafst mér til sam-búðar, hún gaf mér af trénu, og eg át.” Konan skaut skuldinni á höggorminn og sagði: “Höggormurinn tældi mig, svo að eg át.” Hví skapaðir þú höggorm-inn? Hví hleyptir þú honum inn í Eden? Þessar spurn-ingar felast í afsökun hennar vegna syndar sinnar, og þannig sakaði hún Guð um að bera ábyrgð á syndafallinu. Andi sjálfsréttlætningarinnar á rætur að rekja til föður lyganna, og hans hefur gætt hjá öllum börnum Adams. Játningar af þessu sauða-húsi eru ekki innblásnar af anda Drottins, og Guð mun ekki meta þær gildar. Sönn iðrun knýr mann til að bera sjálfur synd sína og gangast við henni án undan-bragða eða hræsni. Hann mun þá hrópa að hætti tollheimtumannsins, sem ekki þorði einu sinni að lyfta augum sínum til himins: “Guð, vertu mér synd-ugum líknsamur.” Þeir, sem játa syndir sínar, munu réttlættir verða, því að Jesús leggur blóð sitt að veði fyrir hinar iðrandi sálir.

[49] Þau dæmi sannrar iðrunar og auðmýktar, sem frá er greint í Guðs orði, sýna játningaranda, þar sem ekki er reynt að afsaka syndina né réttlæta sjálfan sig. Páll reyndi ekki að bera blak af sér. Hann málar syndir sínar dekkstu litum og ber ekki við að fegra sök sína. “Bæði hneppti ég marga af hinum heilögu í fangelsi, er ég hafði fengið

vald til þess af æðstu prestunum, og er þeir voru af lífi teknir, galt ég því jákvæði, og í öllum samkundunum refsaði ég þeim þrásinnis og neyddi þá til að lastmæla, og ég æddi svo frekt gegn þeim, að ég fór jafnvel til borga er-lendis að ofsækja þá.” Hann hikar ekki við að lýsa yfir, “að Kristur Jesús kom í heiminn til að frelsa synduga menn, og er ég þeirra fremstur.”

Iðrandi og kramið hjarta, bugað af sannri iðrun, mun að einhverju leyti læra að meta kærleika Guðs og fórnina á Golgata. Og eins og sonur játar syndir sínar fyrir ástríkum föður, þannig mun sá, sem iðrast í sannleika, bera allar syndir sínar fyrir Guð. Og skrifað stendur: “Ef vér játum syndir vorar, þá er hann trúr og réttlátur, svo að hann fyrirgefur oss syndirnar og heinsar oss af öllu ranglæti.” [50]

Helgun

Fyrirheit Guðs hljóðar á þessa leið: “Og þér munuð leita mín og finna mig. Þegar þér leitið mín af öllu hjarta, vil ég láta yður finna mig.”

Maðurinn verður að gefa sig Guði af öllu hjarta, að öðrum kosti getum við aldrei tekið þeim stakka-skiptum, að við fáum mótazt í hans mynd. Eðli okkar skilur okkur frá Guði. Heilagur andi lýsir ástandi okkar með þessum orðum: “Dauðirvegna afbrota yðar og synda.” “Höfuðið er allt í sárum og hjartað allt sjúkt. Frá hvirfli til ilja er ekkert heilt.” Við sitjum föst í “snöru djöfulsins, hremmdir af honum til að gera hans vilja.” Guð þráir að lækna okkur, frelsa okkur. En þar eð slíkt krefst algerra sinnaskipta, endurnýjunar alls eðlis okkar, verðum við að gefa okkur algerlega á hans vald.

Baráttan við sjálfan sig er hin harðsóttasta, sem um getur. Það skal baráttu til, áður en við beygjum okkur fyrir vilja Guðs að fullu og öllu. En sálin hlýtur að lúta Guði, áður en henni verður auðið að endur-nýjast í heilagleikanum.

[51] Stjórn Guðs er ekki byggð á blindri undirgefni eða skefjalausri drottun, eins og Satan mundi vilja láta líta út fyrir. Hún höfðar til skynseminnar og sam-vizkunnar. “Komum nú og eigumst lög við, segir Drottinn.” Svo býður skaparinn þeim, er hann skóp. Guð beitir skepnu sína ekki ofbeldi. Hann getur ekki þekkt þjónustu, sem ekki er veitt af fúsum vilja og fullu ráði. Þvinguð undirgefni mundi hindra alla sanna þróun hugar og skapgerðar, hún mundi gera manninn að viljalausri vél. Sá er ekki tilgangur skaparans. Hann vill að maðurinn, kóróna sköpunarverksins, nái æðsta þroska, sem auðið má verða. Hann leiðir okkur fyrir sjónir, hversu háleit sú blessun er, sem hann þráir að veita okkur af náð sinni. Hann býður okkur að gefast honum á vald, svo að hann fái framkvæmt vilja sinn á okkur. Okkur stendur til boða að velja, hvort við kjósum lausn úr viðjum syndarinnar og fá hlutdeild í hinu dýrlega frelsi Guðs sona.

Þegar við gefumst Guði, verðum við óhjákvæmi-lega að láta af öllu því, sem mundi skilja okkur frá honum. Þess vegna segir

frelsarinn: “Þannig getur þá enginn af yður, er eigi sleppir öllu, sem hann á, verið lærisveinn minn.” Hvað eina sem glepur hjart-að frá Guði, verður að uppræta. Mammon er margra hjáguð. Auraástin, gróðafýknin, eru hinir gullnu hlekkir, sem tengja þá við Satan. Aðrir eltast við frægð og vegsemd. Þá eru þeir, sem glepjast af eigin-gjörnu hóglífi og skorti á ábyrgðartilfinningu. En þessa þrældómsfjötra verður að brjóta. Við getum ekki tvískipt okkur milli Drottins og heimsins. Við

[52]

erum ekki Guðs börn, nema við séum það heil og óskipt. Til eru þeir, sem þykjast þjóna Guði, en reiða sig eingöngu á eigin aðgerðir til að hlýðnast lögmáli hans, þroska með sér rétta skapgerð og tryggja sér sáluhjálp. Hjörtu þessara manna hafa ekki hrærzt af djúpri meðvitund um kærleika Krists, en þeir leitast við að uppfylla skyldur kristilegs líferniss eins og það væri slíkt, sem Guð krefðist af þeim til viðtöku í himininn. Slík trúarbrögð eru fánýt. Þegar Kristur býr í hjartanu, fyllist sálin svo mjög af kærleika hans og fögnuðinum af samneytinu við hann, að hún held-ur sér fast við hann. Og við hugleiðingar um hann gleymum við sjálfum okkur. Ástin á Kristi verður þá uppspretta athafna okkar. Þeir sem finna sig knúða af kærleika Guðs, spyrja ekki, hversu lítið megi kom-ast af með til þess að fullnægja kröfum hans. Þeir spyrja ekki um lágmarkið, heldur stefna að full-komnu samræmi við vilja endurlausnara síns. Af heilum huga fela þeir honum allt og auðsýna áhuga, sem er í réttu hlutfalli við verðmæti þess, sem eftir er sótt. Það er tóm mál að segjast jástast Kristi, ef þessi einlægi kærleikur er ekki fyrir hendi, umbúð-irnar einberar, þungbær þrældómur.

Finnst þér það of mikil fórn að gefast Kristi alger-lega? Spyrðu sjálfan þig spurningarinnar: “Hvað hef-ur Kristur gefið mín vegna?” Sonur Guðs lét allt í sölurnar, — líf sitt, kærleika og þjáningar, — okkur til endurlausnar. Getur það þá hugsazt, að við, óverð-ug svo mikils kærleika, viljum neita honum um hjörtu okkar? Hvert augnablik ævi okkar höfum við notið hlutdeildar í blessun náðar hans, og einmitt af þeim sökum getum við ekki til fullnustu gert okkur grein fyrir, hversu ógurlegt er það djúp fávizku og eymdar, sem við höfum verið frelsuð frá. Getum við lítið til hans, sem var kvalinn vegna synda okkar, og samt smánað kærleika hans og fórn? Getum við möglað af því, að við fáum ekki inngang til lífsins án

[53]

baráttu og auðmýkingar, þegar við hugleiðum, hversu óend-anlega mikið Drottinn dýrðarinnar auðmýkti sig?

Margt stærilátt hjartað spyr: “Hví skyldi ég iðr-ast og auðmýkja mig til þess að geta verið viss um, að Guð veiti mér viðtöku?” En ég bendi þeim á Krist. Hann var syndlaus — og það sem meira var — hann var Drottinn himnanna, en vegna mannanna leið hann sem syndari. “Hann gaf líf sitt í dauðann og var með illræðismönnum talinn, — hann, sem bar syndir margra og bað fyrir illræðismönnum.”

En hverju afsölum við okkur þá, þegar við felum honum allt á hendur? Það er syndum spillt hjarta, sem Jesús hreinsar, þvær í sínu eigin blóði og frelsar með óviðjafnanlegum kærleika sínum. Og samt finnst mönnum örðugt að afsala sér öllu. Ég fyrirverð mig fyrir að heyra slíkt, blygðast mín fyrir að skrifa það.

Guð ætlast ekki til að við afsölum okkur neinu, sem okkur er sannur ávinningur að halda í. Í öllum sínum gerðum miðar hann allt við velfarnað barna sinna. Óskandi væri, að allir, sem hafa ekki valið sér Krist að leiðarljósi, gerðu sér ljóst, að hann býður þeim

það, sem er óendanlega betra en hitt, sem þeir sækj-ast sjálfir eftir. Mennirnir gera sálum sínum hið mesta ógagn og tjón, þegar þeir hugsa og breyta and-stætt vilja Guðs. Engin sönn gleði verður fundin á þeim vegum, sem hann hefur bannað að troða, er veit gerzt hvað má vera fyrir beztu og býr sem ákjós-anlegast í haginn fyrir alla skepnu sína. Vegir af-brotanna eru vegir eymdar og eyðingar.

Rangt er að ala með sér þann þanka, að Guð njóti þess að sjá börn sín þjást. Öllum himnunum er annt um farsæld mannanna. Okkar himneski faðir lokar ekki leiðum neins til gleðinnar. Kröfur Guðs bjóða okkur að forðast þær nautnir, sem hafa í för með sér þjáningar og vonbrigði, sem yrðu til þess að loka fyrir okkur dyrum hamingjunnar og himnanna. Endur-lausnari heimsins tekur við mönnunum eins og þeir eru, með öllum þeirra brestum, ófullkomleika og veikleika. Hann mun ekki einungis hreinsa okkur af synd og frelsa okkur með blóði sínu, heldur mun hann og uppfylla einlægustu þrá þeirra, sem gangast undir ok hans, taka byrðar hans sér á herðar. Markmið hans er að veita öllum þeim frið og hvíld, sem til hans koma til þess að öðlast lífsins brauð. Hann ætlar okkur einungis að inna af hendi þær skyldur, sem beina för okkar til þeirrar himnesku blessunar, sem hinir þvermóðskufullu fá aldrei öðlazi. Hinn sanni fögnuður

sálarinnar er, að Kristur, von dýrðarinnar, fái aðsetur hið innra með okkur.

Mörgum verður á að spyrja: “Hvernig á ég að fela mig Guði? Þú [55]
 óskar að fela þig honum, en siðferðis-þrek þitt er of veikt, velkist í fjötrum efans og er ofurselt syndavenjum lífs þíns. Loforð þín og áform eru áþekkust reipum úr sandi. Þú hefur ekki vald yfir hugsunum þínum, hvötum eða tilfinningum. Vitneskjan um svikin loforð þín og óframkvæmd áform lamar traust þitt á eigin einlægni og leiðir þig til að ætla, að Guð geti ekki veitt þér móttöku. En þú þarft ekki að örvænta. Þér verður að lærast að skilja hið sanna afl viljans. Valdið til að velja hið góða eða illa, taka ákvörðun, það er orkan, sem stjórnar manneðlinu. Allt veltur á, að viljinn beinist í rétta átt. Guð hefur gefið mönnunum vald til að velja og hafna; þeirra er að neyta þess. Þú getur ekki umbreytt hjartalagi þínu, þú getur ekki af eigin ram-leik hneigt það að Guði, en þú getur kosið að þjóna honum. Þú getur beygt vilja þinn undir hann, og þá mun hann koma því til leiðar hjá þér, að þú viljir og vinnir í anda hans. Með þessu móti kemst allt eðli þitt undir stjórn anda Guðs. Ást þín mun beinast að honum og hugsanir þínar verða samkvæmar vilja hans.”

Þrá eftir hinu góða og helga er réttmæt, svo langt sem hún nær, en ef þar við er látið sitja, er hún einskis megnug. Margir munu glatast, þótt þeir voni og þrái að verða kristnir. Þeir komast ekki nógu langt til að fela vilja sinn Guði. Þeir kjósa ekki núna að verða kristnir.

Ef þú beitir viljanum rétt, getur alger breyting orðið á lífi þínu. [56]
 Með því að fela Kristi vilja þinn, tengist þú valdinu, sem er öllum yfirvöldum og veldi æðra. Þú munt öðlast styrk af hæðum til að verða staðfastur, og með því að gefa þig þannig algerlega Guði á vald, mun þér auðnast að taka upp nýtt líf, líf trúarinnar. [57]

Að trúa og taka á móti

Þegar heilagur andi hefur vakið samvizku þína, þá hefur þú kynnt að nokkru illsku syndarinnar, valdi hennar, glæpum og böli, og þú lítur hana með viðbjóði. Þér skilst, að syndin hefur skilið þig frá Guði, að þú ert fjötraður af valdi hins illa. Því fastar sem þú brýzt um til að sleppa, því ljósara verður þér umkomuleysi þitt. Hvatir þínar eru saurugar, hjartaö óhreint. Þér skilst, að ævi þín hefur verið stráð eigin-girni og syndum. Þú þráir að öðlast fyrirgefningu, hreinsast og frelsast. Hvað getur þú aðhafzt til þess að verða Guði þóknanlegur og líkjast honum?

Þú þarfnast friðar, — fyrirgefningar himnanna og friðar og kærleika í sálu þína. Fyrir peninga fæst slíkt ekki, skynsemin megnar ekki að afla þess, vísindin fá ekki komið þvílíku til leiðar. Þú getur enga von gert þér um það fyrir eigin atbeina. En Guð býður þér allt þetta að gjöf, “án silfurs og endurgjaldslaust”. Þér stendur þetta til boða, ef þú einungis réttir út hendina eftir því. Drottinn segir: “Þó að syndir yðar séu sem skarlat, skulu þær verða hvítar sem mjöll. Þó að þær séu rauðar sem purpuri, skulu þær verða sem ull.” “Og ég mun gefa yður nýtt hjarta og leggja yður nýjan anda í brjóst.”

Þú hefur játað syndir þínar og af heilum huga lagt þær á hilluna. Þú hefur afráðið að gefast Guði. Gakk þú nú til hans og bið hann að hvítþvo þig af öllum syndum og gefa þér nýtt hjarta. Síðan skaltu trúa, að hann geri svo, af því að hann hefur heitið því. Jesús kenndi, meðan hann var á jörðinni, að gjöf sú, sem Guð heitir okkur, verði okkar, þegar við trúum að svo sé. Jesús læknaði sjúka, þegar þeir trúðu á mátt hans. Hann hjálpaði þeim í því, sem þeir gátu séð og skilið og blés þeim þannig í brjóst trausti á sér í þeim efnum, sem ekki urðu séð né þreifast á. Þannig fékk hann þá til að trúa á vald sitt til að fyrirgefa syndir. Þetta sagði hann berum orðum, þegar hann læknaði lama manninn: “En til þess að þér vitið, að manns-sonurinn hefur vald á jörðu til að fyrirgefa syndir, — þá segir hann við lama manninn: — ‘Statt upp, tak rekkju þína og far heim til þín.’ Svo segir og Johannes guðspjallamaður, þegar hann ræðir um kraftaverk

Krists: ‘En þetta er ritað til þess að þér skuluð trúa, að Jesús sé Kristur, guðs-sonurinn, og til þess að þér, með því að trúa, öðlizt lífið í hans nafni.’”

Af hinni einföldu frásögn Biblíunnar um, hvernig Jesús læknaði hina sjúku, getum við lært nokkuð um, hvernig trúa ber á hann til þess að hljóta fyrir-gefningu syndanna. Lítum á söguna um lamaða mann-inn við Bethesda. Þessi þjáði maður gat enga björg sér veitt, í 38 ár hafði hann engin not haft lima sinna. Engu að síður bauð Jesús honum: “Rístu á fætur, tak sæng þína og gakk.” Nú hefði sjúklingurinn kunn-að að svara: “Herra, viljir þú lækna mig, þá skal ég hlýðnast boðum þínum.” En hann trúði orðum Krists, trúði, að hann væri heill orðinn og gerði samstundis eins og honum var boðið. Hann vildi ganga, og hann gekk. Hann fór að orðum Krists, og Guð gaf honum máttinn. Hann varð heill.

[59]

Á sama hátt ert þú syndari. Þú getur ekki bætt fyrir drýgðar syndir, þú getur ekki breytt hjartalagi þínu né sjálfur gerzt heilagur. En Guð heitir að gera þetta allt fyrir þig fyrir atbeina Krists. Þú trúir á þetta loforð, játar syndir þinar og gefst Guði. Þú vilt þjóna honum. Og svo framarlega sem þú gerir þetta, mun Guð efna heit sitt við þig. Ef þú trúir fyrirheit-inu, — trúir, að þér sé fyrirgefið og þú hreinn orðinn,

lætur Guð þetta rætast. Þú verður heill, rétt eins og Jesús gaf lama mannum mátt til að ganga, þeg-ar hann trúði, að hann væri heill orðinn. Þessu er þannig farið, ef þú trúir.

Bíddu ekki, unz þú finnur, að þú ert orðinn heill, heldur segðu: “Ég trúi. Það er svo, ekki vegna þess, að ég greini það, heldur af því, að Guð hefur heitið því.”

Jesús segir: “Hvers sem þér biðjið og beiðizt, þá trúið, að þér hafið öðlazzt það, og þér munuð fá það.” Þessu loforði fylgir eitt skilyrði — að við biðjumst fyrir samkvæmt vilja Guðs. En það er Guðs vilji að

[60]

hreinsa okkur af synd, gera okkur að sínum börnum og gera okkur kleift að lifa heilögu lífi. Við hljótum því að biðjast þessara blessana og trúa, að við öðl-umst þær og þakka Guði fyrir, að þær hafa fallið okkur í skaut. Við höfum þau forréttindi að mega koma til Jesú, verða hreinir gerðir og standa gagn-vart lögmálinu leystir undan blygðun eða samvizku-bitu. “Svo er þá nú engin fyrirdæming fyrir þá, sem tilheyra Kristi Jesú; því að lögmál lífsins anda hefur

fyrir samfélagið við Krist Jesúm frelsað mig frá lög-máli syndarinnar og dauðans.”

Upp frá þeirri stundu ert þú ekki þinn eigin, þú ert verði keyptur. “Þér eruð eigi leystir með forgengi-legum hlutum, silfri eða gulli... heldur með dýrmætu blóði Krists, eins og lýtalauss og óflekkaðs lambs.” Fyrir það eitt að trúá á Guð hefur heilagur andi vakið nýtt líf í hjarta þínu. Þú ert eins og barn, sem fæðzt hefur í fjölskyldu Guðs, og hann elskar þig eins og hann elskar son sinn.

Þegar þú nú hefur gefizt Jesú, þá drag þig ekki í hlé né vik frá honum, heldur skaltu daglega segja: “Kristur á mig. Ég hef sjálfur gefizt honum.” Og bið þú hann að gefa þér sinn anda og varðveita þig af náð sinni. Á sama hátt og þú varðst Guðs barn, er þú gafst honum og fórst að trúá á hann, átt þú og að lifa í honum. Postulinn segir: “Eins og þér því hafið tekið á móti Kristi, Drottni Jesú, svo skuluð þér lifa í honum.”

[61] Sumir virðast ætla, að þeir séu á reynslustigi og

verði að sanna Drottni, að þeir hafi betrazt, áður en þeir geta gert kröfu til blessunar Guðs. En þeim er þegar í stað heimilt að krefjast blessunar hans. Þeim verður að hlotnast náð Guðs og andi Krists til strykt-ar í veikleika sínum; að öðrum kosti fá þeir ekki stað-izt afl hins illa. Jesús vill, að við komum til hans eins og við erum klæddir, syndugir, umkomulausir og ósjálfbjarga. Við getum komið með allan okkar veik-leika, alla okkar fávizku og allar okkar syndir og fallið iðrandi fram að fótum hans. Honum er það dýrð að umvefja okkur kærleiksörmum, búa um sár okkar og hreinsa okkur af öllum óhreinleik.

Í þessum efnum skjátlást mörgum. Þeir trúá því ekki, að Jesús fyrirgefi þeim, hverjum um sig, sjálfur. Þeir taka orð Guðs ekki trú-anleg. Það eru forrétt-indi allra, sem fullnægja settum skilyrðum, að vita með sjálfum sér, að náðin tekur yfir allar syndir þeirra. Vísið á bug grunsemdunum um, að fyrirheit Guðs eigi ekki við ykkur. Þau gilda fyrir sérhvern iðrandi syndara. Fyrir Krist hefur okkur verið séð fyrir styrk og náð, sem hverri trúaðri sál er flutt af þjón-ustuenglum. Engir eru svo syndugir, að þeir geti ekki fundið styrk, hreinleika og réttlæti í Jesú, sem dó fyrir þá. Hann býður þess að fá að afklæða þá hin-um syndum saurgaða ham og íklæða þá hvítum skrúða réttlætisins. Hann býður þeim að lifa, en deyja ekki.

Guð kemur ekki fram við okkur eins og dauðlegir menn gera hverjir við aðra. Hugsanir hans mótast af

[62]

náð, kærleika og nærfærinni samúð. Hann segir: “Hinn óguðlegi láti af breytni sinni og illvirkinn af vélráðum sínum og snúi sér til Drottins, þá mun hann miskunna honum, til Guðs vors, því að hann fyrir-gefur ríkulega.” “Ég hef feykt burt misgerðum þin-um eins og þoku og syndum þínum eins og skýi.”

“Ég hef eigi velþóknun á dauða nokkurs manns, segir herrann Drottinn. Látið því af, svo að þér megið lifa.” Satan er þess albúinn að ræna okkur hinni dýr-mætu fullvissu Guðs. Hann þráir að svifta sálina hverjum vonarneista og hverjum ljósbjarma, en þú mátt ekki láta honum haldast slíkt uppi. Ljáðu freist-aranum ekki eyra, heldur segðu: “Jesús dó, svo að ég mætti lifa. Hann ann mér og vill ekki, að ég glatist. Ég á ástríkan himneskan föður, og enda þótt ég hafi misboðið ást hans og sóað þeim blessunum, sem hann hefur veitt mér, skal ég rísa á fætur, fara til föður míns og segja: ‘Ég hef syndgað móti himninum og þér, og ég verðskulda ekki lengur að kallast sonur þinn. Far með mig sem einn af daglaunamönnum þínum.’ Dæmisagan lýsir, hversu tekið verður á móti glataða syninum: ‘En er hann var enn langt í burtu, sá faðir hans hann og kenndi í brjósti um hann, hljóp og féll um háls honum og kyssti hann.’”

En svo hjartnæm og átakanleg sem dæmisaga þessi er, þá skortir mikið á, að hún sýni fyllilega óendan-lega miskunn hins himneska föður. Fyrir munn spá-mannsins segir Drottinn: “Með ævarandi elsku hef ég elskað þig; fyrir því hef ég látið náð mína haldast við

[63]

þig.” Meðan syndarinn er enn langt frá húsi föðurins og sóar eigum sínum í framandi landi, brennur þráin eftir honum í hjarta föðurins. Og hver þrá, sem vaknar í sálinni eftir afturhvarfi til Guðs, er hljóð-látt kall frá anda hans, biðjandi, knýjandi og laðandi föru-manninn að kærleiksríku hjarta föðurins.

Getur þú lengur efazt, þegar þér hafa verið leidd fyrir sjónir þessi dýrmætu fyrirheit Biblíunnar? Get-ur þú fest trúnað á, að Drottinn vísi syndaranum á bug og meini honum að falla iðrandi að fótum sér, þegar hann þráir að hverfa heim og láta af syndum sínum? Vík því líkum hugsunum frá sér. Ekkert getur skaðað sál þína alvarlegar en það, að ala með sér slíkar hugrenningar um okkar himneska föður. Hann hatar syndina, en ann syndaranum, og hann gaf sig sjálfan í Kristi, svo að allir, sem þess óskuðu, mættu frelsast og njóta eilífrar

blessunar í ríki dýrðarinnar. Hvernig mátti hann lýsa ást sinni í okkar garð á Ijósari eða nærfærnari hátt en hann kaus sér? Hann segir: “Hvort fær kona gleymt brjóstbarni sínu, að hún miskunni eigi lífsafkvæmi sínu? Og þó að þær gætu gleymt, þá gleymi eg þér samt ekki.”

Lít upp, þú sem efast og óttast, því að Jesús lifir og talar máli okkar. Þakkaðu Guði, að hann gaf sinn ástfólgni son, og bið þess, að hann hafi ekki árang-urslaust dáið fyrir þig. Andinn kallar þig þegar í dag. Komdu af heilum huga til Jesú, og þér er heimilt að krefjast blessunar hans.

- [64] Þegar þú lest um fyrirheitin, þá minnstu þess, að þau vitna um ólýsanlega ást og meðaumkun. Hið mikla hjarta hins takmarkalausar kærleika hneigist að syndaranum af takmarkalausri samúð. “Í honum eigum vér endurlausnina fyrir hans blóð, fyrirgefning afbrotanna.” Já, trúðu því einungis, að Guð sé hjálpar-hella þín. Hann vill endurvekja siðgæðishugmynd sína í mönnunum. Þegar þú nálgast hann með játningu og iðrun, mun hann koma til móts við þig með náð og fyrirgefningu.
- [65]

Prófraun trúarinnar

“Ef þannig einhver er í samfélagi við Krist, er hann ný skepna, hið gamla varð að engu, sjá, það er orðið nýtt.”

Manni kann að vera ókleift að tilgreina nákvæm-lega stund eða stað eða rekja öll þau atvik, sem leiddu til afturhvarfs hans. En slíkt sannar engan veginn, að afturhvarf hans hafi ekki átt sér stað. Kristur sagði við Nikódemus: “Vindurinn blæs, hvar sem hann vill, og þú heyrir þytinn í honum, en ekki veiztu, hvað-an hann kemur eða hvert hann fer. Eins er farið hverj-um, sem af andanum er fæddur.” Vindurinn er ósýni-egur, en áhrif hans má glögglega sjá og finna. Eins er og farið um áhrif Guðs anda á mannleg hjörtu. Hinn endurfæðandi kraftur, sem ekkert mannlegt auga fær greint, blæs nýju lífi í sálina, skapar nýja veru í Guðs mynd. Þó að andinn vinni í kyrrþey og án þess að greint verði, eru afleiðingar gerða hans samt aug-sýnilegar. Ef hjartað hefur endurnýjast af anda Guðs, þá mun lífernið bera vitni um þá staðreynd. Enda

þótt við getum engu áorkað um að breyta hjörtum okkar eða komast í samhljóman við Guð, enda þótt við megum engan veginn reiða okkur á sjálf okkur eða góðverk okkar, þá mun líferni okkar leiða í ljós, hvort náð Guðs býr með okkur. Mismunur þess, sem var og hins, sem er, mun verða skýr og eindreginn. Skapgerðin birtist ekki í einstaka góðverki eða ill-virki, heldur í orðum þeim og athöfnum, sem orðin eru að venju. [66]

Satt er það, að ytri hegðun kann að vera góð, án þess að endurnýjunarkrafti Krists sé til að dreifa. Löngun til áhrifa og girnd á annarra virðingu getur haft í för með sér áferðarfallett líferni. Sjálfsvirðing getur knúið okkur til að forðast illa breytni á yfir-borðinu. Eigingjarnt hjarta kann að drýgja göfuga dáð. Hvernig getum við þá orðið þess áskynja, hvoru megin við erum?

Hvers er hjartað? Hvar eru hugsanir okkar? Hvem er okkur hugleiknast að ræða um? Hver á hlýjustu tilfinningar okkar og beztu krafta? Ef Kristur á okk-ur, snúast hugsanir okkar um hann, og hann er kær-asta hugleiðingaefni okkar. Allt, sem við eigum og erum, er

honum vigt. Við þráum að líkjast honum, anda hans anda, gera vilja hans og þóknast honum í hvívetna.

[67] Þeir sem endurnýjast í Kristi, munu bera ávexti andans, sem eru “kærleikur, gleði, friður, langlyndi, gæzka, góðvild, trúmennska, hógværð, bindindi.” Þeir semja sig ekki frammar að fyrri fýsnum, heldur trúnni á son Guðs og feta í fótspor hans, skapgerð hans

mótar þá, og eins og hann er hreinn hreinsa þeir sig. Það sem þeir áður smáðu elska þeir nú, og það sem þeir áður dáðu hata þeir nú. Hinir stærilátu og þóttafullu verða hógværir og af hjarta lítillátir. Hinir hégóm-legu og yfirborðskenndu verða alvörugefnir og hógværir. Drykkfelldir verða hófsamir og óskírlífir hrein-lífir. Fánýtar venjur og tízka heimsins eru lagðar á hilluna. Kristnir menn sækjast ekki eftir “ytra skarti”, “heldur sé það hinn huldi maður hjartans í óforgengilegum búningi hógværs og kyrrláts anda.”

Ekkert sannar, að einlæg iðrun hafi átt sér stað, ef hún hefur ekki siðbót í för með sér. Ef syndarinn stendur við heit sitt, skilar aftur ránsfeng sínum, játar syndir sínar og elskar Guð og meðbræður sína, þá má hann vera þess viss, að hann hefur snúið frá dauðan-um til lífsins.

Þegar við komum til Krists sem villuráfandi og syndugar verur og verðum hluttakendur í fyrirgefn-ingarnáð hans, vaknar kærleikur í hjörtum okkar. Byrðar okkar verða léttar, því að okið, sem Kristur leggur okkur á herðar, er sem fis. Skyldan verður að ánægju og fórnin fögnuður. Leiðin, sem fyrr virtist hjúpuð myrkri, ljómast nú upp af geislunum frá sól réttlætisisins.

[68] Hinar elskuverðu eigindir Krists munu sjást í fari fylgjenda hans. Honum var það yndi að framkvæma Guðs vilja. Ástin á Guði og baráttugleðin fyrir hans dýrð varð hið stjórnandi afl í lífi frelsara okkar. Kærleikurinn fegraði og göfgaði allar athafnir hans.

Kærleikurinn er frá Guði. Hjartað, sem ekki hefur helgast, getur ekki skapað hann né vakið hjá sér. Hann er hvergi að finna, nema í hjörtum, þar sem Jesús ríkir. “Vér elskum, því að hann elskaði oss að fyrri bragði.” Í því hjarta, sem endurnýjað hefur verið af guðlegri náð, er kærleikurinn uppistaðan. Hann mótar skapgerðina, ríkir yfir hvötunum, stjórn-ar ástríðunum, bugar fjandskapinn og göfgar kennd-irnar. Þegar þessi kærleikur dafnar í sálinni, gerir hann lífið ljúft og hefur heillavænleg áhrif á þá, sem umgangast okkur.

Einkum eru það tvenns konar yfirsjónir, sem börn Guðs, sérstaklega þau, er nýverið hafa falið sig náð hans, þurfa að varast. Að annarri þeirra hefur þegar verið vikið, en hún er sú, að líta til eigin verka og treysta því, að hægt sé að verða Guði þóknanlegur fyrir eigin tilverknað. Sá sem freistar þess að helgast af eigin verkum við að hlýðnast lögmálinu, er að reyna að gera hið óframkvæmanlega. Allt sem menn geta gert án atbeina Krists, er grómtekið af eigin-girni og synd. Náð Krists fyrir trúna er hið eina, sem megnar að helga okkur.

Hin villan, sem er engu síður alvarleg, er sú, að trúin á Krist leysi menn frá að þurfa að hlýðnast lög-máli Guðs; að þar eð við öðlumst hlutdeild í náð Krists fyrir eina saman trúna, þá séu athafnir okkar endurlausninni óviðkomandi.

En gætið þess, að hlýðni er ekki einvörðungu ytri eftirlátssemi, heldur kærleikspjónusta. Lögmál Guðs tjáir hans sanna eðli, það er persónugervingur hinnar miklu grundvallarreglu kærleikans, og á því er reist stjórn hans á himni og jörð. Ef hjörtu okkar hafa endurnýjast í Guðs mynd, ef hið guðlega lögmál hefur náð að rótfestast í sál okkar, mundum við þá ekki fara að lögmáli Guðs í lífernir okkar? Þegar frumat-riði kærleikans hafa fest rætur í hjartanu og maður-inn hefur endurnýjast í mynd skapara síns, er þetta fyrirheit hins nýja sáttmála uppfyllt: “Lög mín vil eg gefa í hjörtu þeirra, og í hugskot þeirra vil eg þau rita.” Og sé lögmálið ritað í hjartað, mun það þá ekki móta breytnina? Hlýðnin — þjónusta og trú-mennska kærleikans — er hið sanna aðalsmerki læri-sveinsins. Þannig segir ritningin: “Því að í þessu birt-ist elskan til Guðs, að vér höldum hans boðorð.” “Sá sem segir: Eg þekki hann, og heldur ekki boðorð hans, er lygari, og sannleikurinn er ekki í honum.” Því fer svo fjarri, að trúin leysi okkur frá hlýðnis-skyldunni, að hún og hún ein veitir okkur hlutdeild í náð Krists og gerir okkur þar með kleift að inna af hendi hlýðnisskylduna.

Við vinnum okkur ekki til sáluhjálpar með hlýðn-inni, því að sáluhjálpin er gjöf frá Guði, sem okkur hlotnast fyrir trúna. En hlýðn-in er ávöxtur trúar-innar. “En þér vitið, að hann hefur birzt til þess að burttaka syndir, og í honum er ekki synd. Hver sem er stöðugur í honum, syndgar ekki. Hver sem syndgar, hefur ekki séð hann og þekkir hann ekki heldur.”

[69]

[70]

Þetta er hinn sanni prófsteinn. Ef við erum í Kristi, ef kærleikur Guðs er með okkur, munu tilfinningar okkar, hugrenningar og gerðir verða samkvæmar vilja Guðs eins og hann birtist í heilögu lögmáli hans. “Börnin mín, látið engan villa yður. Sá sem iðkar réttætið, er réttlátur eins og hann er réttlátur.” Réttvísinn er skilgreind eftir heilögu lögmáli Guðs, eins og það var fram sett í boðorðunum tíu á Sínaí-fjalli.

Hin svo kallaða trú á Krist, sem telur sig geta leyst mennina frá hlýðnisskyldunni við Guð, er ekki trú, heldur ofdirfska. “Því að af náð eruð þér hólpnir orðnir fyrir trú.” En “eins er líka trúin dauð í sjálfri sér, vanti hana verkin.” Jesús sagði um sjálfan sig, áður en hann kom til jarðarinnar: “Að gera vilja þinn, Guð minn, er mér yndi, og lögmál þitt er hið innra í mér.” Og rétt áður en hann steig upp til himna, sagði hann: “Eg hef haldið boðorð föður míns og stend stöðugur í elsku hans.” Ritningin segir: “Og á því vitum vér, að vér þekkjum hann, ef vér höldum boðorð hans. ... Sá sem segist vera stöðugur í hon-um, honum ber sjálfum að breyta eins og hann breytti.” “Því að Kristur leið einnig fyrir yður og eftirlét yður fyrirmynd, til þess að þér skylduð feta í hans fótspor.”

Skilyrðin fyrir því að öðlast eilíft líf eru enn hin sömu og þau hafa ævinlega verið, — hin sömu og þau voru í Paradis fyrir syndafall fyrstu forfeðra okkar,

[71] alger undirgefni undir lögmál Guðs, fullkomið réttlæti. Ef eilífa lífið stæði til boða með vægari skil-málum, mundi heill alheimsins teft í tvísýnu. Þá væri vegurinn greiddur fyrir syndina um all eilífd, með alla þá eynd og allt það volæði, sem hún hefur í för með sér.

Fyrir syndafallið stóð Adam til boða að þroska með sér réttlátan persónuleika með undirgefni undir lög-mál Guðs. En honum mistókst þetta, og vegna syndar hans spilltist eðli okkar, svo að við getum ekki rétt-lætt fyrir eigin tilverknað. Af því að við erum syndug og vanheilög, getum við ekki til fullnustu hlýðnast hinu heilaga lögmáli. Við búum ekki yfir eigin rétt-læti, sem mundi hrökkva til að fullnægja kröfum Guðs lögmáls. En Kristur hefur opnað okkur undan-komuleið. Hann bjó á jörðinni við sömu örðugleika og freistingar og okkur mæta. Hann lifði syndlausu lífi. Hann dó fyrir okkur, og nú býðst hann til að taka á sig syndir okkar og gefa okkur réttlæti sitt. Ef þú gefst honum og þekkest hann sem frelsara þinn, getur þú orðið réttlátur vegna hans, hversu syndsam-legt sem líferni þitt kann

að hafa verið. Eiginleikar Krists koma í stað þinna eigin, og Guð veitir þér við-töku rétt eins og þú hefðir aldrei syndgað.

Og það sem enn meira máli skiptir, Kristur um-breytir hjartalaginu. Hann býr í hjarta þínu fyrir trúna. Þér ber að viðhalda þessu sambandi við Krist með trú og með því að beygja vilja þinn sífellt fyrir honum. Svo lengi sem þú gerir það, mun hann sjá um, að þú bæði viljir og starfir honum til velþóknunar.

[72]

Því getur þú sagt: “En það sem eg þó enn lifi í holdi, það lifi eg í trúnni á Guðs son, sem elskaði mig og lagði sjálfan sig í sölurnar fyrir mig.” Þannig sagði Jesús við lærisveina sína: “Því að ekki eruð það þér, sem talið, heldur andi föður yðar, er í yður talar.” Þegar því Kristur starfar í þér, þá munt þú auðsýna sama anda og vinna sams konar verk og hann, — verk réttlætis og undirgefni.

Við höfum því ekkert til brunns að bera sjálf til að miklast af. Við höfum enga ástæðu til sjálfshafn-ingar. Eini vonargrundvöllur okkar er réttlætið, sem Kristur tileinkaði okkur, og svo það, sem unnið er af anda hans, er starfar í okkur og með okkur.

Þegar við ræðum um trú, ættum við að minnst þess, að ekki er allt gull, sem glóir. Til eru trúarbrögð, sem ekkert eiga skylt við trú. Tilvist Guðs og máttur, sannleikur orða hans, þetta eru staðreyndir, sem meira að segja Satan og árar hans geta ekki neitað í hjarta sínu. Biblían segir: “Illu andarnir trúa því líka og skelfast.” En slíkt er ekki trú. Þá aðeins er um trú að ræða, er við ekki einasta trúum orðum Guðs, heldur beygjum og vilja okkar undir hann, felum honum hjarta okkar og veitum honum kærleika okkar, — trú, sem er borin uppi af kærleika og helgar sálina. Fyrir þessa trú endurnýjast hjartað í Guðs mynd. Og það hjarta, sem fyrir afturhvarfið hvorki var né gat verið undirgefið lögmáli Guðs, gleðst nú við hin heilögu fyrirmæli þess og hrópar með sálma-skáldinu: “Hve mjög eg elska lögmál þitt, liðlangan

[73]

daginn íhuga eg það.” Og réttlæti lögmálsins upp-fyllist í okkur, “sem ekki göngum eftir holdi, heldur eftir anda.”

Til eru þeir, sem fengið hafa vitneskju um fyrir-gefningar kærleika Krists og sannarlega þrá að verða Guðs börn, en þeim er ljóst, að hugarfari þeirra er áfátt og breytni þeirra ábótavant, og þeir hneigjast til efasemda um, að hjörtu þeirra hafi endurnýjast af heilögum anda. Við þessa vildi ég segja: Hörfið ekki í örvæntingu. Oft verðum við að krjúpa að fótum Jesú og gráta ófullkomleika okkar og yfir-

sjónir. En við eigum ekki að láta hugfallast. Jafnvel þótt óvinurinn sigrist á okkur, er okkur ekki útskúfað, ekki rekin á dyr né vísað á bug af Guði. Nei, Kristur er við hægri hönd Guðs og talar máli okkar. Johannes, sem hann unni, sagði: “Þetta skrifa eg yður, til þess að þér skuluð ekki syndga. Og jafnvel þótt einhver syndgi, þá höfum vér árnaðarmann hjá föðurnum, Jesúm Krist hinn réttláta.” Og gleymum ekki orðum Krists: “Faðirinn sjálfur elskar yður.” Hann þráir að leiða þig á ný til sín, að sjá sinn eigin hreinleika og heilag-leika skína af þér. Viljir þú einungis gefast honum á vald, mun hann, sem byrjað hefur góða verkið í þér, leiða það til lykta allt til dags Jesú Krists. Biðst þú ákafar fyrir, trú þú fastar. Þegar við förum að van-treysta eigin mætti, þá skulum við reiða okkur á mátt endurlausnarans, og þá munum við lofa hann, sem er heilbrigði ásýndar okkar.

[74] Því nær sem þú kemur Kristi, því ófullkomnari muntu verða í eigin augum. Því að sjón þín skírist og ágallar þínir sjást í hrópandi andstæðu við fullkom-leika hans. Þetta er til marks um, að sjónhverfingar Satans hafa misst mátt sinn og lífgandi áhrif frá anda Guðs eru að stjaka við þér.

Djúpstæð ást á Jesú getur ekki búið í því hjarta, sem gerir sér ekki grein fyrir syndum sínum. Sálin, sem ummyndast hefur fyrir náð Krists, hlýtur að’ dást að guðdómlegum einkennum hans. En fáum við ekki greint okkar eigin siðferðisegu afskræmingu, er það óræk sönnun þess, að við höfum ekki augum litið fegurð og tign Krists.

Því minna sem við sjáum virðingarvert í okkur sjálfum, því skirar munum við sjá og virða óendan-legan hreinleika og ástríki frelsara okkar. Þegar okk-ur opnast skilningur á spillingu okkar, flýjum við til hans, sem getur fyrirgefið, og þegar sálin skynjar umkomuleysi sitt og leitar til Krists, opinberar hann sig í mætti sínum. Því fastar sem þörfin knýr okkur til hans og orðs Guðs, því háleitari verða hugmyndir okkar um eiginleika hans og því fullkomlegar munum við endurvarpa ímynd hans.

[75]

Að ná Kristsfyllingu

Í Biblíunni er talað um þá breytingu, er verður á hugarfarinu, þegar við gerumst börn Guðs, sem fæðingu. Öðru sinni er henni líkt við anga hins góða sæðis, sem bóndi sáði. Á svipaðan hátt verða þeir, sem nýlega hafa snúizt til Krists, eins og “nýfædd börn” að “vaxa í öllu upp”, unz þeir verða fullorðnir í Kristi. Eða eins og hið góða sæði, sem sáð var í akurinn, eiga þeir að vaxa upp og bera ávöxt. Jesaja segir: “Þeir munu kallaðir verða réttlætiseikur, plant-an Drottins honum til vegsemdar.” Þannig eru líking-ar sóttar í náttúruna til að auðvelda okkur að skilja betur leyndardómsfull sannindi andlega lífsins.

Þó að mennirnir beiti allri vizku sinni og kunnáttu, hrekkur það ekki til að vekja líf í nokkurri ögn í náttúrunni. Plöntur og dýr geta einungis lifað því lífi, sem Guð hefur gefið þeim. Á sama hátt megnar Guð einn að kveikja andlegt líf í mannshjörtunum. Enginn getur öðlazzt hlutdeild í því lífi, sem Kristur kom til að gefa okkur, “nema hann sé getinn að ofan.” Um vöxtinn gildir hið sama og um lífið. Það er Guð, sem lætur hnappinn blómstra og blómið bera ávöxt. Fyrir hans mátt þroskast sæðið, “fyrst stráíð, þá axið, þá fullt hveitikorn í axinu.” Og spámaðurinn Hósea segir um Israel, að “hann skal blómgast sem lilja.” “Þeir sem búa í skugga hans, skulu aftur rækta korn og blómgast eins og vínviður.” Og Jesús býður okkur að gæta “að liljunum, hversu þær vaxa.” Plönturnar og blómin spretta ekki fyrir eigin um-hyggju, ástundun eða atbeina, heldur með því að móttaka það, sem Guð hefur gefið þeim til viðhalds lífinu. Barnið getur ekki fyrir eigin atbeina aukið við vöxt sinn. Engu fremur getur þú, þrátt fyrir áhyggjur og eigin atbeina, tryggt þér andlegan viðgang. Plönturnar og börnin vaxa með því að móttaka úr um-hverfi sínu það, sem þau þurfa sér til viðurværis, — úr andrúmsloftinu, sólarljósinu og fæðunni. Það sem þessar gjafir náttúrunnar eru dýrum og plöntum, er Kristur þeim, sem honum treysta. Hann er þeim “eilíft ljós”, “sól og skjöldur”. “Hann skal verða Ísrael sem döggin”. “Hann mun falla

[76]

sem regn niður á ný-slegið engi”. Hann er hið lifandi vatn, “brauð Guðs . . . sem stígur niður af himni og gefur heiminum líf”.

Með sinni óviðjafnalegu gjöf, þegar Guð gaf son sinn, umlukti hann veröldina náðarlofti, sem er eins raunverulegt og andrúmsloftið, sem umlykur hnött-inn. Allir sem kjósa að draga að sér þetta lífgjafarloft, munu lifa og ná fullum þroska í Kristi Jesú.

[77] Eins og blómin breiða sig út móti sólu, til þess að skínandi geislar hennar megi stuðla að fegrun þeirra

og enn fullkomnara samræmi, svo ber okkur að snú-ast við sól réttlætisins, til þess að ljós himinsins fái skinið á okkur og skapgerð okkar þroskist eftir mynd Krists.

Hið sama kennir Jesús, þegar hann segir: “Verið í mér, þá verð ég líka í yður. Eins og greinin getur ekki borið ávöxt af sjálfri sér, nema hún sé á vín-viðinum, þannig ekki heldur þér, nema þér séuð í mér ... án mín getið þér alls ekkert gert.” Þið getið ekki frekar lifað heilögu lífi án Krists en greinin dafnað og borið ávöxt án stofnsins. Án hans færðu ekki lifað. Þig brestur algerlega þrek til að standast freistingarnar eða vaxa í náð og helgi. Ef þú lifir í Kristi, geturðu blómgast. Ef þú sækir lífsfyllingu þína til hans, munt þú ekki visna né vera ávaxtalaus. Þér mun farnast sem tré, er vex á árbakka.

Margir hyggja, að þeim beri að vinna nokkurn hluta verksins einir. Þeir hafa treyst Kristi, hvað áhrærir fyrirgefningu syndanna, en nú leitast þeir við að lifa réttu líferni á eigin spýtur. En hver slík tilraun hlýtur að fara út um þúfur. Jesús segir: “Án mín getið þér alls ekkert gjört.” Vöxtur okkar í náð-inni, fögnuður okkar, nytsemi okkar, — allt veltur þetta á samfélaginu við Krist. Með því að lifa í sam-félagi við hann á hverjum degi og hverri stundu — lifa í honum — vöxum við í náðinni. Hann er ekki einungis höfundur trúar okkar, heldur og fullkomn-ari hennar. Kristur er fyrstur, síðastur

[78] og ævinlega. Hann á að vera með okkur ekki einungis við upphaf

og endi á ferli okkar, heldur við hvert fótstígi okkar. Davíð segir: “Eg hef Drottin ætíð fyrir augum, þeg-ar hann er mér til hægri handar, verð ég eigi valtur á fótum.”

Ef til vill spyr þú: “Hvernig á ég að vera í Kristi?”

Eins og þú meðtókst hann í upphafi. “Eins og þér því hafið tekið á móti Kristi, drottni Jesú, svo skuluð þér lifa í honum.” “Hinn réttláti mun lifa fyrir trúna.” Þú gafst Guði til þess að vera hans óskiptur, þjóna honum og hlýðnast, og þú veittir Kristi viðtöku sem frelsara

þínum. Sjálfur gazt þú ekki friðþægt fyrir syndir þínar né umbreytt hjarta þínu. En er þú hafðir gefizt Guði, trúðir þú, að hann gerði allt þetta fyrir þig vegna Krists. Fyrir trúna varðst þú Krists eign, og fyrir trúna ber þér að vaxa í honum — með því að gefa og þiggja. Þér ber að gefa allt — hjarta þitt, viljaprek og þjónustu, — gefa honum sjálfan þig og hlýðnast öllum kröfum hans. Og þú verður að þiggja allt — Krist, fyllingu allrar blessunar, að hann megi búa í hjarta þínu, vera styrkur þinn, réttlæti og eilíf stoð — til að veita þér mátt til að hlýðnast.

Helga þú þig Guði að morgni. Lát það verða þitt fyrsta verk. Lát bæn þína hljóða svo: “Gefðu, Drott-inn, að ég megi vera þinn heill og óskiptur. Ég legg allt mitt ráð þér í skaut. Notaðu mig í dag í þína þjónustu. Vertu í mér, og gefðu, að öll mín störf megi verða unnin í þér.” Þetta verður að gerast daglega. Hvern morgun skaltu helga þig Guði þann dag, sem í hönd fer. Fel honum öll áform þín, svo að þau megi

[79]

ná fram að ganga eða farast fyrir eftir því sem for-sjón hans ákvarðar. Þannig getur þú hvern dag falið líf þitt Guði á vald, þann veg mótast líf þitt æ meira af lífernir Krists.

Lífið í Kristi er friðsælt. Ef til vill er í því ekki mikið um ofsagleði, en það ætti að bjóða varanlegt og frið-sælt traust. Vonin er ekki við mann sjálfan tengd, heldur Krist. Veikleiki manns sameinast styrk hans, fávizka manns vizku hans, breyzkleiki manns þol-gæði hans. Þess vegna skyldu menn ekki líta til sjálfra sín né láta hugann dvelja við eigin málefni, heldur snúa huganum til Krists. Hugleiðum kærleika hans, fegurð og fullkonnun skapgerðar hans. Kristur í sjálfsafneituninni, auðmýkingunni, hreinleikanum og heilagleikanum, í óviðjafnanlegum kærleika sin-um, — þetta eru sálinni verðug íhugunarefni. Með því að elska hann, taka hann sér til fyrirmyndar og treysta honum til fullnustu, umbreytast menn í hans mynd.

Jesús segir: “Verið í mér.” Þessi orð flytja boðskap um hvíld, hald og traust. Annað sinn býður hann: “Komið til mín ... og eg mun veita yður hvíld.” Orð sálmaskáldsins túlka sömu hugmynd: “Ver hljóður fyrir Drottini og vona á hann.” Og Jesaja segir: “Í þolinmæði og trausti skal styrkur yðar vera.” Þessa hvíld er ekki að finna í athafnaleysi, því að í boði frelsarans er fyrirheitið um hvíld tengt kallinu til starfa. “Takið á yður mitt ok, ... og þá skuluð þið finna sálum yðar hvíld.” Það hjarta, sem

[80]

fullkomlegast hvílir í Kristi, mun starfa fyrir hann af mestri einlægni og kostgæfni.

Þegar hugurinn dvelur við okkur sjálf, beinist hann frá Kristi, uppsprettu orkunnar og lífsins. Þess vegna leitast Satan í sífellu við að draga athygli okk-ur frá frelsaranum og með því móti hindra samfélag sálarinnar við Krist. Lystisemdir heimsins, áhyggjur, vandamál og sorgir, ágallar annarra, eigin ávirðingar og ófullkomleiki, — að þessum efnum öllum í senn eða einstökum, leitast hann við að beina athygli okkar. Látið ekki blekkjast af þessum vélum. Of oft tekst honum að fleka marga, sem eru sómakærir og þrá að lifa Guði þóknanlega, til þess að hugleiða eigin ávirðingar og ófullkomleika. Og með því að skilja þá þannig frá Kristi, gerir hann sér vonir um að fá sigrað þá. Við ættum að forðast að verða of innhverf og gefa okkur á vald áhyggjum og ótta um sáluhjálp okkar. Allt slíkt leiðir sálinnar frá orkuuppsprettu okkar. Felum sálir okkar Guði á vald og treystum honum. Tölum og hugsum um Jesúm. Gleymum sjálf-um okkur vegna hans. Rýmum efanum á brott, vísu óttanum á bug. Segjum með postulanum Páli: “Sjálf-ur lifi eg ekki frammar, heldur lifir Kristur í mér. En það sem eg þó enn lifi í holdi, það lifi eg í trúnni á Guðs son, sem elskaði mig og lagði sjálfan sig í söl-urnar fyrir mig.” Hvílið í Guði. Honum er treystandi til að varðveita það, sem þú hefur falið honum. Ef þú felur þig honum, mun hann færa [81] þér meira en nokkrum sigurvegara fyrir þann, sem hefur elskað þig.

Með því að gerast maður, tengdi Kristur mann-kynið við sig þeim kærleiksböndum, sem enginn mátt-ur fær rofið annar en eigið val mannsins. Satan reynir án afláts með freistingum að tæla okkur til að slíta þessi bönd, — að kjósa að skiljast frá Kristi. Fyrir því þurfum við stöðugt að standa á varðbergi, biðja þess, að ekkert fái glapið okkur til að velja okkur annan læriföður, því að slíkt stendur okkur ævinlega til boða. En við skulum aldrei missa sjónar á Kristi, þá mun hann varðveita okkur. Meðan við horfum á Krist, er okkur borgið. Ekkert fær hrifið okkur úr hendi hans. Með því að hafa hann stöðugt fyrir aug-um munum við “ummyndast til hinnar sömu myndar, frá dýrð til dýrðar, með því að það kemur frá Drottni, andanum.”

Á þennan hátt ávannst fyrstu lærisveinunum að líkjast hjartfólgnum frelsara sínum. Þegar þessir lærisveinar heyrðu orð Jesú, fundu þeir, að þeir þörfnuðust hans. Þeir leituðu hans, fundu hann og fylgdu honum. Þeir voru samvistum við hann inni við, til borðs, í

einrúmi og úti við. Þeir umgengust hann sem lærisveinar kennara, og daglega lærðu þeir af vörum hans helg sannindi. Þeir litu til hans sem þjónar til húsbónda síns til þess að fá að vita, hvað þeim bæri að gera. Lærisveinar þessir voru menn, “sama eðlis og vér”. Þeir háðu sams konar baráttu við syndina. Þeir þörfnuðust sömu náðar til þess að fá lifað heilögu lífi.

Meira að segja Jóhannes, lærisveinninn elskaði, og

[82]

sem fullkomlegast endurspeglaði mynd frelsarans, átti ekki í eðli sínu þetta blíða skaplyndi. Hann var ekki einasta framhleyppinn og metnaðargjarn, heldur og uppstökkur og hefnigjarn, þegar honum fannst sér misboðið. En þegar honum var ljóst orðið eðli hins guðdómlega, opnuðust augu hans fyrir eigin ávirð-ingum, og sú vitneskja auðmýkti hann. Styrkurinn og þolgæðin, mátturinn og viðkvæmnin, tignin og mild-in, sem hann sá fyrir sér í daglegu lífi Guðs sonar, fyllti sál hans aðdáun og ást. Með hverjum deginum dróst hjarta hans nær Kristi, unz hann missti sjónar á sjálfum sér af kærleika til meistara síns. Hefni-girni hans og hroki rýmdu sess fyrir mótunarkrafti Krists. Endurnýjandi áhrif heilags anda ummynduðu hjarta hans. Máttur kærleika Krists olli gerbreytingu á hugarfari hans. Þetta er óbrigðul afleiðing af sam-félaginu við Jesúm. Þegar Kristur býr hið innra með mönnum, taka þeir algerum sinnaskiptum. Andi Krists og kærleiki hans mýkir hjartað, mildar sálina og lyftir huga og þrá til Guðs og himna.

Þegar Kristur steig upp til himna, fundu samfylgd-armenn hans enn til návistar hans. Það var persónuleg návist, full ástar og birtu. Jesús, frelsarinn, sem hafði farið um með þeim, talað við þá og beðið með þeim, hafði flutt hjörtum þeirra von og huggun, og með friðarboðskapinn ennþá á vörunum hafði hann verið hrifinn frá þeim upp til himna. Og hljómur raddar hans hafði borizt þeim, þegar englaskarinn veitti hon-um viðtöku: “Og sjá, eg er með yður alla daga allt

[83]

til enda veraldarinnar.” Hann hafði stigið upp til himna í mannlegri mynd. Þeir vissu, að fyrir hástóli Guðs var hann ennþá vinur þeirra og frelsari, að sambúð hans var hin sama og fyrr, að hann var ennþá tengdur þjáningum mannkynsins. Hann var að leggja fyrir Guð verðleika síns eigin dýrmæta blóðs og sýndi sár handa sinna og fóta til marks um það verð, er hann hafði goldið fyrir þá, sem hann

endurleysti. Þeir vissu, að hann hafði stigið til himna til að búa þeim stað, og hann mundi koma aftur og taka bá til sín.

Er þeir komu saman eftir uppstigninguna, þráðu þeir ákaft að bera fram óskir sínar við föðurinn í nafni Jesú. Í hátíðlegri lotningu lutu þeir höfði í bæn og endurtóku fyrirheitið: “Hvað sem þér biðjið föð-urinn um, það mun hann veita yður í mínu nafni. Hingað til hafið þér einskis beðið í mínu nafni; biðjið, og þér munuð öðlast, til þess að fögnuður yðar verði fullkominn.” Hærra og hærra réttu þeir upp hendur trúarinnar með hinni máttugu röksemd: “Kristur Jesús er sá, sem dáinn er, og meira en það, er upp-risinn frá dauðum, hann sem er við hægri hönd Guðs, hann sem einnig biður fyrir oss.” Og hvítasunnan færði þeim návist huggarans, sem Kristur hafði sagt um: “Hann dvelur hjá yður og er í yður.” Og enn-fremur hafði hann sagt: “Það er yður til góðs, að eg fari burt. Því að fari eg ekki burt, mun huggarinn ekki koma til yðar, en þegar eg er farinn, mun eg senda hann til yðar.” Upp frá því ætlaði andi Krists jafnan að búa í hjörtum barna sinna. Samfélag þeirra við hann varð nánar en þegar hann var sjálfur ná-vistum við þá. Birtan, ástin og mátturinn frá Kristi, sem með þeim dvaldi, geislaði af þeim, svo að menn, sem sáu þá “undruðust ... Og þeir könnuðust við þá, að þeir höfðu verið með Jesú.”

Allt sem Kristur var hinum fyrstu lærisveinum, þráir hann að verða núlifandi börnum sínum. Því að í hinztu bæn sinni, er hann bað umkringdur fámenn-um hópi lærisveina, sagði hann: “En eg bið ekki ein-ungis fyrir þessum, heldur og fyrir þeim, sem trúá á mig fyrir orð þeirra.”

Jesús bað fyrir okkur, og hann bað þess, að við mættum verða eitt með honum eins og hann er eitt með föðurnum. Hvílíkt samfélag. Frelsarinn hefur sagt um sjálfan sig: “Sonurinn getur ekkert gert af sjálfum sér.” “Faðirinn, sem í mér er, hann gerir verk sín.” Ef því Kristur býr í hjörtum okkar, mun hann verka í okkur, “bæði að vilja og framkvæma sér til velpóknunar.” Við munum starfa eins og hann starfaði, við munum auðsýna sama anda. Og með því að elska hann þannig og vera í honum, munum við “vaxa í öllu upp til hans, sem er höfuðið, — Kristur.”

Starfið og lífið

Guð er uppspretta lífsins og ljóssins og fögnuður alheiminum. Eins og geislar frá ljósi sólarinnar, eins og vatnsstraumur frá uppsprettulind, streymir blessun frá honum til allrar skepnu hans. Og hvar sem líf Guðs er í hjörtum mannanna, berst það út til annarra í kærleika og blessun.

Fögnuður frelsara okkar var fölginn í að göfga og frelsa synduga menn. Í þessu augnamiði taldi hann líf sitt ekki of dýra fórn, þoldi krossfestinguna og mat smánina einskis. Á sama hátt eru englar sífellt að verki fyrir hamingju annarra. Það er þeirra fögn-uður. Það sem eigingjörn hjörtu mundu telja auð-mýkjandi þjónustu, að hlynna að voluðum, sem á allan hátt eru lítilmótlegir, bæði að andlegu atgervi og mannvirðingum, telja englarnir sér samboðið. Fórnfús kærleiksandi Krists er sá andi, sem ríkir á himnum og er sjálf máttarstoð fullsælu hans. Slíkur er andinn, sem fylla mun liðsmenn Krists og verkin, er þeir munu vinna.

Þegar kærleiki Krists er greiptur í hjartað eins og unaðslegur ilmur, fær hann eigi dulizt. Heilög áhrif hans munu verða greind af öllum þeim, sem við sam-neytum. Andi Krists í hjartanu er eins og lind í eyði-mörk, sem alla endurnærir og gerir þá, sem eru að-fram komnir, sólgna í að bergja á lífsins vatni.

[86]

Ástin á Jesú mun ásannast í þrá til að starfa eins og hann gerði, mannkyninu til blessunar og göfgunar. Hún mun verða uppspretta kærleika, viðkvæmni og samúðar gagnvart allri skepnu, sem okkar himneski faðir ber fyrir brjósti.

Líf frelsarans hér á jörð var ekki náðugt, né var hann sjálfum sér eftirlátur, heldur vann hann þrot-laust og af óþreytandi kostgæfni að frelsun glataðs mannkyns. Frá jötunni til Golgata gekk hann veg sjálfsafneitunarinnar og leitaði ekki lausnar frá tor-veldum viðfangs-efnum, kveljandi ferðalögum eða lýjandi áhyggjum og erfiði. Hann sagði: “Manns-son-urinn er ekki kominn til þess að láta þjóna sér, heldur til þess að þjóna og til þess að gefa líf sitt til lausnar-gjalds fyrir marga.” Þetta var eina takmark ævi hans. Allt annað var hégómi

hjá því. Það var matur hans og drykkur að gera vilja Guðs og Ijúka verki hans. Eigingirni og eiginhagsmunir áttu engan hlut í störfum hans.

Þannig munu þeir, sem hlutdeild hafa fengið í náð Krists, verða reiðubúnir til að færa hverja þá fórn, sem þarf til, að aðrir, sem hann dó fyrir, fái einnig notið hinnar himnesku gjafar. Þeir munu einkis láta ófreistað til þess, að heimurinn batni fyrir dvöl þeirra í honum.

[87] Þessi andi er órækt vitni sannra sinnaskipta.

Um leið og maður er kominn til Krists, vaknar í hjarta hans þrá til að kunngerá öðrum, hversu dýr-mætan vin hann hafi fundið í Jesú. Ókleift er að byrgja í hjarta sínu hinn frelsandi og heilaga sann-leika. Ef við höfum íklæðzt réttlæti Krists og höfum fyllzt fögnuði anda hans, sem hjá okkur er, mun okk-ur reynast ókleift að halda að okkur höndum. Ef við höfum reynt og séð, hversu góður Drottinn er, þá höfum við líka frá einhverju að segja. Eins og Filipp-us gerði, þegar hann fann frelsarann, munum við bjóða öðrum að njóta návistar hans. Við munum leit-ast við að tjá þeim aðdráttarafl Krists og hinna óséðu sanninda heimsins, sem í vændum er. Þráin að feta í fótspor Jesú verður ómótstæðileg. Við munum af alhuga óska, að þeir, sem umhverfis okkur eru, fái að sjá “guðslambið, er ber synd heimsins.”

Og viðleitnin til að veita öðrum blessun mun færa okkur sjálf-um blessun. Sá var og tilgangur Guðs, er hann fól okkur verk að vinna í þágu endurlausnar-innar. Hann hefur gefið mönnunum þau forréttindi að verða hluttakendur í guðdómseðlinu og að fá að vinna að útbreiðslu blessunarinnar meðal meðbræðra sinna. Það er hæsti heiður og mesti fögnuður, sem Guð getur mögulega veitt mönnun-um. Þeir sem þann veg verða þátttakendur í kærleiksstarfinu, komast næst skapara sínum.

[88] Guð hefði getað falið hinum himnesku englum boð-un fagnaðar-erindisins og alla kærleikspjónustuna. Hann hefði getað beitt öðrum aðferðum til að ná

tilgangi sínum. En af takmarkalausum kærleika sínum kaus hann að gera okkur samstarfsmenn sína ásamt Kristi og englunum, svo að við mættum fá hlutdeild í blessuninni, fögnuðinum og hinni andlegu upphafn-ingu, sem leiðir af þessari óeingingjörnu þjónustu.

Samúð Krists höfum við hlotið með þátttöku í þjáningum hans. Hver sjálfsfórn í annarra þágu styrkir anda blessunarinnar í hjarta gefandans og tengir hann enn fastari böndum endurlausnara heims-

ins, sem “þótt ríkur væri, gerðist yðar vegna fátækur, til þess að þér auðguðust af fátækt hans.” Og það er einungis, ef við uppfyllum hinn guðlega tilgang sköp-unar okkar, að lífið getur orðið okkur til blessunar.

Ef þú vilt ganga til verks eins og Kristur ætlar lærisveinum sínum og vinna sálir fyrir hann, muntu finna þörf fyrir innilegri reynslu og víðtækari þekk-ingu á sviði guðdómlegra efna, og þig mun hungra og þyrsta eftir réttlæti. Þú munt biðja Guð af alhug, trú þín mun styrkjast og sál þín mun drekka æ dýpri teygja af lind hjálpræðisins. Mótgangur og erfiðleikar munu knýja þig til Biblíunnar og bænahalds. Þú munt vaxa í náð og þekkingu á Kristi og öðlast yfirgrips-mikla reynslu.

Andi óeigingjarnrar vinnu í annarra þágu veitir mönnum djúpsæi, staðfestu og kristilegan kærleika og færir þeim, sem verkin vinna, frið og farsæld. Hugðarmálin eru háleit, leti og eigingirni er vísað á bug. Þeir sem þannig ástunda kristilegar dygðir, munu vaxa og eflast til starfanna fyrir Guð. Þeim mun

[89]

hlotnast ljós andlegur skilningur, staðföst og vaxandi trú og aukinn bænamáttur. Andi Guðs, sem knýr anda þeirra, kemur sálinni í heilagt jafnvægi, sem sam-rýmist hinni guðdómlegu snertingu. Þeir sem helga sig þannig óeigingjörnu starfi fyrir annarra velferð, eru svo sannarlega að vinna að eigin sáluhjálp.

Eina leiðin til þess að vaxa í náð, er að vinna kapp-samlega að því, sem Kristur fól okkur á hendur, — að starfa eftir fremsta megni þeim til hjálpar og blessunar, sem þarfnast aðstoðar okkar. Mátturinn kemur af æfingunni, athafnasemi er frumskilyrði lífsins. Þeir sem leitast við að lifa kristilegu lífi með því að meðtaka óvirkir blessunina, sem náðin færir, en starfa ekkert fyrir Krist, eru beinlínis að freista þess að draga fram lífið án þess að vinna fyrir sér. Og í andlega heiminum, sem í efnisheiminum, leiðir slíkt ævinlega til úrkynjunar og hrörnunar. Maður, sem ekki notaði limi sína, mundi von bráðar missa allan þrótt í þeim. Þannig fer þeim kristnum mönnum, sem nota ekki þá hæfileika, sem Guð hefur gefið þeim. Þeir hætta ekki einasta að vaxa upp í Kristi, heldur missa þeir og þann mátt, sem þeir höfðu þegar hlotið.

Kirkja Krists er útvalið verkfæri Guðs til sálu-hjálpar mönnunum. Köllun hennar er að flytja heim-inum fagnaðarerindið, og sú skylda hvílir á öllum kristnum mönnum. Hver og einn á að vinna sinn hluta

[90] af verkinu, sem frelsarinn fól okkur, allt eftir því sem hæfileikar og tækifæri leyfa. Kærleikur Krists, sem

okkur hefur verið opinberaður, gerir okkur skulduga öllum þeim, sem þekkja hann ekki. Guð hefur ekki gefið okkur ljósið eingöngu til eigin nota, heldur og til þess, að það megi bera öðrum birtu.

Ef liðsmenn Krists héldu vöku sinni, væru nú í dag þúsundir, þar sem aðeins er einn að boða fagnaðar-erindið meðal heiðinna manna. Og allir þeir, sem ekki gætu sjálfir lagt hönd á plóginn, mundu stuðla að verkinu með fjármunum sínum, samhygð og bænum. Og í kristnum löndum mundi af miklu meiri alvöru-þunga vera unnið fyrir sálir í kristnum löndum.

Við þurfum ekki að halda til heiðinna landa eða svo mikið sem yfirgefa þröngan hring heimilis okkar, ef skyldan bindur okkur þar, til þess að geta unnið Kristi. Við getum starfað innan heimilisins, í söfnuð-inum, meðal þeirra, sem við umgöngumst og þeirra, sem við eigum skipti við.

Drýgsta hlutanum af lífi sínu hér á jörð eyddi frelsarinn önnum kafinn við erfiðið á vinnustað tré-smiðarins í Nazaret. Þjónustu-englar voru í för með drottni lífsins, er hann gekk um í hópi bænda og verkamanna, óþekktur og án vegsemdar. Hann var að vinna að köllun sinni af sömu trúmennskunni, meðan hann stundaði sína yfirlætislausu iðn, eins og þegar hann læknaði sjúka eða gekk á stormúfnum öldum Galíleuvatnsins. Þannig getum við gengið með Kristi og unnið honum samhliða skyldustörfum okk-ar, þótt við skipum virðingarminnstu stöður þjóðfé-lagsins.

[91] Postulinn segir: “Bræður, sérhver verði hjá Guði kyrr í þeirri stétt, sem hann var kallaður í.” Kaup-sýslumaðurinn getur rekið viðskipti sín svo, að meist-ara hans verði til dýrðar, fyrir trúmennsku sakir. Ef hann er sannur liðsmaður Krists, mun hann láta trú sína móta öll verk sín og opinbera mönnum anda Krists. Iðnaðarmaðurinn getur verið ástundunarsam-ur og trúr fulltrúi hans, sem erfiðaði við lítilsmetin störf í hlíðum Galíleu. Hver sá, sem tekur sér nafn Krists í munn, ætti að starfa svo, að aðrir, sem sjá vel unnin verk þeirra, hljóti að lofsyngja skapara sinn og endurlausnara.

Margir hafa afsakað sig frá að beita gáfum sínum í þjónustu Krists með því, að aðrir væru gæddir meiri gáfum og hæfileikum. Þeirrar skoðunar hefur mikið gætt, að þeir einir, sem gæddir væru frábærum gáf-um, væru kallaðir til að helga Guði krafta sína. Margir

hafa bitið í sig þá meinloku, að afburða hæfi-leikar hafi einungis verið gefnir fáum útvöldum en öðrum meinaðir, og væri hinum síðarnefndu þá hvorki ætlaður hluti í erfiðinu né umbuninni. En þannig er þessu ekki lýst í dæmisögunni. Þegar hús-bóndinn kallaði fyrir sig þjóna sína, fékk hann hverj-um verk við sitt hæfi.

Við getum leyst af hendi lítilmótlegustu skyldu-störf lífsins í kærleiksanda “eins og Drottinn ætti í hlut.” Ef ást Guðs er í hjartanu, þá mun hennar gæta í líferninu. Unaðslegur ilmur Krists mun umlykja okk-ur, og áhrif okkar munu göfga og blessa. [92]

Bíð þú ekki eftir miklu tilefni né því, að þú eignist neina sérstaka hæfileika, áður en þú tekur til starfa fyrir Guð. Skeyttu því ekki, hvað heimurinn kann að hugsa um þig. Ef dagfar þitt vitnar um herinleika og einlægni trúar þinnar og aðrir sannfærast um, að þú þráir að verða þeim til blessunar, verður erfiði þitt ekki ófyrirsynju.

Auðmýkstu og litilmótlegustu lærisveinar Jesú geta orðið öðrum til blessunar. Óvíst er, að þeir geri sér grein fyrir, að þeir séu að vinna neitt sérstakt góðverk, en fyrir ómeðvituð áhrif kunna þeir að vekja bylgjur blessunar, sem víkka og vaxa. Og bless-unarríkar afleiðingar verða þeim ef til vill ekki kunn-ar, fyrr en á degi lokareiknings-skilanna. Þeir finna hvorki né vita, að þeir eru að vinna stórvirki. Enginn ætlast til þess af þeim, að þeir þreyti sig á áhyggjum út af árangri verka sinna. Þeim ber einungis að starfa í kyrrþey, vinna af trúmennsku verk þau, sem guð-leg forsjón ætlar þeim, og þá lifa þeir ekki til einskis. Sálir þeirra munu verða æ líkari Kristi. Þeir eru sam-verkamenn Guðs í þessu lífi og verða þannig hæfari til háleitari starfa og þess bjarta fagnaðar lífsins, sem í vændum er. [93]

Pekking á Guði

Með margvíslegu móti leitast Guð við að opinber-ast okkur og leiða okkur í samfélag við sig. Nátt-úran talar til okkar án afláts gegnum skilningarvitin. Móttækilegt hjarta mun verða fyrir áhrifum frá kær-leika Guðs og dýrð, eins og þau birtast í verkum handa hans. Eyrað sem hlustar fær heyrt og skilið boðskap Guðs í undrum náttúrunnar. Grænar víðátt-ur, hávaxin tré, brum og blóm, ský sem líða um loft-in, regn, niðandi lækur, dýrð himinsins, allt talar þetta til hjartans og býður okkur að kynnst meist-aranum, sem allt þetta skóp.

Frelsarinn tengdi dásamlegustu fræðslu sína við fyrirbæri náttúrunnar. Trén, fuglarnir, dalablómin, hæðirnar, vötnin og fegurð himinsins, ásamt atvikum á sviði daglega lífsins, allt var þetta samofið orðum sannleikans, svo að kenningar hans mættu þeim mun oftar vakna í huga okkar, mitt í önn og erfiði brauð-stritsins.

[94] Guð vill, að börn hans kunni að meta verk hans og finni fögnuð í einfaldri og kyrrlátri fegurðinni, sem hann hefur prýtt jarðnesk heimkynni okkar með.

Hann ann hinu fagra, en fagra skapgerð elskar hann samt heitar en nokkuð það, sem gætt er ytri þokka. Hann kysi helzt af öllu, að við legðum rækt við hrein-leika og einfaldleika, hinn hógværa þokka blómanna.

Ef við einungis fáumst til að ljá eyra, þá geta sköp-unarverk Guðs veitt okkur dýrmæta fræðslu um hlýðni og trúnaðartraust. Allt í náttúrunni hlýðir vilja Guðs, allt ofan frá stjörnunum, sem í aldir hafa þrætt óvarðaða slóð, niður í minnstu ódeilisagn-ir. Guð annast allt og sér fyrir öllu, sem hann hefur skapað. Hann sem heldur uppi óteljandi sólkerfum um ómælisgeiminn, annast samtímis þarfir litlu spörv-anna, sem óttalausir syngja yfirlætislausu söngvana sína. Okkar himneski faðir vakir ævinlega yfir okkur af viðkvæmri blíðu, hvort sem við göngum að dag-legum störfum eða biðjumst fyrir, hvort sem við erum að klæðast eða ganga til hvílu, hvort sem auðkýfing-ar halda veizlu í skrauthýsum sínum eða fátæklingar safna

að sér börnum sínum umhverfis fábreyttan kost. Ekkert tár fellur án vitundar Guðs, og ekkert bros fær dulizt honum.

Ef við einungis trúum þessu fullkomlega, gufa allar fánýtar áhyggjur upp. Líf okkar yrði ekki svo von-brigðum stráð sem raun ber vitni, því að hvað eina, stórt og smátt, mundi falið Guði á vald, en honum vaxa ekki í augum hinar margvíslegu flækjur, né læt-ur hann á sjá, að byrðarnar íþyngi honum. Við mund-um þá hljóta sálarró, sem mörgum okkar hefur verið með öllu framandi.

[95]

Þegar skilningarvit þín njóta dásemda jarðarinnar, skalt þú leiða hugann að heiminum, sem í vændum er og aldrei mun verða gróm-tekinn af bölvun syndar og dauða, og þar sem ásjóna náttúrunnar mun ekki frammar myrkvast af skugga bölvunarinnar. Gerðu þér í hug-arlund bústaði hinna frelsuðu og minnstu þess, að þeir munu verða dýrlegri en fjörugasta ímyndunarafl getur skapað fyrir hugarsjónum sín-um. Í hinum margvíslegu gjöfum Guðs í náttúrunni sjáum við ekki nema daufasta bjarmann af dýrð hans. Skrifað stendur: “Það sem auga sá ekki og eyra heyrði ekki, og ekki kom upp í hjarta nokkurs manns, allt það sem Guð fyrirbjó þeim, er elska hann.”

Skáldin og náttúrufræðingarnir kunna frá mörgu að segja um náttúruna, en kristnir menn kunna ennþá betur að meta fegurð jarð- arinnar, því að þeir greina þar handaverk föðurins og skynja ást hans frá hverju blómi, runna og tré. Enginn kann til fulls að meta mikilvægi hæða og dala, fljóta og vatna, sem ekki lítur á slíkt sem tjáningu á kærleika Guðs til mann-kynsins.

Guð talar til okkar með forsjón sinni og áhrifum anda síns á hjörtun. í aðstæðum okkar og umhverfi, í daglegum umskiptum um- hverfis okkur bjóðast okk-ur margir dýrmætir lærdómar, ef hjörtu okkar eru aðeins opin fyrir þeim. Sálmaskáldið segir, þegar hann hugleiðir verk forsjónar Guðs: “Jörðin er full af misk-unn Drott- ins.” “Hver sem er vitur, gefi gætur að þessu, og menn taki eftir náðarverkum Drottins.”

[96]

Guð talar til okkar í orði sínu. Þar opinberast í ljós-um dráttum eðli hans, samskipti hans við mennina og hið mikla endurlausnar- starf. Þar er lokið upp fyrir okkur sögu feðranna og spámannanna og annarra helgra mann í fyrndinni. Þeir voru menn, “sama eðlis og vér.” Okkur gefur að líta, hversu þeir máttu stríða við sams konar andstreymi og við, féllu fyrir freist-ingum eins og við, hertu þó upp hugann á ný og fögn-uðu sigri fyrir náð Guðs. Þegar við athugum

þetta, fyllumst við hugmóði í baráttu okkar fyrir réttlæti. Þegar við lesum um hina dýrmætu reynslu, sem þeim hlotnaðist, um ljósið, kærleikann og blessunina, sem þeir urðu aðnjótandi og um starfið, sem þeir leystu af hendi fyrir náðina, sem þeim var gefin, þá vekur andinn, sem þeir voru innblásnir, heilagan loga í hjört-um okkar og þrá eftir að verða þeim líkir að hugar-fari og ganga sem þeir á Guðs vegum.

Jesús sagði um bækur Gamla testamentisins, — og enn frekar á það þó við um hið nýja: “Þær eru það, sem vitna um mig.” Um endurlausnarann, hann sem allar vonir okkar um eilíft líf eru reistar á. Já, öll Bibl-ían segir frá Kristi. Allt frá fyrstu frásögninni um sköpunina, — því að “án þess varð ekkert til, sem til er orðið” — til loka fyrirheitisins: “Sjá, eg kem skjótt”, lesum við um verk hans og hlýðum á rödd hans. Viljir þú kynnast frelsaranum, skaltu gaumgæfa heilaga ritningu.

[97] Fyll hjarta þitt orðum Guðs. Þau eru hið ferska vatn, sem fær svalað brennandi þorsta þínum. Þau

eru hið lif andi brauð af himnum. Jesús segir: “Ef þér etið ekki hold manns-sonarins og drekkið blóð hans, hafið þér ekki líf í yður.” Og hann skýrir orð sín þannig: “Orðin, sem eg hef talað við yður, eru andi og eru líf.” Líkamir okkar eru byggðir upp af því, sem við etum og drekkum, og andlega lífinu er eins farið og hinu efnislega: Það sem við hugleiðum, ræður stefnu og styrk anda okkar.

Endurlausnin er efni, sem englana fýsir að skyggn-ast í. Hún mun verða þau vísindi sem hinir endur-leystu iðka og inntak söngva þeirra um allar aldir eilífðarinnar. Verðskuldar hún ekki gaumgæfa íhug-un og rannsókn nú þegar? Óendanleg miskunnsemi og kærleikur Jesú, fórnin sem fyrir okkur var færð, þarfnast alvarlegustu og háleitustu hugleiðinga okk-ar. Við ættum að dvelja við eiginleika endurlausnara okkar og árnaðarmanns. Okkur ber að hugleiða verk hans, sem kom til þess að frelsa fólk sitt frá syndum þess. Þegar við hugleiðum himnesk efni, eflist trú okkar og kærleikur, og bænir okkar verða Guði þóknanlegri, því að þær verða æ meira blandaðar trú og kærleika. Þær verða skynsamlegri og innilegri. Traust okkar á Jesú verður stöðugra, og við öðlumst daglega lifandi reynslu í mætti hans til að frelsa hvern einstakan, sem kemur til Guðs fyrir milli-göngu hans.

Þegar við hugleiðum fullkomleika frelsarans, mun-um við þrá að ummyndast algerlega og endurnýjast í mynd hreinleika hans. Sálina mun hungra og þyrsta

[98]

eftir að verða sem hann, er við dáum. Því meira sem við hugsum um Krist, því meira munum við tala um hann við aðra og koma fram fyrir hann gagnvart heiminum.

Biblían var ekki rituð fyrir lærða menn eingöngu. Þvert á móti var hún ætluð almenningi. Hin miklu sannindi, sem nauðsynleg eru til sálhjálp, eru gerð deginum ljósari, og engir geta glapizt né villzt af vegi nema þeir, sem fylgja eigin dómgreind í stað hins greinilega opinberaða vilja Guðs.

Við eigum ekki að hlíta vitnisburði nokkurs manns um kenningar ritningarinnar, heldur sjálf að kanna orð Guðs. Ef við leyfum öðrum að hugsa fyrir okkur, mun orka okkar skerðast og hæfileikarnir rýrna. Hið göfuga afl hugans getur kyrkzt svo mjög, ef því er ekki beitt við verðug viðfangsefni, að það missir mátt-inn til að skilja kjarnann í orðum Guðs. Huganum mun aukast ásmegin, ef honum er beitt til að rekja afstöðuna milli frásagna Biblíunnar og gera saman-burð á ritningarstöðum og andlegum hlutum.

Ekkert er betur til þess fallið að efla skynsemina en nákvæmur lestur ritningarinnar. Engin bók önn-ur er fær um að hefja hugann svo mjög og gefa hæfi-leikunum þrek eins og hin víðtæku og göfgandi sann-indi Biblíunnar. Væri orð Guðs gaumgæft eins og vera ber, væru menn víðsýnni, göfugri og stefnu-fastari en títt er nú á dögum.

En lítil blessun hlýzt af lauslegri yfirferð ritning-arinnar. Menn geta lesið Biblíuna spjaldanna á milli

[99]

án þess að koma auga á fegurð hennar eða skiljast djúp og hulin merking hennar. Einn ritningarstaður, sem athugaður er, unzt huganum er ljóst mikilvægi hans og afstaða hans í áætluninni um endurlausnina, er meira virði en lestur margra kapitula án ákveðins augnamiðs og án þess að áskotnast nein jákvæð fræðsla. Hafðu Biblíuna jafnan hjá þér. Þegar tæki-færi býðst, skaltu lesa í henni. Festu þér orð hennar í minni. Þú getur meira að segja lesið ritningargrein og hugleitt, þegar þú ert á gangi á götum úti og þannig fest þér hana í huga.

Við getum ekki öðlazzt vizku án alvarlegrar ástund-unar og nákvæms lestrar samfara bænum. Vissulega eru sumir hlutar ritning-arinnar of ljósir til þess að verða misskildir, en sums staðar liggur

merkingin ekki í augum uppi, svo að hún verði greind við fyrsta tillit. Bera verður saman hin ýmsu rit Biblíunnar. Menn verða að rannsaka og íhuga með nákvæmni og bæn, og mun slík rannsókn borga sig margfaldlega. Eins og námumaðurinn uppgötvar æðar af dýrmæt-um málm, sem hulinn er undir yfirborði jarðar, þann-ig mun sá, sem af þrautseigju leitar í Guðs orði eins og hann væri að leita fólgsins fjársjóðs, finna hin verðmætustu sannindi, sem dyljast sjónum þeirra, er slælega leita. Þegar hin innblásnu orð eru hug-leidd, verða þau eins og straumur, sem rennur frá uppsprettu lífsins.

[100] Aldrei skyldi rannsaka Biblíuna án bænar. Áður en við opnum hana, eigum við að biðja um að verða

upplýst af heilögum anda, og það mun okkur veitast. Þegar Nathanael kom til Jesús, sagði frelsarinn: “Sjá, sannarlega er þar Ísraelíti, sem ekki eru svik í.” Nathanael sagði: “Hvaðan þekkir þú mig?” Jesús svar-aði: “Áður en Filippus kallaði á þig, sá ég þig, þar sem þú varst undir fikjutrénu.” Og Jesús mun einnig sjá okkur, þegar við biðjumst fyrir í einrúmi, ef við biðjum um ljós frá honum, svo að okkur megi lærast, hvað er sannleikur. Englar frá ríki ljóssins munu vera með þeim, sem af hjartans lítillæti leita guðlegrar handleiðslu.

[101] Heilagur andi upphefur og lofsyngur frelsarann. Hans verk er að kynna Krist, hreinleika réttlætis hans og hina miklu sáluhjálp, sem við fáum fyrir hann. Jesús segir: “Af mínu mun hann taka og kunn-gera yður.” Andi sannleikans er hinn eini hæfi kenn-ari guðdómlegra sanninda. Hversu mikils hlýtur Guð að meta mannkynið, að hann gaf son sinn til að deyja fyrir það og sendir anda sinn til að kenna mönnunum og leið þá sífelldlega.

Blessun bænarrinnar

Guð talar til okkar í náttúrunni, orði sínu, með forsjón sinni og áhrifum anda síns. En þetta hrekkur ekki til. Við þurfum einnig að úthella hjört-um okkar fyrir honum. Til þess að geta átt andlegt líf og kraft verðum við að hafa lifandi samband við himneskan föður okkar. Hugsanir okkar geta laðazt að honum, við getum hugleitt verk hans, miskunn hans og velgerðir, en þetta er ekki að hafa samneyti við Guð í orðsins fyllstu merkingu. Til þess að standa í sambandi við Guð verðum við að hafa eitthvað að segja honum um líf okkar.

Bæn er það að opna hjarta sitt fyrir Guði eins og fyrir vini. Ekki svo að skilja, að það sé nauðsynlegt til þess að gera Guði kunnugt, hvernig við erum, held-ur til þess að gera okkur kleift að taka á móti honum. Bænin dregur Guð ekki niður til okkar, heldur hefur hún okkur upp til hans.

Þegar Jesús var hér á jörð, kenndi hann lærisvein-um sínum, hversu biðja skyldi. Hann bauð þeim að kynna Guði daglega þarfir sínar og varpa öllum áhyggjum sínum á hann. Og fullvissan, sem hann gaf þeim um, að bænir þeirra yrðu heyrðar, nær einnig til okkar. [102]

Sjálfur baðst Jesús oft fyrir, meðan hann dvaldist meðal manna. Frelsari okkar gerði sjálfum sér ekki hærra undir höfði en okkur í neyð okkar og veikleika, er hann gerðist nauðleitarmaður, biðjandi, og leitaði til föður síns nýrra krafta, svo að hann mætti alvæddur ganga á hólm við hvaða skyldustörf og örðugleika, sem á veginum yrðu. Í öllum efnum er hann okkur fyrirmynd. Í veikleikanum er harm bróðir, því að hans var “freistað ... á allan hátt eins og vor.” En þar eð hann var syndlaus, forðaðist hann hið illa. Hann háði baráttu og leið sálarkvalir í þess-um synduga heimi. Vegna manneðlis hans varð bæn-in nauðsyn og sérréttindi. Harm fann fróun og fögnuð í sambandinu við föður sinn. Og hafi frelsari manna, sonur Guðs, fundið hjá sér þörf til bænahalds, hversu miklu fremur skyldu þá ekki hrösulir og synd-ugir dauðlegir menn finna sig knúða til heitrar og stöðugar bænar?

Okkar himneski faðir er jafnan reiðubúinn til að veita okkur fyllstu blessun sína. Það eru sérréttindi okkar að mega teyga ríkulega af lind hins takmarka-lausa kærleika. Hvílík undur eru það, hve lítið við biðjumst fyrir. Guð er reiðubúinn og fús til að hlýða á einlægjar bænir sinna lítilmótlegustu barna, og samt erum við svo tómlát og treg til að tjá Guði þarfir okkar. Hvað skyldu englarnir á himnum hugsa um vesalings umkomulausar mannverur, sem

[103]

ofurseldar eru freistingum, þegar Guð réttir þeim sinn óendanlega kærleika, reiðubúinn til að veita þeim meira en þeir geta beðið um eða gert sér í hugarlund, og samt biðja þeir svo lítið og eru svo trúarveikir? Englarnir hafa yndi af að lúta Guði og njóta þess að vera í návist hans. Samneytið við Guð er þeirra æðsta gleði; og þó virðast börn jarðarinnar, sem hafa svo brýna þörf fyrir hjálpina, sem Guð einn fær veitt, gera sig ánægð með að ganga án ljóss anda hans, án návistar hans.

Myrkur hins illa umlykur þá, sem vanrækja að biðja. Laumulegar tálsnörur óvinarins glepja þá til syndar, og allt hlýzt þetta af því, að þeir notfæra sér ekki forréttindin, sem Guð hefur veitt þeim með hinni guðdómlegu ráðstöfun bænarinnar. Hví skyldu börn Guðs tregðast við að biðja, þegar bænin er lykillinn í hendi trúarinnar, sem lýkur upp nægtarbúri himins-ins, þar sem varðveitt er ótæmandi auðlegð almætt-isins? Án þrotlausrar bænar og kostgæfinnar árvekni eigum við á hættu að verða skeytingarlaus og villast af réttri braut. Andstæðingurinn leitast án afláts við að leggja hindranir í veginn að hástóli náðarinnar, til þess að við megnum ekki með einlægum bænum og trú að verða okkur úti um náð og þrek til að standast freistingarnar.

Við verðum að uppfylla viss skilyrði, áður en við getum vænt þess, að Guð veiti bænum okkar áheyrn og svar. Eitt hinna fyrstu er, að við finnum þörf okk-ar á hjálp hans. Hann hefur heitið: “Eg mun hella

[104]

vatni yfir hið þyrsta og árstraumum yfir þurrlendið.” Þeir, sem hungrar og þyrstir eftir réttlæti og þrá Guð, mega reiða sig á, að þeir fái óskir sínar uppfylltar. Hjartað verður að standa opið fyrir áhrifum andans, að öðrum kosti fæst blessun Guðs ekki.

Hin brýna þörf okkar er röksemd fyrir sig og talar hvað kröftuglegast máli okkar. En við verðum að leita til Drottins að hann geri þetta fyrir okkur. Hann segir: “Biðjið, og yður mun gefast.” Og:

“Hann, sem ekki þyrmdi sínum eigin syni, heldur framseldi hann fyrir oss alla, hví skyldi hann ekki líka gefa oss allt með honum?”

Ef við öllum ranglæti í hjörtum okkar, ef við höld-um fast í eitt-hvað, sem vitað er að er syndsamlegt, mun Drottinn ekki veita okkur áheyrn. En bænir iðrandi og kraminna sálna eru ávallt heyrðar. Þegar við höfum bætt úr þeim ágöllum okkar, sem okkur eru kunnir, er okkur óhætt að trúa, að Guð ljái bæn-um okkar eyra. Okkar eigin verðleikar munu aldrei verða til þess að afla okkur hylli Guðs, heldur mun verðskuldun Jesú verða til að bjarga okkur, blóð hans mun hreinsa okkur. Samt sem áður verðum við að vinna til þess að uppfylla skilyrðin fyrir bænheyrsl-unni.

Annað skilyrði þess, að bænheyrsla fáist, er trú. “Sá sem gengur fram fyrir Guð, verður að trúa því, að hann sé til, og að hann lætur þeim umbunað, er hans leita.” Jesús sagði við lærisveina sína: “Hvers sem þér biðjið og beiðizt, þá trúið að þér hafið öðlazzt

[105]

það, og þér munuð fá það.” Tökum við Drottin á orðinu?

Fyrirheitið er yfirgripsmikið og undantekningar-laust, og ekki bregzt sá, sem gaf það. Ef við fáum ekki nákvæmlega það, sem við höfum beðið um, strax og við biðjum um það, ber okkur engu að síður að trúa því, að Drottinn heyri og hann muni bænheyrsla okkur. Við erum svo hrösul og skammsýn að við biðjum stundum um það, sem ekki yrði okkur til blessunar, og okkar himneski faðir svarar bænum okkar af ástríki með því að veita okkur það, sem má verða okkur til mestrar blessunar, — það sem við hefðum sjálf æskt, ef við af guðlega upplýstri sjón gætum greint hið sanna eðli hlutanna. Þegar svo virð-ist sem bænir okkar fá ekki áheyrn, ber okkur að halda okkur fast við fyrirheitið, því að stund bæn-heyrslunnar mun vissulega renna upp, og okkur mun hlotnast sú blessun, sem við höfum brýnasta þörf fyrir. En það væri ósvinna að krefjast þess, að bæn-um væri ævinlega svarað nákvæmlega á þann hátt, sem við óskum. Vísdomur Guðs er meiri en svo, að honum geti yfirsézt, og hann er gæzkuríkari en svo, að hann neiti þeim um neitt, sem eru hreinir og beinir. Óttizt því ekki að treysta honum, jafnvel þótt þið fáið ekki samstundis bænheyrslu. Treystið hinu óyggj-andi fyrirheiti hans: “Biðjið, og yður mun gefast.”

Ef við látum stjórnast af efasemdum okkar og ótta og leitumst við að ráða fram úr hverju því, sem ekki liggur ljóst fyrir okkur, munu brengingar okkar

[106]

einungis aukast og vaxa. En ef við leitum til Guðs, hjálp-arvana og umkomulaus eins og við erum í verunni, og gerum honum, sem allt veit, allt sér og öllu stjórnar með orði sínu og vilja, grein fyrir þörfum okkar, mun hann bregðast við kalli okkar og uppljóma hjörtu okkar með ljósi sínu. Með einlægri bæn tengjumst við anda hins eilífa. Vera má, að við finnum engan áþreif-anlegan vott þess, þegar endurlausnari okkar lýtur að okkur í meðaumkun og ást, en engu að síður gerir hann það. Við finnum ef til vill ekki snertingn hans, en hönd hans hvílir engu að síður á okkur í kærleika og fölskvalausri meðaumkun.

Þegar við komum og biðjum um miskunn Guðs og blessun, ber okkur að ala kærleika og umburðarlyndi í hjörtum okkar. Hvernig getum við beðið: “Gef oss upp skuldir vorar, svo sem vér og höfum gefið upp skuldunautum vorum,” og samt alið með okkur umburðarleysi? Ef við gerum okkur vonir um, að bænir okkar fái áheyrn, þá hljótum við að fyrirgefa öðrum á sama hátt og í sama mæli og við vonumst sjálf eftir að verða fyrirgefið.

Þolgæði í bænum hefur verið sett sem skilyrði fyrir bænheyrslu. Við verðum að biðja án afláts, ef við viljum vaxa í trú og reynslu. Okkur ber að vera “brennandi í andanum”, “stöðugir í bæninni og ár-vakrir í henni” og þakka. Pétur brýnir fyrir trúuð-um mönum að vera “gætnir og algáðir til bæna”. Páll segir: “Gerid í öllum hlutum óskir yðar kunnar Guði með bæn og beiðni ásamt þakkargerð.” Og

[107] Júdas

segir: “En þér, elskaðir, uppbyggid yður sjálfa í yðar helgustu trú, biðjið í heilögum anda og varðveitið sjálfa yður í kærleika Guðs.” Stöðugar bænir er órofa samband sálarinnar við Guð, svo að lífið frá Guði streymir inn í okkar líf, og hreinleiki og helgi streymir aftur frá okkur til Guðs.

Nauðsynlegt er að vera staðfastur í bæninni og setja þar enga hindrun fyrir sig. Kappkosta þú að viðhalda sambandinu milli Jesú og sálar þinnar. Nota þú sérhvert tækifæri sem býðst til að fara þangað, sem beðið er fyrir. Þeir sem í alvöru leita samfélags við Guð, sækja bænámót, trúir skyldu sinni og af al-vörugefni einráðnir í að uppskera þá blessun, sem kostur er á. Þeir munu einskis láta ófreistað til að taka sér stöðu þar, sem geislar frá himnum geta leikið um þá.

Við ættum að biðjast fyrir meðal fjölskyldunnar, og við megum með engu móti vanrækja einrúmsbæn, því að á því veltur líf sálarinnar. Óhugsandi er, að sálin dafni, ef bænin er vanrækt. Bænahald í heima-húsum eða á samkomum eingöngu nægir ekki. Þið skuluð opna sál ykkar fyrir vökulum augum Guðs í einrúmi. Sá Guð, sem á bænirnar hlýðir, á að heyra bænir okkar í einverunni. Enginn óviðkomandi á að heyra þær bænir. Í einrúmi er sálin laus við áhrif um-hverfisins, laus við það, sem glepur. Rólega, en þó af skaphita, leitar sálin til Guðs. Ljúf og varanleg munu þau áhrif verða, sem frá honum koma, er sér það, sem í leynum gerist og snýr opnu eyra að bænunum,

[108]

sem frá hjartanu koma. Með kyrrlátri, einfaldri trú er sálin í samfélagi við Guð og dregur að sér geisla guðlegs ljóss til að styrkja sig og styðja í baráttunni við Satan. Guð er máttarstoð okkar.

Biðjizt fyrir í einrúmi, og er þið gangið að dagleg-um störfum, þá lyftið hjartanu til Guðs. Þannig gekk Enok á Guðs vegum. Þöglar bænir stíga eins og dýr-mætt reykelsi upp að hástóli náðarinnar. Satan fær ekki bugað þann, sem þannig hefur gefið Guði hjarta sitt.

Hvergi er sá staður né stund, að ekki sé viðeigandi að biðja til Guðs. Ekkert er það, sem fær hindrað okkur í að hefja hjörtu okkar til Guðs í einlægri bæn. Í ösinni á götunum eða í önnum starfsins getum við beðið til Guðs um guðlega handleiðslu eins og Ne-hemía gerði, er hann bar fram tilmæli sín við Arta-xerxes konung. Hvar sem við erum stödd, getum við haft einslegt samband við Guð. Okkur ber að halda dyrum hjarta okkar stöðugt opnum og bjóða Jesú að koma og dvelja í sálinni sem himneskur gestur.

Enda þótt loftið umhverfis okkur kunni að vera meingað og lævi blandið, þurfum við ekki að draga að okkur óheilmæmi þess, heldur getum lifað í tæru lofti himnanna. Við getum lokað öllum gáttum fyrir vanhelgum hugmyndum og saurugum hugsunum með því að hefja sálina í návist Guðs með einlægri bæn. Þeir, sem opna hjarta sitt til að móttaka stuðning og blessun Guðs, munu hrærast í helgara andrúmslofti

[109]

en því, sem um jörðina leikur og hafa stöðugt sam-neyti við himnana.

Við þörfnumst ljósari hugmynda um Jesú og fyllri skilnings á gildi eilífra sanninda. Fegurð heilagleik-ans á að fylla hjörtu Guðs

barna, og til þess að svo megi verða, ber okkur að leita guðlegrar opinberunar á himneskum hlutum.

Látum sálina leita út á við og upp á við, svo að Guð fái veitt okkur andardrátt af hinu himneska andrúms-lofti. Við getum nálgast Guð svo mjög, að í hverjum óvæntum vanda beinast hugsanir okkar að honum jafn eðlilega og blómið snýr að sólinni.

Leitaðu til Guðs með þarfir þínar, fögnuð, sorgir, áhyggjur og ótta. Þú getur hvorki ofþyngt honum né þreytt hann. Hann sem telur hárin á höfði þínu, lætur sér ekki á sama standa um þarfir barna sinna. “Drott-inn er mjög miskunnsamur og líknsamur.” Ástríkt hjarta hans er snortið af hörmum okkar, þótt við gerum ekki nema drepa lauslega á þá. Leitaðu til hans með hvað eina, sem hrjáir huga þinn. Engin byrði er honum of þung, því að hann ber heiminn. Hann ríkir yfir öllum málefnum alheimsins. Ekkert er of smávægilegt fyrir athygli hans, sem á einhvern hátt varðar frið okkar. Enginn kafli lífssögu okkar er svo máður, að hann geti ekki lesið hann, engin flækja svo erfið, að hann fái ekki greitt úr henni. Ekkert bøl getur lostið lítilmótlegasta barn hans, engar áhyggjur bugað sálina, engin gleði ljómað af henni, engin einlæg bæn liðið af vörum manns án

[110]

þess að athygli hins himneska föður sé vakin eða snúist þegar í stað við henni. “Hann læknar þá, er hafa sundurkramið hjarta og bindur um benjar þeirra.” Sambandið milli Guðs og hverrar einstakrar sálar er svo skýrt og fullkomið, að því er líkast, að hann hefði gefið sinn ástkæra son henni einni til lausnar.

Jesús sagði: “Á þeim degi munuð þér biðja í mínu nafni. Og ekki segi eg yður, að eg muni biðja föður-inn fyrir yður; því að faðirinn sjálfur elskar yður.” Ég hef “útvalið yður, ... til þess að faðirinn veiti yður sérhvað það, sem þér biðjið hann um í mínu nafni.” En að biðjast fyrir í Jesú nafni er annað og meira en rétt að nefna nafn hans í upphafi og endi bænna. Það er að biðja með hugarfari og anda Jesú, samfara því að trúa fyrirheiti hans, treysta náð hans og vinna honum þóknanlega.

Guð ætlast ekki til, að neinir okkar gerist einsetu-menn eða munkar og dragi sig frá skarkala heimsins til þess að helga sig einvörðungu tilbeiðslunni. Í líf-inu ber að líkjast Kristi, — starfa meðal fjallanna og fólksins. Sá sem ekkert aðhefst annað en biðjast fyrir, mun von bráðar hætta að biðja, eða að öðrum kosti verða bænir hans formið einbert. Þegar menn snúa baki við lífi samfélagsins og

kinoka sér við kristilegri skyldu og krossburði, þegar þeir hætta að starfa af einlægni fyrir meistarann, sem vann svo ósleitilega fyrir þá, þá glata þeir burðarási bænarrinnar og eiga ekki framar neitt, sem fær knúið þá til bænahalds.

[111]

Bænir þeirra verða einstaklingsbundnar og eigin-gjarnar. Þeir geta ekki beðið með hliðsjón af þörfum mannkynsins né fyrir viðgangi ríkis Krists eða beðið um styrk til starfa sinna.

Við bíðum tjón, ef við vanrækjum möguleikana á að sameinast til þess að styrkja og hughreysta hvert annað í þjónustu Guðs. Sannindi orða hans glata lífs-krafti sínum og mikilvægi í hugum okkar. Hjörtu okkar hætta að uppljómast og tendrast af heillavæn-legum áhrifum þeirra, og við hrörnum andlega. í kristilegu samfélagi okkar við aðra glatast okkur mikið, af því að okkur skortir á samhyggð hver með öðru. Sá sem dregur sig inn í eigin skel, skipar ekki þann sess, sem Guð hefur ætlað honum. Ef rétt rækt er lögð við félagslyndið í eðli okkar, vaknar hjá okk-ur samúð með öðrum, og hún þroskar okkur og styrk-ir í þjónustunni við Guð.

Ef kristnir menn blönduðu geði saman, ræddust við um kærleika Guðs og hin dýrmætu sannindi end-urlausnarinnar, mundu hjörtu sjálfra þeirra endur-nærast og þeir endurnærðu hver annan. Daglega gæt-um við lært æ meira um okkar himneska föður og öðlazzt nýja reynslu af náð hans. Þá munum við þrá að fá að ræða um kærleika hans, og er við gerum það, þá hlýnar okkur um hjarta og við fyllumst hug-móði. Ef við hugsuðum og töluðum meira um Jesúm en minna um okkur sjálf, nytum við návistar hans meira en raun er á.

Ef við einungis hugsuðum til Guðs hverju sinni, er við fáum áþreifanlega vott um umhyggju hans fyrir okkur, mundum við sífellt hafa hann í huga og njóta þess að ræða um hann og lofa hann. Við ræðum um stundlega hluti, af því að við höfum áhuga á þeim. Okkur verður tíðrætt um vini okkar, af því að við unnum þeim, gleði okkar og sorgir eru þeim tengd. Samt höfum við óendanlega ríkari ástæðu til að elska Guð en jarðneska vini okkar, og ekkert ætti að vera okkur eiginlegra en að skipa honum æðsta sess í hugsunum okkar, ræða um gæzku hans og segja frá mætti hans. Þær ríkulegu gjafir, sem hann hefur gefið okkur, voru ekki til þess ætlaðar að taka hug okkar allan eða kærleikann í svo ríkum mæli, að við hefðum af hvorugu neitt eftir skilið handa Guði. Þær eiga stöðugt að minna okkur á hann og tengja okkur böndum ástar og þakklætis við okkar himneska

[112]

vel-geranda. Við erum um of jarðbundin. Við skulum hefja auglit okkar til opinna dyra helgidómsins á hæðum, þar sem ljós Guðs dýrðar ljómar af ásjónu Krists, sem getur “til fulls frelsað þá, sem fyrir hann ganga fram fyrir Guð.”

Við þurfum að lofa Guð meira fyrir “miskunn hans og dásemdarverk hans við mannanna börn.” Guð-ræknisiðkanir okkar eiga ekki einvörðungu að snú-ast um að biðja og þiggja. Við skulum ekki án afláts hugleiða þarfir okkar, heldur og leiða hugann að þeim dásemdum, sem falla okkur í skaut. Við biðjum ekki of mikið, en við erum ennþá knappari á þakkargerð. Við erum stöðugir þiggjendur Guðs náðar, og samt

[113]

erum við svo sínk á að tjá þakkir okkar eða að lofa hann fyrir velgerninga hans.

Í fyrndinni, þegar Ísraelsmenn komu eitt sinn sam-an til guðs-þjónustu, bauð Drottinn: “Og þar skuluð þér halda fónarmáltíð frammi fyrir Drottni, Guði yðar, og gleðja yður ásamt fjölskyldum yðar yfir öllu því, er þér hafið aflað, yfir því, sem Drottinn, Guð þinn, hefur blessað þig með.” Það sem gert er Guði til dýrðar, á að gera með glaðværð, lofsöngvum og þakkargerð, ekki með hryggð og drunga.

Guð okkar er blíður og náðugur faðir. Ekki ber að líta á þjónustu hans sem hryggilega eða þungbæra byrði. Það ætti að vera hverjum ánægja að tilbiðja Drottin og leggja hönd á plóginn fyrir hann. Guð vill ekki, að börn hans, sem séð hefur verið fyrir svo dá-samlegri frelsun, breyti eins og hann væni harður og óbilgjarn verkstjóri. Hann er bezti vinur þeirra, og þegar þau tilbiðja hann, vill hann vera hjá þeim til þess að veita þeim blessun og huggun og fylla hjörtu þeirra fögnuði og kærleika. Drottinn vill, að börn hans finni fróun í þjónustu sinni og finni meira til ánægju en erfiðis, er þau vinna honum. Hann vill, að þeir sem koma til að tilbiðja hann, hverfi burt með dýrmætar hugsanir um umhyggju hans og kærleika, svo að þeir örvist í skyldum hversdagsstarfanna og megi öðlast náð til að breyta af heiðarleika og trú-festi í öllum greinum.

[114]

Við verðum að fylkjast um krossinn. Kristur, og hann krossfestur, ætti að vera íhugunarefni okkar, umræðuefni og mesta fagnaðarefni. Við ættum að geyma okkur í huga hverja blessun, sem við þiggjum frá Guði, og þegar augu okkar opnast fyrir hinum mikla kærleika

hans, hljótum við að verða fús á að fela allt í þær hendur sem voru negldar á krossinn fyrir okkar sök.

Sálin getur komizt nær himnunum á vængjum lof-söngvanna. Guð er tignaður með söngvum og hljóm-list í sölum himnanna, og þegar við færum honum þakkir okkar, erum við að nálgast guðs-þjónustu hinna himnesku herskara. “Sá, sem færir þakkar-gerð að fórn, heiðrar” Guð. Við skulum því með virðulegri gleði ganga fyrir skapara okkar með “þakkargerð og lofsöng . . .”

[115]

Hversu snúast ber við efasemdum

Margir, einkum þeir, sem ungir eru í kristlegu lífi, verða á stundum fyrir ásókn efasemda. Margt er það í Biblíunni, sem þeir fá hvorki skilið né skýrt, og þetta færir Satan sér í nyt til að grafa undan trú þeirra á, að ritningin sé opinberun frá Guði. Þeir spyrja: “Hvernig á ég að rata rétta leið? Ef Biblían er raunverulega Guðs orð, hvernig má ég þá losna við efasemdir og hugarangur?”

Guð biður okkur aldrei að trúa neinu, nema hann gefi okkur ærinn vitnisburð til þess að reisa trú okk-ar á. Tilvera hans, eðli hans og sannleiksgildi orða hans er allt staðreynt af sönnunum, sem höfða til skynsemi okkar, og þessar sannanir eru ærnar. En Guð hefur samt aldrei byggt út möguleikanum til að efast. Trú okkar verður að hvíla á sönnunum, en ekki á því, sem verður séð eða þreifað á. Þeir, sem það kjósa, fá tækifæri til að efast, þar sem á hinn bóginn hinir, sem í sannleika þrá að kynnast sannleikanum, fá nægar sannanir til þess að grundvalla trú sína á.

[116] Ókleift er fyrir dauðlega hugi að skilja eðli verka hins eilífa. Sú eilífa vera hlýtur ævinlega að vera sveipuð dularhjúpi, sem hin skarpasta skynsemi og hæsta menntun fá ekki skyggnt gegnum. “Getur þú náð til botns í Guði eða komizt til yztu takmarka hins Almáttka? Himinhá er speki hans — hvað fær þú gert? dýpri en undirheimar — hvað fær þú vitað.”

Postulinn Páll hrópar: “Hvílíkt djúp ríkdóms og speki og þekkingar Guðs. Hversu órannsakandi dóm-ar hans og órekjandi vegir hans.” En þó að “ský og sorti” séu “umhverfis hann”, eru “réttlæti og rétt-vísi ... grundvöllur hásætis hans.” Við getum að því marki skilið handleiðslu hans á okkur og hvatirnar, sem hann stjórnast af, að við fáum greint takmarka-lausan kærleika og náð samfara ótakmörkuðum mætti. Við getum skilið svo mikið af tilgangi hans sem okkur er fyrir beztu, en þar sem út yfir þetta tek-ur, verðum við að treysta hendinni, sem er almáttug og hjartanu, sem er fullt ástar.

Í orði Guðs er að finna leyndardóma, sem dauðlegir menn fá aldrei skilið til fulls, og sama er að segja um eðli hins guðlega höf-

undar. Koma syndarinnar í heim-inn, holdgun Krists, endurfæðing, upprisan og margt annað, sem fjallað er um í Biblíunni, eru dýpri leynd-ardómar en svo, að mannlegur hugur fái skýrt eða jafnvel skilið. En við höfum enga ástæðu til að draga orð Guðs í efa, þó að við skiljum ekki leyndardóma forsjónar hans. Í ríki náttúrunnar erum við sífellt umkringd leyndardómum, sem eru skilningi okkar ofvaxnir. Einföldustu lífverur vekja spurningar, sem ekki er á færi djúphyggustu spekinga að svara.

[117]

Hvar vetna blasa við okkur undur, sem við fáum ekki skýrt. Ætti okkur þá að undra, er við komumst að raun um, að í hinum andlega heimi er einnig að finna leyndardóma, sem eru okkur óskiljanlegir? Erf-iðleikarnir eru einungis fólgnir í veikleika og tak-mörkunum mannlegrar skynsemi. Guð hefur í ritn-ingunni gefið okkur ærinn vitnisburð um guðlegan uppruna hennar, og við eigum ekki að draga orð hans í efa, þó að við fáum ekki skilið leyndardóma for-sjónar hans til hlítar.

Pétur postuli segir, að í ritningunni sé “sumt þung-skilið, en fáfróðir og staðfestulausir menn rangsnúa ... sér til tortímingar.” Efahyggjumenn hafa hamrað á hinum torskildu stöðum í Biblíunni henni til áfellis, en slíkt er svo fráleitt, að þvert á móti eru þeir öflugur vottur um guðlegan innblástur hennar. Ef ekkert segði í henni af Guði annað en það, sem okkur lægi í augum uppi, ef mikilleiki hans og tign væri auð-skilið dauðlegum mönnum, þá bæri Biblían ekki með sér óvæfengjanlegt vitni guðlegs uppruna. Mikilleiki og dulúð þess, sem sagt er frá, ætti einmitt að vekja trúna á því, að um Guðs orð sé að ræða.

Biblían greinir sannleika á einfaldan hátt og lagar sig svo fullkomlega að þörfum og þrá mannlegs hjarta, að vakið hefur undrun og aðdáun hálærðustu manna, jafnframt því sem hún gerir umkomulitlum og ómenntuðum mönnum kleift að finna leið hjálpræð-isins. Og samt sem áður fjalla þessi sannindi um efni, sem er svo háleitt og yfirgripsmikið og

[118]

óendanlega hátt hafið yfir mannlegan skilning, að við getum því aðeins veitt því viðtöku, að Guð hefur lýst þeim yfir. Þannig eru okkur opnuð áform endurlausnar-innar, svo að við hverri sál megi blasa sporin, sem henni ber að stíga til yfirbótar fyrir Guði og til trúar á Drottin okkar, Jesúm Krist, svo að við getum frels-azt þann veg, sem Guð hefur fyrirhugað okkur. Þó er það svo, að undir

Þessum auðskildu sannindum eru fólgnir leyndardómar, sem hjúpa dýrð hans, — leynd-ardómar, sem eru ofvaxnir rannsakandi huga, en blása engu að síður einlægum leitanda sannleikans í brjóst lotningu og trú. Því meira sem menn gaum-gæfa Biblíuna, því bjargfastari verður sannfæringin um, að hún sé orð hins lifandi Guðs og mannleg skyn-semi lúti tign guðlegrar opinberunar.

Ef við játum, að við skiljum ekki til fullnustu hin miklu sannindi Biblíunnar, þá erum við aðeins að gangast við því, að dauðlegur hugur sé þess ekki um-kominn að skilja eilífðina, að maðurinn, með sinni takmörkuðu þekkingu, fái ekki skilið markmið al-vizkunnar.

Efahyggjumenn og trúleysingjar hafna orði Guðs, af því að þeir fá ekki skilið alla leyndardóma þess, og fjarri fer, að allir þeir, sem segjast trúa Biblíunni, séu úr allri hættu í þessu efni. Postulinn segir: “Gefið gætur, bræður, að eigi kunni að vera hjá einhverjum yðar vont vantrúarhjarta, að hann falli frá lifanda Guði.” Rétt er að rannsaka gaumgæfilega kenningu Biblíunnar og grafast inn í “jafnvel djúp Guðs”, að

[119]

svo miklu leyti sem þau opinberast í ritningunni. Þar sem “hinir leyndu hlutir heyra Drottni, Guði vorum”, segir á hinn bóginn, að “það sem opinberað er, heyrir oss.” En Satan kappkostar að glepja rannsóknarhæfi-leika hugans. Eins konar stolt blandast athugun-um á biblíulegum sannindum, svo að menn kenna óþolin-mæði og uppgjafar, ef þeim tekst ekki að skýra hverja grein ritningarinnar á viðunandi hátt. Þeim þykir of auðmýkjandi fyrir sig að kannast við, að þeir skilja ekki hin innblásnu orð. Þeir eru ófúsir á að bíða þolinmóðir, unz Guði þykir henta að gera þeim ritninguna skiljanlega, og þegar skilninginn brestur, þá afneita þeir sannleiksgildi hennar. Satt er það, að mörg hugmyndakerfi og kenningar, sem al-menningur telur byggð á Biblíunni, eiga enga stoð í kenningum hennar og brjóta meira að segja algerlega í bága við allan anda hennar. Slíkt og því líkt hefur vakið efasemdir og örvinglan í hugum margra. Ekki verður þó Guðs orð um þetta sakað, heldur misþyrming manna á því.

Stæði það í valdi skapaðra vera að öðlast fullkom-inn skilning á Guði og verkum hans, þá yrði þeim ekki auðið, er því stigi væri náð, að uppgötva fleiri sannindi, vaxa að þekkingu né þroska frekar huga sinn eða hjarta. Guð yrði þá ekki lengur æðstur allra, og þroskaskeið mannkynsins yrði á enda runnið við það mark. Þökkum Guði, að svo

er ekki komið. Guð er eilífur, “í honum eru allir fjársjóðir spekinnar og þekkingarinnar fólgnir.” Og mennirnir mega um alla

[120]

eilífd halda áfram að leita og læra, án þess að komast til botns í gnægðum vizku hans, gæzku og máttar.

Það er tilætlun Guðs, að þegar í þessu lífi séu sann-indi orða hans stöðugt útskýrð fyrir fólki hans. Þessa vitneskju er ekki hægt að öðlast nema á einn hátt. Við getum einungis lært að skilja orð Guðs fyrir upp-ljómun þess anda, sem orðið gaf. “Þannig hefur heldur enginn komið að raun um, hvað Guðs er, nema Guðs andi”; “því að andinn rannsakar allt, jafn-vel djúp Guðs.” Og fyrirheit frelsarans til lærisveina sinna hljóðar svo: “En þegai’ hann, sannleiksandinn kemur, mun hann leiða yður í allan sannleikann ... því að af mínu mun hann taka og kunngera yður.”

Guð vill, að menn noti ályktunargáfur sínar, og rannsókn á Biblíunni eflir og göfgar hugann öllum öðrum rannsóknum fremur. Samt verðum við að varast að gera skynsemina að hálfguði, því að hún er ofurseld mannlegum veikleika og breizkleika. Ef við viljum ekki, að ritningarnar séu móðu huldar fyrir skilningi okkar, svo mjög, að við skiljum ekki hin einföldustu sannindi, verðum við að hafa til að bera barnslega einfeldni og trú, reiðubúin að læra og leita aðstoðar heilags anda. Hugboðið um mátt og vizku Guðs og vanmátt okkar til að skilja mikilleika hans, ætti að fylla okkur auðmýkt, og við ættum að opna bók hans með helgri lotningu eins og við værum að ganga fyrir hann. Þegar við lesum Biblíuna, verður skynsemin að játa vald sér æðra, og hjarta og hugur verða að lúta fyrir hinum mikla ÉG ER.

[121]

Það er margt, sem í fljótu bragði virðist vera vanda-samt og torskilið, en Guð gerir það einfalt og auð-skilið þeim, sem leitast við að öðlast skilning á því. En ef við njótum ekki leiðsagnar heilags anda, er hætt við, að við rangfærum og misskiljum ritning-arnar í sífellu. Margt er það í Biblíunni, sem menn lesa sér til einskis gagns, og í mörgum tilfellum hreint og beint til ógagns. Þegar menn taka sér Guðs orð í hönd án lotningar og bænar, þegar hugsanirnar og tilfinningarnar beinast ekki að Guði eða eru sveigðar undir vilja hans, myrkvast hugurinn af efa-semndum, og efahyggjan fær byr undir vængi við lest-ur sjálfrar Biblíunnar. Óvinurinn nær stjórn á hugs-ununum og ber fram skýringar, sem eru rangar. Hve-nær sem menn leitast ekki við, í orði og verki, að verða í samræmi við Guð, þá er hætt við, að skilningi þeirra á ritningunum verði áfátt, hversu

lærðir, sem þeir kunna annars að vera, og er ekki óhætt að treysta skýringum þeirra. Þeir sem lesa ritningarnar í leit að mótsögnum, eru andlega blindir. Í glapsýn-um sínum munu þeir greina margar ástæður til efa-senda og vantrúar í hlutum, sem annars eru vissu-lega augljósir og einfaldir.

Einu gildir, hversu menn reyna að dulbúa það, en langoftast stafa efasemdir og vantrú af ást á synd-inni. Kenningar og hömlur Guðs orðs eru ekki vel-þegnar hjá drambsömu hjarta, sem ann syndinni, og þeir sem eru ófúsir á að hlýðnast kröfunum, eru boðn-ir og búnir til að draga réttmæti þeirra í efa. Til þess

[122]

að fá höndlað sannleikann verðum við að ala með okkur fölskvalausa þrá eftir að kynnast honum og vera í hjarta okkar reiðu-búnir til að hlýðnast honum. Og allir, sem í þeim anda rannsaka Biblíuna, munu finna þar ærnar sannanir þess, að þar er Guðs orð, og þeim hlotnast skilningur á sannindum þess og sú vizka mun endast þeim til sáluhjálpar.

Kristur hefur sagt: “Ef sá er nokkur, sem vill gera vilja hans, hann mun komast að raun um, hvort kenn-ingin er frá Guði.” Í stað þess að þrasa og hártoga það, sem þú skilur ekki, skaltu heldur gefa gaum ljós-inu, sem þegar leikur um þig, og þá mun þér hlotnast meira ljós. Fyrir náð Krists skaltu leysa af hendi sér-hverja skyldu, sem þér hefur opnast skilningur á, og þá mun þér verða kleift að leysa einnig þær af hendi, sem þú velkist nú í vafa um.

Ein er sú sönnun, sem við öllum blasir, jafnt hin-um menntuðustu og hinum fáfróðustu, — sönnun reynslunnar. Guð gefur okkur kost á að sannreyna sjálf raunveruleika orða sinna, sannleiksgildi fyrir-heita sinna. Hann býður okkur: “Finnið og sjáið, að Drottinn er góður.” Í stað þess að þurfa að byggja á annarra orðum eigum við að “finna” sjálf. Hann segir: “Biðjið, og þér munuð öðlast.” Við fyrirheit hans mun verða staðið. Þau hafa aldrei brugðizt, og þau geta aldrei brugðizt. Og er við nálgumst Jesúm og fögnum í fyllingu kærleika hans, munu efasemdir okk-ar og ömurleikinn hverfa fyrir

[123]

ljómanum, sem frá honum stafar. Páll postuli segir, að Guð hafi “hrifið oss frá valdi myrkursins og flutt oss inn í ríki síns elskaða sonar.” Og hver sá, sem horfið hefur frá dauðanum til lífsins, getur “staðfest, að Guð sé sannorður.” Hann getur vitnað: “Ég þarfnaðist hjálpar og fann hana í Jesú. Úr sérhverri þörf var bætt, hungur sálar minnar var sefað, og nú er Biblían mér

opinberun um Jesúm Krist. Spyrð þú, hví ég trúi á Jesú? — Af því, að hann er mér guðdómlegur frelsari. Hví ég trúi Biblíunni?

Af því, að mér hefur reynzt hún vera rödd Guðs til sálar minnar.” Við getum sjálf borið með okkur vitni um, að Biblían sé sönn, að Kristur sé sonur Guðs. Við vitum, að við erum ekki að fara með spak-lega uppspunnar skröksögur.

Pétur hvetur meðbræður sína til að vaxa “í náð og þekkingu Drottins vors og frelsara, Jesú Krists.” Meðan börn Guðs eru vaxandi í náðinni, er þeim stöð-ugt að aukast skilningur á orði hans. Þeim birtist nýtt ljós og fegurð í helgum sannindum þess. Sú hefur orðið raunin á öllum öldum í sögu kirkjunnar, og þannig mun það og verða til efsta dags. “Gata rétt-látra er eins og bjartur árdagsljómi, sem verður æ skærari fram á hádegi.”

Með trú getum við horft fram á við til hins ókomna og skilið fyrirheit Guðs um að vaxa að viti, þegar mannlegir hæfileikar tengjast guðlegum og sérhver sálargáfa kemst í bein tengsl við uppsprettu ljóssins. Við getum glaðzt yfir því, að allt, sem hefur valdið okkur heilabrotum um forsjón Guðs, mun þá verða gert ljóst. Skýring mun þá fást á torskildum hlutum, og þar sem fyrir dauðlegum sjónum okkar varð ekki annað greint en flækjur og áform farin út um þúfur, mun við okkur blasa fullkomið og fagurt samræmi. “Því að nú sjáum vér svo sem í skuggsjá í óljósri mynd, en þa augliti til auglitis. Nú er þekking mín í molum, en þá mun eg gerþekking, eins og eg er sjálfur gerþekktur orðinn.”

[124]

[125]

Fögnuður í Drottni

Börn Guðs eru til þess kölluð að vera fulltrúar Krists og vitna um gæzku Drottins og náð. Eins og Jesús hefur opinberað okkur hið sanna eðli föður-ins, þannig ber okkur að opinbera Krist fyrir heimi, sem þekkir ekki hlýjan og miskunnsaman kærleika hans. “Eins og þú hefur sent mig í heiminn,” sagði Jesús, “hef eg líka sent þá út í heiminn.” “Eg í þeim og þú í mér, ... til þess að heimurinn komist að raun um, að þú hefur sent mig.” Postulinn Páll segir við lærisveina Jesú: “Þér eruð augljósir orðnir sem bréf Krists”, “þekkt og lesið af öllum mönnum.” Með hverju barni sínu sendir Jesús heiminum bréf. Sért þú liðsmaður Krists, sendir hann með þér bréf til heim-ilisins, þorpsins eða götunnar, þar sem þú býrð. Jesús, sem í þér býr, þráir að fá að tala til þeirra hjartna, sem hafa ekki haft kynni af honum. Ef til vill hafa þeir menn ekki lesið Biblíuna eða heyra ekki rödd-ina, sem talar til þeirra af blöðum hennar. Þeir sjá ekki kærleika Guðs í verkum hans. En sért þú sann-ur fulltrúi Jesú, þá kunna þeir fyrir [126] þína milligöngu að öðlast nokkurn skilning á gæzku hans og geta unnizt til að elska hann og þjóna honum.

Kristnum mönnum er skipað sem ljósberum á leið-inni til himna. Þeir eiga að endurvarpa yfir heiminn ljósinu, sem um þá leikur frá Kristi. Lífernir þeirra og skapgerð ætti að vera þannig, að aðrir fái af þeim rétta hugmynd um Krist og þjónustu hans.

Ef við erum fulltrúar Krists, ber okkur að láta á sjá, hversu hrífandi þjónusta hans er í rauninni. Kristnir menn, sem sveipa um sál sína myrkri og hryggð og kveina og kvarta, sýna öðrum ósanna mynd af Guði og kristilegu lífernir. Þeir láta í það skína, að Guði sé ekki þóknanlegt, að börn hans séu hamingjusöm, og þannig bera þeir ljúgvitni gegn okk-ar himneska föður.

Satan kann sér ekki læti, þegar hann getur leitt börn Guðs til vantrúar og örvæntingar. Hann fagnar, þegar hann sér okkur vantreysta Guði og draga í efa vilja hans og mátt til að frelsa okkur. Hann nýtur þess, er við trúum því, að Drottinn muni skaða okk-ur með forsjón sinni. Það er Satan, sem kemur því inn hjá mönnum, að Drottin skorti

á samúð og með-aumkun. Hann afbakar sannleikann um Drottin. Hann elur ímyndunaraflíð á röngum hugmyndum um Guð, og í stað þess að einbeita okkur að sannleikan-um um okkar himneska föður, bitum við of oft í okkur rangfærslur Satans og óvirðum Guð með því að vantreysta honum og mögla gegn honum. Satan leitast ævinlega við að gera trúarlífið ömurlegt. Hann

[127]

vill láta það virðast vera erilsamt og örðugt, og þeg-ar kristnir menn gefa með líferni sínu slíka mynd af trúnni, eru þeir með vantrú sinni að renna stoðum undir vélar Satans.

Margir eru þeir, sem á lífsleiðinni hafa hugann jafnan bundinn við mistök sín, yfirsjónir og von-brigði, og hjörtu þeirra eru full af sorg og hugleysi. Þegar ég var í Evrópu, skrifaði trúsystir mín ein, sem svona var ástatt fyrir. Hún var altekin örvæntingu og bað mig um uppörvun. Nóttina eftir að ég las bréf-ið frá henni dreymdi mig, að ég væri í garði einum, og maður, sem virtist vera eigandi garðsins, fylgdi mér um stíga hans. Ég var að tína blóm og naut ilms-ins af þeim, þegar þessi systir, sem gengið hatði mér við hlið, vakti athygli mína á nokkrum óásjálegum villirósum, sem voru þröskuldur í götu hennar. Þarna stóð hún vílandi og volandi. Hún gekk ekki stíginn, sem leiðsögumaðurinn vísaði, heldur meðal villirósa og þyrna. “Æ”, kveinaði hún. “Er það ekki ergilegt, að þessum fagra garði skuli vera spillt með þyrnum?” Þá sagði leiðsögumaðurinn: “Láttu þyrnana eiga sig, því að þeir munu aðeins særa þig. Tíndu heldur rós-irnar, liljurnar og nellikurnar.”

Hefurðu ekki lifað einhverjar glaðar stundir? Hef-ur þú enga dýrmæta lífsreynslu eignast, þegar hjarta þitt hefur bærzt af fögnuði, sem bergmálaði frá anda Guðs? Finnurðu ekki í það minnsta fáeinar fagnaðar-ríkar síður, þegar þú blaðar aftur á bak í bók lífs-reynslu þinnar? Eru ekki fyrirheit Guðs sem ilmandi

[128]

blóm, er vaxa á báðar hendur meðfram leið þinni? Ætlar þú ekki að láta fegurð þeirra og unað fylla hjarta þitt fögnuði?

Villirósirnar og þyrnarnir geta aðeins sært þig og hryggt, og ef þú hirðir ekki um annað og færir slíkt öðrum, ertu þá ekki, auk þess að forsmá gæzku Guðs í þinn garð, að leggja stein í götu annarra á braut lífsins?

Ekki er hyggilegt að við að sér öllum óskemmti-legum endurminningum frá liðinni ævi, syndum og vonbrigðum, ræða slíkt fram og aftur og harma, unz við erum yfirkomin af hugleysi. Sál sem

hefur látið hugfallast og er full af myrkri, lokar úti ljósið frá Guði og varpar skugga á leiðir annarra.

Þökkum Guði þær björtu myndir, sem hann hefur gefið okkur. Við skulum safna saman hinum blessuðu sönnunum um kærleika hans, svo að við megum sí-fellt hafa þær fyrir augum. Sonur Guðs fór frá há-stóli föður síns og klæddi guðlegt eðli sitt mannlegu gervi til þess að bjarga mönnunum undan valdi Sat-ans. Sigur hans í okkar þágu opnaði himnana fyrir mönnunum og opinberaði fyrir sjónum þeirra mót-tökustaðinn, þar sem guðdómurinn afhjúpar náð sína. Hinu synduga mannkyni var lyft upp úr rústunum, sem það hafði orðið undir, og komið á ný í samband við hinn eilífa Guð, og eftir að hafa staðizt hið guð-lega próf í trúnni á endurlausnara okkar,

[129] íklæðumst við réttlæti Krists og erum hafin upp að hástóli hans, slíkar eru myndirnar, sem Guð vill láta okkur hug-leiða.

Þegar við virðumst draga kærleika Guðs í efa og vantreysta fyrirheitum hans, bá vanvirðum við hann og hryggjum heilagan anda hans. Hversu mundi móður þykja, ef börnin hennar væru sífellt að kvarta við hana, rétt eins og hún vildi þeim ekki vel, þó að allri orku hennar um dagana hafi verið beitt þeim til framdráttar og meiri vellíðanar? Ef þau drægju ást hennar í efa, mundi hjarta hennar springa. Hvernig mundi þeim foreldrum líða, sem yrðu að sæta slíkri meðferð frá hendi barna sinna? Og hvernig álit getur okkar himneski faðir haft á okkur, ef við vantreyst-um kærleika hans, sem hefur þó knúið hann til að gefa okkur einkason sinn, svo að við mættum lífi halda? Postulinn skrifar: “Hann, sem ekki þyrmdi sínum eigin syni, heldur framseldi hann fyrir oss alla, hví skyldi hann ekki líka gefa oss allt með honum?” Hversu margir eru þeir þó ekki, sem í verkum sínum, ef ekki orðum, segja: “Drottinn á ekki við mig með þessu. Má vera, að hann elski aðra, en mig elskar hann ekki.”

Slíkt sem þetta er þinni eigin sál til tjóns, því að hvert efasemd-arorð, sem af vörum þínum kemur, býð-ur freistingum Satans heim. Þau styrkja í þér til-hneigingar til efahyggju og englar Guðs hryggj-ast og yfirgefa þig. Láttu ekki örla á efa eða myrkri, þeg-ar Satan freistar þín. Ef þú leggur eyra við brýn-ingum hans, mun hugur þinn fyllast vantrausti og uppreisnarkenndum spurningum. Ef þú talar um til-finningar þínar, mun hver efasemd, sem þú lætur í ljós, ekki einasta hrífa á sjálfan þig, heldur eru þær sæði, sem mun frjóvgast og bera ávöxt í lífi annarra, og það kann að reynast óvinnandi verk

[130]

að reisa skorð-ur við áhrifum orða þinna. Sjálfur kannst þú að komast yfir tímabil freistinganna og losna úr neti Satans, en aðrir, sem hafa bagnað fyrir áhrif frá þér, komast ef til vill aldrei undan oki trúleysisins, sem þú hefur lagt á þá. Það er því ósegjanlega áriðandi, að við segjum það eitt, sem veitir andlegan styrk og líf.

Englar hlusta á hvaða vitni þú berð fyrir heimin-um um þinn himneska meistara. Því skaltu ræða við aðra um hann, sem lifði til þess að koma þér í sátt við föðurinn. Þegar þú heilsar vini með handabandi, láttu þá lof Guðs vera þér á vörum og í hjarta. Það verður til þess að laða hugrenningar hans til Jesú.

Öllum mæta raunir, þungbærar sorgir og torstæð-ar freistingar. Rektu ekki raunir þínar fyrir með-bræðrum þínum, heldur skaltu fela þær Guði í bæn. Gerðu þér að reglu að mæla aldrei efa-eða æðruorð. Þú getur lagt mikið af mörkum til að gera bjartara yfir lífi annarra og styrk viðleitni þeirra með orðum vonar og heilagarar glaðværðar.

Margar hugprúðar sálir verða fyrir svo áköfum ásóknum freistinganna, að við liggur, að þær láti undan síga í baráttunni við sjálfar sig og mátt hins illa. Þá, sem þannig er ástatt hjá, skuluð þið örva með hugprúðum og vonglöðum orðum, sem fallin eru

[131]

til að styrkja þá í stríðinu. Þannig fær ljós Krists skinið frá ykkur. “Enginn af oss lifir sjálfum sér.” Fyrir óafvituð áhrif frá okkur geta aðrir öðlzt hvatn-ingu og styrk, eða þá misst kjarkinn og hrakizt frá Kristi og sannleikanum.

Margir ala rangar hugmyndir um líf og skapgerð Krists. Þeir hyggja hann hafa verið gersneyddan hlýju og birtu, og að hann hafi verið alvörugefinn, strangur og gleðivana. Íðulega er öll trúarreynslan meinguð þessum dapurlegu sjónarmiðum.

Oft er sagt, að Jesús hafi grátið, en enginn hafi nokkru sinni vitað til, að hann brosti. Vissulega var frelsari okkar harmkvælamaður og kunnugur þján-ingum, því að hann opnaði hjarta sitt allri mannlegri eynd. En andi hans lét ekki bugast, þótt hann lifði í sjálfsafneitun og í skugga af sársauka og áhyggjum. Svipur hans bar ekki merki sorgar né möglunar, held-ur friðsamrar alvörugefni. Hjarta hans var upp-spretta lífsins, og hvar sem hann fór, bar hann með sér hvíld og frið, gleði og fögnuð.

Frelsari okkar var mikill alvörumaður og sjálfum sér samkvæmur, en hann var aldrei þungbúinn eða afundinn. Líf þeirra, sem taka hann sér til fyrirmynd-ar, verður alvarlegt og stefnufast, þeir munu finna

[132] til mikillar ábyrgðartilfinningar. Léttúð verður haldið í skefjum, og ekki verður til að dreifa háværrí kæti né ruddalegri gamansemi. En trúin á Krist veitir frið, sem er áþekkastur fljóti. Hún slekkur ekki ljós gleð-innar, hún dregur ekki úr glaðværð né myrkvar bjart og brosmilt andlit. Kristur kom ekki til þess að láta þjóna sér, heldur til að þjóna sjálfur, og þegar kær-leiki hans ríkir í hjartanu, munum við fara að dæmi hans.

Ef okkur eru jafnan efstar í huga illar og ranglátar athafnir annarra, reynist okkur ókleift að elska þá eins og Kristur hefur elskað okkur. En staðnæmist hugsanir okkar við hina undursamlegu ást Krists og meðaumkun með okkur, mun sami andi streyma frá okkur til annarra. Okkur ber að elska og virða hvert annað, þrátt fyrir galla og ófullkomleika, sem við komumst ekki hjá að verða vör við. Leggja ber rækt við lítillæti og yfirlætisleysi, og umgangast ætti galla annarra með þolinmæði og umburðarlyndi. Slíkt er til þess fallið að eyða eigingirni og gera okkur hjarta-hlý og göfuglynd.

Sálmaskáldið segir: “Treyst Drottni og ger gott, bú þú í landinu og iðka ráðvendni.” “Treyst Drottni.” Hver dagur á sínar byrðar, áhyggjur og vandamál, og hversu tamt er okkur ekki, er við hittumst, að ræða erfiðleika okkar og vandamál. Svo margir aðfengnir örðugleikar þrengja sér inn á okkur, við ölum á svo margs konar ótta með okkur, látum í ljós svo afar-miklar áhyggjur, að ætla mætti, að við ættum engan líksaman og ástríkan frelsara, sem reiðubúinn er til að hlýða á allar bænir okkar og veita okkur hjálp, hjálp, hvenær sem að okkur þrengir.

[133] Sumir eru ávallt ótta slegnir og verða sér út um vandræði. Á hverjum degi eru þeir umkringdir

táknum um kærleika Guðs, og daglega njóta þeir nægta-gjafa forsjónar hans, en þeim sést yfir alla blessun-ina. Hugur þeirra er stöðugt bundinn við eitthvað ógeðfellt, sem þeir óttast að liggi í loftinu. Ef til vill er líka einhverjum erfiðleikum til að dreifa, sem blinda sjónir þeirra gagnvart því marga, sem þakka ber, þó að þeir séu smávægilegir. Erfiðleikarnir, sem þeir mæta, vekja þeim óróa og mögl og skilja þá frá Guði í stað þess að laða þá til Guðs, sem einn getur veitt þeim hjálp.

Breytum við nú rétt, þegar við erum svona van-trúuð? Hví skyldum við vera vanþakklát og sýna vantraust? Jesús er vinur okkar, og allur himinninn lætur sig velfarnað okkar varða. Við ættum ekki að

láta örðugleika og áhyggjur hvírsdagslifsins þjaka huga okkar og myrkva ásjónu okkar. Ef við gerum það, munum við ávallt hafa eitt-hvað til að vekja okkur ama og gremju. Við ættum ekki að ala með okkur áhyggjur, sem eru til þess eins fallnar að skap-rauna okkur og ergja, en hjálpa okkur ekki til að standast mótlætið.

Vera má að þú hafir við erfiðleika að glíma í starfi þínu, ef til vill fara horfurnar síversnandi hjá þér og stórtjón kann að vofa yfir þér. En láttu ekki hugfall-ast, varpa áhyggjum þínum á Guð og varðveittu still-ingu og glaðværð. Bið um vizku til að geta ráðið hyggilega fram úr vandamálum þínum, svo að þú fái afstýrt tjóni og voða. Ger allt, sem í þínu valdi stendur til þess að leiða allt til farsælla lykta. Jesús hefur

[134]

heitið aðstoð sinni, en ekki nema við leggjum okkur fram á móti. Þegar þú hefur svo gert allt, sem í þínu valdi stóð, í fullu trausti til hans, er okkur hjálpað, taktu þá úrslitunum með jafnaðargeði.

Guð vill ekki, að fólk hans sé þjakað af áhyggjum. En Drottinn blekkir okkur ekki. Hann segir ekki við okkur: “Óttizt ekki. Engar hættur eru á leið ykkar.” Hann veit, að þar bíða örðugleikar og hættur, og hann er hreinskiptinn við okkur. Hann kys ekki að taka fólk sitt burt úr syndugum heimi, en hann vísar því á óbrigðult athvarf. Bæn hans fyrir lærisveinun-um hljóðaði svo: “Ekki bið eg, að þú takir þá úr heiminum, heldur að þú varðveitir þá frá illu.” Þá segir hann og: “Í heiminum hafið þér þrenging, en verið hughraustir, eg hefi sigrað heiminn.”

Í fjallræðunni veitti Kristur lærisveinum sínum dýrmæta fræðslu um nauðsyn þess að treysta Guði. Þessi fræðsla var til þess ætluð að brýna börn Guðs á öllum öldum, og allt til okkar dags hefur hún veitt mönnum uppbyggingu og hugfró. Frelsarinn benti lærisveinum sínum á fugla himinsins, sem syngju lof-söngva sína án þess að íþyngja sér með áhyggjum, því að þeir “sá ekki né uppskera.” Og samt sér hinn mikli faðir fyrir þörfum þeirra. Frelsarinn spyr: “Eruð þér ekki miklu fremri en þeir?” Hin mikla for-sjón manna og dýra upplýkur hendi sinni og seður alia skepnu sína. Honum sést ekki yfir fugla himins-ins. Hann stingur að vísu ekki fæðunni í nef þeirra, en hann sér fyrir þörfum þeirra. Þeir verða að tína

[135]

upp kornin, sem hann stráir yfir þá. Þeir verða að draga að efnið í hreiðrin sín. Þeir verða að ala önn fyrir ungunum sínum. Þeir ganga syngjandi að störf-um sínum, því að “yðar himneski faðir elur

þá.” Og “eruð þér ekki miklu fremri en þeir?” Eruð þið, sem eruð skynsemigæddir og andlegir tilbiðjendur, ekki verðmætari en fuglar himinsins? Skyldi ekki höfund-ur tilveru okkar, sá sem varðveitir líf okkar og skóp okkur í sinni guðlegu mynd, sjá okkur fyrir þörfum okkar, ef við aðeins treystum honum?

Kristur benti lærisveinum sínum á liljur vallarins, sem vaxa í stórum breiðum og ljóma í sínum einfalda þokka, er hinn himneski faðir hefur gætt þær, sem tjáningu ástar hans á mönnunum. Hann sagði: “Gefið gaum að liljum vallarins, hversu þær vaxa.” Fegurð og yfirlætisleysi þessara vallarblóma ber langt af dýrð Salomons. Litskrúðugasti klæðnaður, framleidd-ur af mannlegri snilli, fær ekki staðizt samanburð við eðlisþokka og geislandi fegurð blómanna, sem Guð skapaði. Jesús spyr: “Fyrst Guð nú skrýðir svo gras vallarins, sem í dag stendur, en á morgun verður í ofn kastað, skyldi hann þá ekki miklu fremur klæða yður, þér lítiltrúaðir?” Fyrst Guð, hinn himneski listamað-ur, gefur blómunum, sem visna á einni dagsstund, hina dýrlegu og margbreytilegu liti, hversu miklu meiri umhyggju ber hann þá ekki fyrir þeim, sem skapaðir eru í hans eigin mynd? Þessari kenningu Krists er stefnt gegn áhyggjunum, ráðleysinu og efanum í trú-lausum hjörtum.

[136]

Drottinn vill, að allir synir hans og dætur séu ham-ingusöm, friðsöm og hlýðin. Jesús segir: “Minn frið gef eg yður; ekki gef eg yður eins og heimurinn gefur. Hjarta yðar skelfist ekki né hræðist.” “Þetta hef eg talað til yðar, til þess að fögnuður minn sé hjá yður og fögnuður yðar fullkomnist.”

Hamingja, sem leitað er eftir af eigingjörnum hvöt-um, utan vé-banda skyldunnar, er reikul, óstöðug og hverful. Hún gengur mönn-um úr greipum, og sálin fyllist einmanakennd og harmi. En í þjónust-unni við Guð er að finna fögnuð og fullnægju. Kristið fólk þarf ekki að vaða í villu, það er ekki ofurselt fánýtri iðrun og vonbrigðum. Ef hamingjan fellur okkur ekki í skaut í þessu lífi, þá getum við samt litið með fögn-uði til lífsins fyrir handan.

En jafnvel hérna megin geta kristnir menn glaðzt í samfélaginu við Krist. Þeir geta notið ljóss kær-leika hans og sífelldrar huggunar návistar hans. Við hvert fótímál okkar getum við færzt nær Jesús, kynnt kærleika hans nánar og komizt skrefi nær hinum blessuðu heimkynnum friðarins. Því skulum við ekki varpa frá okkur djörfung okkar, heldur vera óbifan-leg í traustinu, öflugri en nokkru sinni fyrr.

“Hingað til hefur Drottinn hjálpað oss”, og hann mun hjálpa okkur, unz yfir lýkur. Lítum á sjálfan grundvöllinn, sem minnir okkur á, hvað Drottinn hefur gert til að færa okkur huggn og frelsa okkur frá viðurstyggð eyðileggingarinnar. Geymum okkur vandlega í huga alla hina innilegu náð, sem Guð hefur auðsýnt okkur,

[137]

tárin, sem hann hefur þerrað, þjáningarnar, sem hann hefur linað, áhyggjurnar, sem hann hefur upprætt, óttann, sem hann hefur vísað á bug, skortinn, sem hann hefur bætt úr, blessunina, sem hann hefur veitt okkur, og á þann hátt eftt okkur til að horfast í augu við allt það, sem á leið okkar verður á ófarinni píla-grímögöngu.

Við komumst ekki hjá að sjá fram á nýja örðug-leika í baráttunni, sem í hönd fer, en við getum litið jafnt til þess, sem að baki er, og sem er fram undan, og sagt: “Hingað til hefur Drottinn hjálpað oss.” “Afl þitt réni eigi, fyrr en ævina þrýtur.” Raunirnar munu ekki verða meiri en þrekið, sem okkur er gefið til að standast þær. Því skulum við ganga að störfum okkar, hvar sem er, örugg í þeirri trú, að hvað sem á kunni að dynja, muni okkur gefast styrkur, sem samsvari erfiðleikunum, sem að hendi bera.

Innan skamms verður hliðum himnanna lokið upp fyrir börnum Guðs, og af vörum konungs dýrðarinn-ar mun blessunin hljóma í eyrum þeirra eins og un-aðlegasta tónlist: “Komið, þér hinir blessuðu föður míns, og takið að erfð ríkið, sem yður var fyrirbúið frá grundvöllun heims.”

Þá munu hinir frelsuðu boðnir velkomnir til heim-kynnanna, sem Jesús er að undirbúa þeim. Þar lenda þeir ekki í nábyli við spillingu jarðarinnar, lygara, hjáguðadýrkendur, sauruga og trúlausa, heldur munu þeir blanda geði við þá, sem hafa sigrazt á Satan og fyrir guðlega náð hefur tekizt að þroska með sér

[138]

fullkomna skapgerð. Hver syndsamleg tilhneiging og hver sá ófullkomleiki, sem lýtir þá hérna, hefur verið máður burt með blóði Krists, og þeir hafa öðlazt hlutdeild í ljóma og birtu dýrðar hans, sem langt ber af sólinni. Og siðferðileg fegurð hans, fullkomnun skapgerðar hans, ljómar af þeim, svo að það tekur hinni ytri dýrð fram. Þeir eru lýtalausir frammi fyrir hinum mikla, hvíta hástóli, hluttakendur í tign og réttindum englanna.

“Hvaða endurgjald mundi maður gefa fyrir sálu sína?” þegar hann hugleiðir hinn dýrlega arf, sem honum kann að falla í skaut. Vera má, að hann sé fátækur, og samt getur hann átt auð og göfgi,

sem heimurinn fær engum veitt. Sál, sem er frelsuð og hreinsuð af allri synd og helgar alla sína göfugu krafta þjónustu við Guð, er ómetanleg. Og það er fögnuður á himnum í návist Guðs og hinna heilögu engla yfir sérhverri sál, sem frelsast, fögnuður, sem tjáður er í helgum sigursöngvum.